



Borgarráð

### **Endurgerð Laugardalslaugar og tengdra mannvirkja**

Lagt er til að borgarráð veiti umhverfis- og skipulagssviði heimild til að efna til opinnar tveggja þrepa hönnunar- og framkvæmdasamkeppni um endurgerð Laugardalslaugar og tengdra mannvirkja samkvæmt meðfylgjandi forsögn/samkeppnislýsingu. Samkeppnin yrði haldin í samráði við Arkitektafélag Íslands. Skipuð verður dómnefnd sem semur samkeppnislýsingu, annast yfirferð tillagna og skilar niðurstöðum sínum til Reykjavíkurborgar. Áætlað er að niðurstaða dómnefndar geti legið fyrir um mitt ár 2023.

#### **Greinargerð:**

Í tengslum við vinnu forsagnarhóps um hönnunar- og framkvæmdarsamkeppni Laugardalslaugar og tengdra mannvirkja var ráðist í víðtækt íbúasamráð í samræmi við áherslur Reykjavíkurborgar um notendamiðaða hönnun. Æskilegt þótti að ná fram sjónarmiðum almennings og hagsmunaaðila um væntingar og framtíðarsýn fyrir endurbætur á sundlaugarmannvirki og þeirri þjónustu sem bjóða mætti upp á.

Leitað var eftir hugmyndum almennings með ýmsum hætti. Farið var í vefumræðuborð Maskínu, hugmyndasöfnun meðal gesta Laugardalslaugar, nýtt var samráðsgáttin Betri Reykjavík, auk þess var hægt að senda tillögur á netfangið hugmynd@itr.is. Auk þess leitaði forsagnarhópurinn til ýmissa hagsmunaaðila við gerð forsagnarinnar. Unnið hefur verið úr þeim hugmyndum sem bárust og verða þær hluti samkeppnisgagna og munu hafa afgerandi áhrif þar sem keppendur verða hvattir til að horfa til þeirra hugmynda sem fram hafa komið við tillögugerð sína. Ljóst er á þeim hugmyndum sem bárust að Laugardalslaug er mörgum mjög kær og að varlega þurfi að fara í allar breytingar. Það kemur sterklega í ljós hverjar óskir almennings eru því sömu atriði eru nefnd ítrekað. Má þar m.a. nefna veitingasölu, rennibrautir af öllum stærðum og gerðum ásamt yfirbyggðu svæði fyrir yngstu börnin. Stúkan kom gjarnan við sögu og voru flestar hugmyndir þar tengdar gróðri, sólbaðsaðstöðu og ýmissi starfsemi tengd veitingum, tónleikahaldi og einnig nefnt til sögunnar jóga og hugleiðsla.

Í gildi er deiliskipulag svæðisins sem samþykkt var í borgarráði 19. október 2000 með síðari breytingum. Niðurstaða samkeppninnar kann að hafa breytingar á því skipulagi í för með sér. Unnið er að heildarsýn á skipulagi Laugardals, mannvirkja og útivistarsvæða á öðrum vettvangi.

Endurgerð mannvirkja verði umhverfisvottaðar í samræmi við áherslur græna plansins og umhverfisstaðalinn BREEAM refurbishment,



Reykjavíkurborg

Hugsanlega má skipta framkvæmd verkefnisins í tvo áfanga, endurgerð sundlauga, sundlaugakerfa og sundlaugagarðs annars vegar og hinsvegar endurhönnun stúkumannvirkis. Brýnt er að fara í endurgerð sundlauga og tækniakerfa sem þyrfti að forgangsraða í framkvæmd. Endanleg stærð mannvirkja mun ráðast af þeirri tillögu sem valin verður til framkvæmdar en heildarflatarmál núverandi mannvirkja er um 5.000 fermetrar, lóðarinnar 22.150 fermetrar og laugarsvæðis um 8.500 fermetrar.

Dagur B. Eggertsson  
borgarstjóri

Hjálagt:

Laugardalslaug - Endurgerð Laugardalslaugar og tengdra mannvirkja- forsögn/samkeppnislýsing, dags. júní 2022

Heildarskipulag laugardals uppdráttur og skilmálar

[http://lukrskjol.reykjavik.is/skipulagssja/upplýsingar/DSK\\_PDF\\_SKILMALAR/Laugardalur\\_vesturhluti\\_19\\_09\\_2000\\_S.pdf](http://lukrskjol.reykjavik.is/skipulagssja/upplýsingar/DSK_PDF_SKILMALAR/Laugardalur_vesturhluti_19_09_2000_S.pdf)

[https://lukrskjol.reykjavik.is/skipulagssja/upplýsingar/DSK\\_PDF/Laugardalur\\_vesturhluti\\_19\\_09\\_2000.pdf](https://lukrskjol.reykjavik.is/skipulagssja/upplýsingar/DSK_PDF/Laugardalur_vesturhluti_19_09_2000.pdf)  
2021-12\_28\_RKV-Sundlaugar-Vefumræðuborð-Maskínuskýrsla

Hugmyndasöfnun um endurgerð Laugardalslaugar - samantekt

# Laugardalslaug

Endurgerð Laugardalslaugar og tengdra mannvirkja

Forsögn / Keppnislýsing



Umhverfis- og skipulagssvið

Íþrótt- og tómstundasvið

Borgartúni 12-14

105 Reykjavík

Júní 2022

## Efnisyfirlit

1.	Kynning .....	3
1.1	Verkkaupi.....	3
1.2	Aðdragandi .....	3
1.3	Sjónarmið dórnefndar .....	3
1.4	Tegund og tilhögun samkeppninnar.....	3
1.5	Greiðslur og verðlaun .....	4
1.6	Kostnaðarviðmiðun .....	5
1.7	Hugmyndagátt – Notendasamráð .....	5
1.8	Vistvæn hönnun .....	6
1.9	BIM .....	6
1.10	Tungumál.....	6
1.11	Lykildagsetningar.....	6
2.	Lýsing verkefnis .....	7
2.1	Almenn atriði.....	7
2.2	Markmið .....	7
2.3	Framtíðarsýn .....	8
2.4	Keppnissvæðið.....	9
2.5	Menningarsögulegt gildi.....	9
2.6	Núverandi mannvirki og sundlaugargarður.....	9
2.7	Húsrýmisáætlun .....	11
3.	Tæknileg tilhögun samkeppninnar – .....	15

# 1. Kynning

## 1.1 Verkkaupi

Umhverfis- og skipulagssvið og Íþrótt- og tómstundasvið Reykjavíkurborgar efna til opinnar samkeppni um endurgerð Laugardalslaugar og tengdra mannvirkja, samkvæmt keppnislýsingu þessari, gildandi samkeppnisreglum Arkitektafélags Íslands, auk laga um opinber innkaup og innkaupareglur Reykjavíkurborgar eftir því sem við á.

## 1.2 Aðdragandi

Á fundi borgarráðs þann 06.05.21 voru drög að erindisbréfi borgarstjóra samþykkt þess efnis að hefja undirbúning hönnunar- og framkvæmdarsamkeppni um endurgerð Laugardalslaugar og tengdra mannvirkja.

Á grundvelli samkeppninnar verði valin tillaga og hugmyndir til áframhaldandi hönnunar og framkvæmda.

Forsagnarhópur var skipaður í kjölfarið og helstu verkefni hans voru:

- Forsögn og undirbúningur hönnunar- og framkvæmdarsamkeppni
- Skilgreining keppnislýsingar og framsetning kynningarefnis
- Hagsmunaaðilagreining
- Áhættugreining

Starfshópurinn skipa:

Ósk Soffía Valtýsdóttir, formaður, umhverfis- og skipulagssvið

Kristjana Ósk Birgisdóttir, umhverfis- og skipulagssvið

Jón Valgeir Björnsson, eignaskrifstofa

Pálína Magnúsdóttir, menningar- og ferðamálasvið

Steinþór Einarsson, íþrótt- og tómstundasvið

Sólveig Valgeirsdóttir, íþrótt- og tómstundasvið

Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:

Pála Minný Rikharðsdóttir, umhverfis- og skipulagssvið

Ráðgjafar Hópsins:

Árni Jónsson, forstöðumaður Laugardalslaugar

Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir, deildarstjóri miðlunar og nýsköpunar á Borgarbókasafni

Pétur H. Ármannson, arkitekt og sviðsstjóri Minjastofnunar Íslands

Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir, Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

## 1.3 Sjónarmið dómnefndar

Eftirtalin atriði vega þungt við mat dómnefndar á samkeppnistillögum. *Kemur frá dómnefnd.*

## 1.4 Tegund og tilhögun samkeppninnar

Samkeppnin er 2 þrepa hönnunar- og framkvæmdarsamkeppni þar sem leitað er að heildarlausn mannvirkja Laugardalslaugar og sundlaugargarðs. Keppendur setji fram hugmyndir sínar um lausn viðfangsefnisins í samræmi við keppnislýsingu þessa. Gert er ráð fyrir að gengið verði til samninga

við vinningshafa úr öðru þrepi samkeppninnar. Verkkaupi áskilur sér rétt til að verðlauna og ganga til samninga við fleiri en eitt teymi ef niðurstöður samkeppninnar gefa tilefni til.

Í lok fyrra þreps velur dómnefnd allt að fimm tillögur til frekari úrvinnslu í seinna þrepi samkeppninnar. Keppendur sem valdir verða til þátttöku í seinna þrepi fá í hendur álit og umsögn dómnefndar, en nafnleynd verður ekki rofin fyrr en lokið verður við að dæma seinna þrep keppninnar. Seinna þrepið er framkvæmdakeppni valinna tillagna úr fyrra þrepi, keppendur fá sértækar umsagnir dómnefndar hvað varðar viðkomandi tillögur.

Óskað verður eftir hugmyndum um sundlaugina, sundlaugargarð og tengd mannvirki. Forsagnarhópurinn hefur skilgreint þær þarfir sem snúa að endurgerð sundlaugarsvæðis s.s. sundlaugar, potta, böð, klefa, rennibrautir með aðgengi fyrir hreyfihamlaða einstaklinga, útiklefa, sérklefa, útisvæðis ásamt leiktækjum o.fl. Ástand og menningarsögulegt gildi stúkunnar sbr. ástandsskýrslu og álit Minjastofnunar liggur fyrir eins og fram kemur í samkeppnisgögnum.

Stefnt er að því að Laugardalslaug ásamt stúkumannvirki og útisvæðum verði lýðheilsu- og menningarmiðstöð. Samkomustaður í víðum skilningi þar sem ólík starfsemi fléttast saman og áhersla er lögð á góða þjónustu við almenning.

Reykjavíkurborg hefur notendamiðaða hönnun að leiðarljósi við að ná fram sjónarmiðum almennings um væntingar og framtíðarsýn fyrir endurbætur á sundlaugarmannvirkinu og þeirri þjónustu sem bjóða má upp á.

Sér til innblásturs við hönnun tillögunnar er keppendum bent á hugmyndaleit, sjá kafla 1.7, sem Reykjavíkurborg efndi til á meðan að vinnsla þessarar samkeppnislýsingar stóð.

1. Í fyrra þrepi samkeppninnar er lögð áhersla á:
  - Samræmi tengdra mannvirkja og hugmyndafræði um framtíðarnýtingu þeirra með bætta lýðheilsu og heilsueflandi samfélag að leiðarljósi.
  - Sundlaugagarð, notkun og tengingar við aðrar byggingar og starfsemi.
2. Í seinna þrepi samkeppninnar er lögð áhersla á:
  - Ítarlegri hönnun á byggingum, tengingu þeirra og umhverfi,
  - Útfæra hugmyndir um þjónustu og starfsemi sem önnur mannvirki þjóna

Áfangaskiptingu: Sundlaugina og endurbætur á henni skulu verða í forgrunni í áfangaskiptingu þar sem endurbætur á henni eru aðkallandi.

### 1.5 Greiðslur og verðlaun

Engin verðlaun verða veitt fyrir þátttöku í 1. þrepi en valin verða fimm verkefni til þátttöku í öðru þrepi samkvæmt nánari skilgreiningu í keppnislýsingu. Hverju teymi sem valið verður til þátttöku í öðru þrepi verða greiddar 5 milljónir ísl. kr. + vsk. til frekari útfærslu tillagna sinna samkvæmt nánari skilgreiningu í keppnislýsingu. Auk þess verða veitt 1. verðlaun 5 milljónir + vsk. Gert er ráð fyrir að vinningshafi verði í framhaldinu ráðinn til að fullvinna verkið, hönnun, forgang viðhaldsverkefna, gerð framvindu- og framkvæmdaáætlun ásamt kostnaðargreiningu í samvinnu við svið borgarinnar.

## 1.6 Kostnaðarviðmiðun

Dómnefnd áskilur sér rétt að láta ráðgjafa sína á Umhverfis- og skipulagssviði kostnaðarmeta tillögurnar.

## 1.7 Hugmyndagátt – Notendasamráð

Reykjavíkurborg vinnur eftir notendamiðaðri hönnun. Æskilegt er að ná fram sjónarmiðum almennings og hagsmunaaðila um væntingar og framtíðarsýn fyrir endurbætur á sundlaugarmannvirki og þeirri þjónustu sem bjóða megi upp á. Leitað var eftir hugmyndum almennings með ýmsum hætti. Farið var í vefumræðuborð Maskínu, hugmyndasöfnun meðal gesta Laugardalslaugar, nýtt var samráðsgáttin Betri Reykjavík, auk þess var hægt að senda tillögur á netfangið [hugmynd@itr.is](mailto:hugmynd@itr.is). Einnig leitaði forsagnarhópurinn til ýmissa hagsmunaaðila við gerð samkeppnislýsingarinnar.

### 1.7.1 Vefumræðuborð

Maskínu var falið að framkvæma notendakönnun á viðhorfi almennings í samstarfi við forsagnarhóp.

Maskína sá um boðun í vefumræðuborðið og komu þátttakendur úr Þjóðgátt Maskínu, en í henni eru einstaklingar sem valdir eru með tilviljun úr Þjóðskrá (í. Þjóðhópur, e. panel). Í Þjóðgáttinni er fjöldi einstaklinga 18 ára og eldri af öllu landinu en Maskína boðaði fólk búsett í hverfum 104, 105 og 108 til þátttöku í vefumræðuborðinu. Leitast var við að boða sem jafnast hlutfall þátttakenda sem eiga börn og/eða unglunga sem og aðra.

Fimmtíu þátttakendur voru boðaðir í vefumræðuborðið en fjörutíu svöruðu einni spurningu eða fleiri. Þátttakendur voru allir eldri en 18 ára búsettir í hverfum 104, 105 og 108.

Áhugaverðar niðurstöður komu út úr vefumræðuborði notendakönnunar og eru niðurstöðurnar aðgengilegar sem hluti af samkeppnisgögnum. Áberandi var hve mikill samhljómur var um ákveðin málefni. Til að mynda þá þjónustu sem mætti bjóða upp á við sundlaugar, þar á meðal bókasafn, listasafn, kaffihús, veitingasölu og almenningsgarða.

### 1.7.2 Hugmyndasöfnun í Laugardalslaug

Settur var upp hugmyndabás með hugmyndakassa í anddyri Laugardalslaugar þar sem gestir laugarinnar gátu komið tillögum sínum á framfæri. Alls bárust 974 hugmyndir í kassann. Settir voru upp tveir skjáir með nánari upplýsingum um verkefnið með sýnishornum af innkomnum hugmyndum. Auk þess var hægt að senda inn hugmyndir á tölvupóstfangið [hugmynd@itr.is](mailto:hugmynd@itr.is) og voru 34 hugmyndir sendar inn. Innkomnar hugmyndir eru hluti af ítargögnum. Samstarf var við valin frístundaheimili í hverfinu þar sem börn í 1. – 4. bekk komu fram með hugmyndir sýnar um framtíðarsýn þeirra á Laugardalslaug. Samfélagsmiðlar Laugardalslaugar voru nýttir til upplýsingar og kynningar til almennings.

### 1.7.3 Hugmyndasöfnun í gegnum Betri Reykjavík

Búin var til vefsíða með upplýsingum um verkefnið og opnað fyrir hugmyndsöfnun á samráðsgáttinni Betri Reykjavík. Þar gafst fólki tækifæri á að koma sínum hugmyndum á framfæri á þremur tungumálum þar sem opið var fyrir hugmyndasöfnun í 4 vikur. Alls bárust 116 hugmyndir ásamt mörgum athugasemdum við hverja hugmynd. Hugmyndir eru aðgengilegar á vefslóð Betri Reykjavík, <https://www.betrireykjavik.is/community/4062>



#### 1.7.4 Hagsmunaaðilar

Markviss kynning var til hagsmunaaðila um þær leiðir sem hægt væri að fara í söfnun hugmynda og fóru tölvupóstar meðal annars á Sundsamband Íslands, starfsfólk Laugardalslaugar, íbúaráð, sundkennara í grunnskólum og íþróttafélög sem eru með æfingaraðstöðu í Laugardalslaug. Frekari hagsmunaaðilagreining fer fram á hönnunarstiginu. Auk þess sem leitað var hugmynda borgarbúa, sjá kafla 1.7.1-1.7.3.

#### 1.8 Vistvæn hönnun

Mikilvægt er að öll hönnun og úrbætur taki tilliti til umhverfisvænna lausna og viðmiða. Áhersla verði lögð á endurnýtingu og sjálfbærni í samræmi við hugmyndafræði Græna plansins. Endurgerð Laugardalslaugar verður umhverfisvottuð út frá „BREEAM Refurbishment“ og skal standast kröfur um græna fjármögnun. Sjá má meira um Græna planið inn á <https://graenaplanid.reykjavik.is/>

#### 1.9 BIM

Í endanlegri hönnun hússins að samkeppni lokinni er gerð krafa um að gögn skuli gerð í byggingarupplýsingamódeli. Það skal uppbyggt í samræmi við byggingarflokkunarkerfi Reykjavíkurborgar, sé hæft til magntöku og kostnaðaráætla. Líkanið skal afhent Reykjavíkurborg í endanlegri mynd.

#### 1.10 Tungumál

Tungumál þessarar samkeppni er íslenska. Allur texti innsendra tillagna skal vera á íslensku.

#### 1.11 Lykildagsetningar

*Eftirfarandi verður fyllt út af dómnefnd/forsagnarhóp í framhaldi af samþykki borgarráðs*

Samkeppnin auglýst:

Vettvangsheimsókn:

Skilafrestur fyrirspurna:

Svör við fyrirspurnum:

Skilafrestur tillagna fyrsta áfanga:

Skilafrestur fyrirspurna:

Svör við fyrirspurnum:

Skilafrestur tillagna annars áfanga:

Niðurstaða dómnefndar:



## 2. Lýsing verkefnis

### 2.1 Almenn atriði

Á Íslandi er mikil og rótgróin sundmenning. Laugarnar skipa stóran sess í lífsgæðum Íslendinga og er sundmenning hér á landi ólík því sem gerist víða annars staðar í heiminum. Nóg er af heitum uppsprettum á Íslandi og til forna voru laugarnar við uppspretturnar sjálfar en í dag er heitu vatn veitt í sundlaugarnar. Sundlaugarnar og heitu pottarnir, sem kalla mætti séríslenskt fyrirbæri, eru miðstöðvar heilsuræktar og afþreyingar. Fólk stundar laugarnar bæði í heilsueflandi tilgangi jafnt sem félagslegum og margir myndu kalla sundlaugarnar félagsmiðstöðvar Íslendinga en þar hittist fólk í öllum veðrum og vindum.

Arkitektar Laugardalslaugar og tengdra mannvirkja eru Einar Sveinsson, Bjarni Konráðsson, Jes Einar Þorsteinsson og Ari Már Lúðvíksson. Árið 1958 var hafist handa við að byggja Laugardalslaugin rétt sunnan við Sundlaugaveg. Sundlaugin var tekin í notkun 1. júní 1968. Byrjað var á nýrri bað- og búningsaðstöðu árið 1981 og var viðbyggingin tekin í notkun árið 1986. Árið 1998 var haldin samkeppni um yfirbyggða 50 metra keppnislaug sem tekin var í notkun árið 2005.

Laugardalslaug er ein af átta almenningssundlaugum borgarinnar, sem reknar eru af íþrótt- og tómstundasviði Reykjavíkur. Í þjónustu sundlauga birtist mjög vel sá þáttur í menningu borgarbúa sem við tengjum við heilbrigða lífshætti og þau náttúrugæði sem fólgin eru í heitu vatni og nýtingu jarðvarma. Laugardalslaug er stærst lauganna í Reykjavík staðsetning og stærð laugarinnar gerir hana að meiru en hverfislaug og því nýtur hún mikillar sérstöðu. Heildarfjöldi sundgesta fyrir Covid-19 í Reykjavík var um 2.3 milljónir gesta á ári, þar af um 750 þúsund í Laugardalslaug. Gera þarf ráð fyrir töluverðri fjölgun gesta vegna endurbótanna, fjölgun ferðamanna og almennar fólksfjölgunar. Laugin er jafnframt nýtt fyrir skólasund af grunnskólum Reykjavíkurborgar, framhalds- og háskólum ásamt æfingum íþróttafélaga og Sundsambands. Aðstaða til kennslu og æfinga yngri barna í Laugardalslaug er í 50m innilauginni en hentar illa og kallar á nýja aðstöðu.

### 2.2 Markmið

Sundmenning okkar einkennist af öruggu rými þar sem allir eru velkomnir óháð þjóðfélagsstöðu, aldri, kyni eða þjóðerni, þar sem leitað er leiða til að jafna aðstöðumun hvað varðar aðgengi og tækifæri til þátttöku í lýðræðissamfélagi. Leitað er eftir framsæknum og nýstárlegum hugmyndum að endurgerð og uppbyggingu Laugardalslaugar, tengdra mannvirkja og sundlaugargarðs. Leitast er við að svæðið í heild sinni styrki starfsemina og markmið Reykjavíkurborgar um heilsueflandi samfélag. Þannig verður hlutverk laugarinnar og mannvirkja hennar undirstrikað sem miðstöð lýðheilsu, sundíþróttar, sundkennslu, vellíðunar og vatnsleikja fyrir börn, fjölskyldur og fólk á öllum aldri. Auk þessa verður Laugardalslaugin lifandi menningar- og samfélagsvettvangur. Stúka Laugardalslaugar er eitt af helstu kennileitum borgarinnar og gert er ráð fyrir að viðhalda í meginatriðum útliti eldri mannvirkja, þó einnig verði kallað eftir þróun og aukinni notkun stúkumannvirkis í heild sinni. Benda má á vannýtt svæði í kjallara stúkubyggingar, norðurhluta hennar auk gömlu afgreiðslunnar í aðalbyggingu.

Óskað er eftir hugmyndum að skapandi samfélagsrýmum sem stuðla að betri lýðheilsu og samfélagslegri virkni. Fyrir þau rými er ekki eiginleg húsrýmisáætlun heldur er keppendum bent á að hafa hliðsjón að hugmyndaleit varðandi útfærslu og notkun, sjá kafla 1.7 og ítarefni.

Markmið með samkeppninni eru:

- Efla og styðja við lýðheilsu íbúa í sinni víðustu mynd með því að Laugardalslaugin, eldri mannvirki og umhverfi verði vettvangur fyrir einstaklinga og fjölskyldur til að koma saman, styrkja félagstengsl, stuðla að bættri andlegri og líkamlegri heilsu og draga úr félagslegri einangrun.
- Ná fram áhugaverðum hugmyndum um nýtingu stúku og tengdra mannvirkja. Stúkuna þarf að endurhugsa hvað varðar nýtingu og samlegðaráhrif þannig að hún verði áfram það sterka kennileiti sem hún er en geti jafnframt verið vettvangur nýrra tíma og hugmynda í þágu borgarbúa.
- Ná fram skýrri áfangaskiptingu og forgangsröðun verkefna (brýn viðhaldsverkefni fyrst, tímalína og heildarsýn fyrir verkefnið).
- Að endurgerð Laugardalslaug verði hjarta hverfisins þar sem fólk vill verja deginum, synda, njóta menningar, samveru, afþreyingar og gæða sér á veitingum.
- Að hönnuðir kynni sér vel þær tillögur sem upp komu í hugmyndaleit að undangenginni samkeppni, sjá kafla 1.7 og ítarefni.
- Að samkeppni lokinni skal haft samráð við notendur um nánari útfærslu tillögunnar.
- Að það verði lögð sérstök áhersla á umhverfissjónarmið og algilda hönnun, bæði hvað varðar húsnaði, aðgengi að útisvæði og tækjum til afþreyingar.

### 2.3 Framtíðarsýn

Framtíðarsýn byggir á að Laugardalslaug verði meira en bara sundlaug og þróist yfir í að vera lýðheilsu, samfélags- og menningarmiðstöð hverfisins, allra borgarbúa og gesta hennar. Framtíðarsýn þessi hefur lengi verið í mótun. Meðal annars var gefið út heftið „Laugarnar í Reykjavík: Framtíðarsýn til 20 ára“ sem unnin var af starfshóp um sundlaugar Reykjavíkur og var afrakstur vinnu hópsins þess efnis. Framtíðarsýn fyrir Laugardalslaug tekur mið af yfirlýstum stefnum Reykjavíkurborgar um íþróttir, lýðheilsu og menningarmál, sjá ítarefni.

Framtíðarsýn fyrir Laugardalslaug, eldri byggingar og umhverfi:

- Að Laugardalslaug sé ætluð öllum, þar eiga allir aldurshópar að geta notið sín, iðkað sund, leikið sér eða notið þeirrar vellíðanar og fjölbreyttra valkosta sem svæðið, þjónustan og aðstaðan býður upp á.
- Að til verði sannkölluð miðstöð lýðheilsu, samfélags og menningar í hverfinu með fjölbreytta þjónustu og aðstöðu fyrir íbúa Reykjavíkur og gesti hennar.
- Að í Laugardalslaug verði sérstök áhersla á aðstöðu fyrir börn, ungmenni og fjölskyldur.
- Að stúkumannvirkið verði áfram sterkt kennileiti og í henni og í eldri mannvirkjum verði til ný upplifun og þjónusta fyrir almenning.

## 2.4 Keppnissvæðið

Laugardalslaug er staðsett í Laugardal, miðstöð íþróttar og útivistar, í miðri höfuðborginni. Flatarmál lóðarinnar er 22,150m<sup>2</sup> og Laugarsvæðið er um 8.500 fermetrar. Lóðin sem liggur næst sundlaugargarðinum er í dag nýtt sem tjaldstæði fyrir húsbíla, fellihýsi og færanleg smáhýsi.

Krefjist hönnun þess eru keppendur ekki bundnir af gildandi deiliskipulagi sem samþykkt var í borgarráði 19.10.2000 með síðari breytingum.

Unnið er að heildarsýn á skipulagi Laugardals, mannvirkja og útivistarsvæða á öðrum vettvangi.

## 2.5 Menningarsögulegt gildi

Leitað var álitis Minjastofnunar varðandi mannvirki Laugardalslaugar. Eftirfarandi texti er tekinn úr svari Minjastofnunar við erindinu:

*Mannvirkin hafa enn ekki náð þeim aldri að falla undir verndunarákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012. Engu að síður hafa þau hátt varðveislugildi að mati Minjastofnunar Íslands og þau ber hiklaust að varðveita, enda töluvert svigrúm til jákvæðra breytinga innan þess ramma sem fyrir er.*

*Stúkan og laugin hafa menningarsögulegt gildi sem vitnisburður um þann stórhug og metnað sem borgaryfirvöld þess tíma lögðu í íþróttamannvirki, sem áttu að geta uppfyllt ýtrustu kröfur um alþjóðleg sundmót.*

*Áhorfendastúkan hefur jafnframt mikið umhverfisgildi sem kennileiti í borgarlandslaginu í og við íþróttar- og útivistarsvæðið í Laugardal.*

*Einnig er stúkumannvirkið sérstakt og í raun einstakt frá sjónarhóli byggingarlistar, ekki síst steinsteypt burðargrind þess sem er veigamikill þáttur í hönnun ytra útlits.*

*Aðlögun stúkunnar að breyttu hlutverki ber því að nálgast af skilningi og virðingu fyrir byggingarlistarlegum sérkennum mannvirkisins og tíðaranda 7. áratugarins.*

*Sama á við um ýmis atriði í lauginni, svo sem bogabrána milli lauganna tveggja og heitu pottana upp við stúkuhúsið.*

## 2.6 Núverandi mannvirki og sundlaugargarður

Endurbætur á Laugardalslaug hafa átt sér stað yfir langan tíma og ber yfirbragð svæðisins þess merki, því er markmið samkeppninnar að fá fram heildstæða mynd af sundlaugarsvæðinu.

### 2.6.1 Aðalbygging

Aðalbygging var tekin í notkun árið 1986 og voru búningasklefar og afgreiðsla þá færð úr stúkumannvirki yfir í aðalbyggingu. Auk þess er þar munageymsla, veitingasala og æfingasalir í kjallara. Aðstaða starfsfólks t.a.m skrifstofur, fundarherbergi og búningasklefar eru einnig í aðalbyggingu. Búningasklefar í aðalbyggingu í þeirri mynd sem þeir eru í dag voru gerðir upp árið 2012. Þegar innlaugin var tekin í notkun árið 2005 var afgreiðslan færð í nýja byggingu þar sem hún er staðsett í dag. Aðstaðan sem áður hýsti afgreiðslu er nú nýtt sem inngangur fyrir skólasund. Heildarflatarmál bygginga er 5000m<sup>2</sup>.

### 2.6.2 Stúkumannvirki

Í stúku er aðstaða starfsfólks með sér inngangi ásamt sjúkraherbergi, eimbaði, nuddstofu, dælustöð og spennustöð. Stúkumannvirkið var tekið í notkun árið 1968 og hýsti þá alla starfsemi tengda sundlaug.

### 2.6.3 Útibúningsklefar

Núverandi útibúningsklefar eru í byggingu við enda sundlaugargarðs. Gera má ráð fyrir að rífa þurfi þessa byggingu og finna útibúningsklefum og útigeymslum nýjan stað.

### 2.6.4 Aðallaug

50m á lengd og 22m á breidd og hefur 8 brautir. Mesta dýpi laugar er 1,76m og minnsta dýpi er 0,8m.

### 2.6.5 Innilaug

Ólympísk keppnislaug, 50m á lengd og 25m á breidd. Dýpi laugar er 2m.

### 2.6.6 Barnalaug

Laugin er 35m þar sem hún er lengst og 30m þar sem hún er breiðust. Laugin er um 600m<sup>2</sup> og er 0,8m djúp. Þrautabraut er í horni barnalaugar.

### 2.6.7 Vaðlaug

30m<sup>2</sup> að flatarmáli og þvermál laugar er 4,5m. Mesta dýpi laugar er 0,4m og minnsta dýpi er 0,0m.

### 2.6.8 Iðulaug

Steinapotturinn, 30m<sup>2</sup> að flatarmáli.

### 2.6.9 Heitir pottar

Þrír heitir pottar með mismunandi hitastigi. Hver þeirra er 7m<sup>2</sup> að flatarmáli.

### 2.6.10 Kaldur pottur

Einn kaldur pottur, 7m<sup>2</sup> að flatarmáli.

### 2.6.11 Sjópottur

20m<sup>2</sup> að flatarmáli. Potturinn er með sjó sem kemur úr borholu Orkuveitu Reykjavíkur við Laugarnes og er sjórinn hitaður upp í 40° áður en hann fer í pottinn.

### 2.6.12 Eimbað

Eitt eimbað, 18m<sup>2</sup> að flatarmáli og er staðsett á fyrstu hæð stúkumannvirkis.

### 2.6.13 Rennibrautir

Rennibrautir laugarinnar eru þrjár talsins. Stærri brautin er 8m á hæð og 84m að lengd. Tvær minni brautir eru við barnalaug og eru 2m á hæð.

### 2.6.14 Strandblakvellir

Tveir strandblakvellir í fullri stærð eru í garðinum og eru 896m<sup>2</sup> að flatarmáli. Núverandi staðsetning blakvalla er ekki bindandi.

### 2.6.15 Hreystibraut

Hreystibrautin í garðinum er 360m<sup>2</sup> að flatarmáli. Til skoðunar hefur verið að færa hreystibraut út fyrir lóð sundlaugar og er núverandi staðsetning brautarinnar ekki bindandi.





Loftmynd með kaflanúmerum til skýringar.

## 2.7 Húsrýmisáætlun

### 2.7.1 Aðgengismál

Mikil áhersla er á að öll mannvirki og garðurinn í heild sé aðgengilegur öllum gestum laugarinnar með algilda hönnun að leiðarljósi og skulu endurbætur núverandi mannvirkja miða að því. Með endurbótum þarf að bæta úr aðgengismálum núverandi mannvirkja.

### 2.7.2 Aðalbygging

Aðalbygging má halda sér í núverandi mynd en huga þarf að samnýtingu og samlegðaráhrifum við hönnun á endurgerð Laugardalslaugar og tengdra mannvirkja. Kjósi keppendur að breyta núverandi tilhögun í aðalbyggingu er mikilvægt að tillagan geri ráð fyrir þeim rýmum í nýrri hönnun.

### 2.7.3 Stúkumannvirki

Óskað er eftir hugmyndum að nýtingu stúkumannvirkis. Stúkan er helsta kennileiti Laugardalslaugar en hún virkar einnig sem vindbrjótur og gefur aukið skjól fyrir laugargesti. Á þeim ríflega fimm áratugum sem liðnir eru frá byggingu stúkunnar hafa komið fram skemmdir

á mannvirkinu en samkvæmt skýrslu sem unnin var árið 2020 (sjá ítarefni) leiddu prófanir í ljós að þrátt fyrir umtalsverða sprungumyndun er þrýstistyrkur steypu í samræmi við forsendur þáverandi hönnunar.

#### 2.7.4 Útilaug

Núverandi laugaker er ónýtt og þarfnast endurgerðar. Ný útilaug skal vera 50m á lengd og hafa að minnsta kosti 8 brautir. Keppendur eru ekki bundnir við núverandi staðsetningu laugar.

#### 2.7.5 Barnalaug

Núverandi laugaker barnalaugar er ónýtt. Gera þarf nýja barnalaug að hluta til yfirbyggða sem nýtist sem leiklaug og fyrir kennslu og æfingar yngstu barnanna. Góð tenging þarf að vera á milli búningsklefa, laugar og útsvæðis. Gera skal ráð fyrir aðstöðu fyrir kennara og þjálfara með yfirsýn yfir kennslusvæðið.

#### 2.7.6 Vaðlaugar

Æskilegt er að fjölga vaðlaugum í tengslum við leiktæki, rennibrautir og lendingarlaug. Ein vaðlaug skal að vera innandyra í tengslum við barnalaug. Vaðlaug úti má vera hluti af pottasvæði eða standa sér. Vaðlaug skal þjóna sem leiksvæði fyrir börn með viðeigandi leiktækjum og búnaði.

#### 2.7.7 Rennibraut

Byggja þarf nýjar og fjölbreyttar rennibrautir fyrir alla aldurshópa. Við endurhönnun sundlaugargarðs er kvöð um rennibraut sem uppfylli þarfir hreyfihamlaðra einstaklinga. Hafa skal öryggi barna í huga við hönnun lendingarlauga.

#### 2.7.8 Leiksvæði/Vatnssvæði

Leiksvæði þarf að vera aðgengilegt öllum og henta ungum jafnt sem eldri aldurshópum. Skoða má þann kost að hafa lóðina opna almenningi á meðan sundlaug er opin. Á svæðinu má gera ráð fyrir leiktækjum ásamt vatnsleiktækjum.

#### 2.7.9 Heitir/Kaldir pottar

Óskað er eftir fjölbreyttu úrvali heitra og kaldra potta. Pottamenning Íslendinga er einstök og þjóna þeir jafnt samskiptum og slökun gesta. Þeir pottar sem nú eru á svæðinu eru oftast fullnýttir og færri komast þá að en vilja.

#### 2.7.10 Heit böð

Óskað er eftir tillögum að fjölbreyttum lausnum á heitum böðum, blaut- og þurrugufum til slökunar.

#### 2.7.11 Útibúningsklefar

Bæta þarf útibúningsklefa laugar og við hönnun nýrra búningsklefa skal taka tillit til stefnu Reykjavíkurborgar um ókyngreind salerni og búningsaðstöðu. Sturtur fyrir laugargesti, þurrksvæði og snyrtingar eru á þessu svæði. Æskilegt er að huga að möguleikanum á stækkun aðstöðunnar til framtíðar. Að lágmarki skal þó gera ráð fyrir að búningsaðstaðan rúmi 50 skápa í hvorum klefa auk 6 sérklefa, þar af tveimur fyrir fleiri en einn einstakling. Útiklefum skal fundinn staður sem næst annarri búningsaðstöðu.

#### 2.7.12 Útisturtur

Gera þarf ráð fyrir útisturtum og aðstöðu til að skola fætur, bæði við gufuböð en einnig í tengslum við leiksvæðið.

### 2.7.13 Laugarvarðarturn

Laugarvarðarturn þarf að uppfylla öll skilyrði um aðgang að hússtjórnar- og myndavélakerfi auk þess að hafa góða yfirsýn yfir sundlaugargarðinn. Gera þarf ráð fyrir góðu aðgengi að varðturninum. Vaktherbergi skal staðsett í varðturni. Gerð var hönnun á nýjum varðturni fyrir nokkrum árum og eru þær teikningar hluti af samkeppnisgögnum til upplýsingar. Mikilvægt er að keppendur finni varðturninum besta stað út frá sínum keppnistillögum.

### 2.7.14 Tæknirými

Tæknibúnaði fyrir laug skal komið fyrir neðanjarðar á laugasvæði. Þar er gert ráð fyrir inntökum, vatnshreinsun og lögnum, loftræsingu, rafkerfi, klórframleiðslu og sameiginlegri stjórnstöð fyrir allt sundlaugarmannvirkið.

Stærð tæknirýmis þarf að taka mið af stærð og fjölda sundlauga og heitra- potta og baða. Til viðmiðunar er tæknirýmið fyrir innilaug um 1000m<sup>2</sup>. Mikilvægt er að klórmælingartæki allra laugakera séu á sama stað.

Lofthæð í tæknirými þarf að vera að lágmarki 4m. Tryggja þarf gott aðgengi að tæknirými og huga þarf að góðu flæði svo auðvelt sé að ferja salt fyrir klórframleiðslustöð vandræðalaust milli rýma. Hönnun rýma þarf að taka mið af viðhalds- og þjónustupörf til framtíðar.

### 2.7.15 Umferðarrými og ótilgreind stoðrymi

Ótilgreint. Uppfylla þarf kröfur laga og reglugerða um öryggis- og aðgengismál.

### 2.7.16 Veitingar

Huga skal að fjölbreyttri veitingastarfsemi til viðbótar við þá sem er í tengslum við afgreiðslu. Einnig er mikilvægt að gera ráð fyrir góðri nestisaðstöðu barna og annarra gesta.

### 2.7.17 Lýðheilsu, samfélags- og menningarmiðstöð

Í gegnum tíðina hafa komið fram hugmyndir um betri nýtingu Laugardalslaugar og tengdra mannvirkja. Árið 2015 var unnin skýrsla þess efnis og er hún hluti af samkeppnisgögnum. Þar má sjá nýtanlegt svæði stúkumannvirkis og hugmyndir að stækkun þess til glöggvunar fyrir keppendur. Ekki er um bindandi upplýsingar að ræða hvorki hvað varðar stærðir né útfærslu. Nú hefur verið ákveðið að taka skrefið áfram, auglýsa samkeppni og fá framtíðarsýn um notkun helsta kennileitis borgarinnar og hlutverk þess.

Reykjavík er aðili að verkefni Embættis landlæknis, *Heilsueflandi Samfélag*, þar sem meginmarkmiðið er að styðja samfélög í að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lífnaðarháttum, heilsu og vellíðan allra íbúa. Einnig er Reykjavíkurborg markvisst að vinna að því, að skapa umhverfi og aðstæður sem hafa jákvæð áhrif á heilsu, líðan og lífnaðarhætti borgarbúa. Mikilvægt er að skapa vettvang fyrir einstaklinga til að koma saman, styrkja félagstengsl, stuðla að bættri andlegri heilsu og draga úr félagslegri einangrun. Menningarstefna Reykjavíkurborgar hefur það að markmiði að árið 2030 hafi allir íbúar jöfn tækifæri til þess að njóta lista og menningar, bæði sem þátttakendur í listsköpun og sem neytendur lista. Fjölmargar rannsóknir sýna að þátttaka í menningu og listum er mikilvægur þáttur í að rjúfa félagslega einangrun, ekki síst hjá börnum, ungu fólki og eldri borgara.

Óskað er eftir úrlausnum þar sem menning, samfélagsleg þátttaka og lýðheilsa fléttast saman, laði að sér ólíka hópa og verði þannig öflug samfélagsmiðja. Rík áhersla er lögð á samnýtingu og samlegðaráhrif rýma innan lýðheilsu-, samfélags- og menningarmiðstöðvar í heild.



### 2.7.18 Stærðir

Heildarstærð mannvirkis veltur á innkomnum hugmyndum. Sjá húsrýmisáætlun í viðauka.

Velji keppendur að breyta núverandi aðstöðu, s.s. starfsmannarýmum þarf að finna þeirri aðstöðu nýjan stað.

Nr.	Rými	Nánari lýsing	Viðmiðunarstærðir	
2.7.2	Aðalbygging	Aðalbygging má halda sér í núverandi mynd en huga þarf að samnýtingu og samlegðaráhrifum við hönnun á endurgerð Laugardalslaugar og tengdra mannvirkja.	Ótilgreint	m <sup>2</sup>
2.7.3	Stúkumannvirki	Óskað er eftir hugmyndum að nýtingu stúkumannvirkis, hafa skal hugmyndaleit til hliðsjónar við tillögugerð.	Ótilgreint	m <sup>2</sup>
	<b>Sundlaugargarður</b>			
2.7.4	Útilaug	Sundiðkun og kennsla. 8 brautir. Lengd:50 m Breidd: >20m. Mesta dýpi: 1,80 m. Minnsta dýpi: 1,10 m.	1	stk.
2.7.5	Barnalaug úti- og innilaugar	Sundiðkun og kennsla. Dýpi: 0,9 m. Má skoða hækkalegan botn	1-3	stk.
2.7.6	Vaðlaugar	Afslöppun og leikur, um 37 °C. Botnflötur 15-30 fm.	>2	stk.
2.7.7	<b>Rennibrautir</b>			
	Rennibraut fyrir hreyfihamlaða.	Rennibraut sem uppfyllir þarfir hreyfihamlaðra einstaklinga.	1	stk.
	Rennibraut	Fjölbreyttar rennibrautir fyrir alla aldurshópa.	>2	stk.
2.7.8	Leiksvæði/Vatnssvæði	Leiksvæði þarf að vera aðgengilegt öllum og henta ungum jafnt sem eldri aldurshópum.	Ótilgreint	stk.
2.7.9	Heitir/Kaldir pottar	Fjölbreytt úrval heitra og kaldra potta.	Ótilgreint	stk.

2.7.10	Heit böð	Fjölbreyttar lausnir á heitum böðum.	Ótilgreint	stk.
2.7.11	<b>Útibúningsklefar</b>			
	Karllaklefi - úti	A.m.k 50 klefar ásamt þurrksvæði, sturtum og salernum.	100	m <sup>2</sup>
	Kvennaklefi - úti	A.m.k 50 klefar ásamt þurrksvæði, sturtum og salernum.	100	m <sup>2</sup>
	Sérklefi - úti	Tveir sérklefar með aðstöðu fyrir fatlaða með snyrtingu, sturtu með bekk og skáp.	24	m <sup>2</sup>
	Sérklefi - úti	Fjórir sérklefar fyrir einstakling með snyrtingu og skáp.	24	m <sup>2</sup>
2.7.12	Útisturtu	Útisturtur og aðstaða til að skola fætur, við gufuböð og leiksvæði.	> 2	stk.
2.7.13	Laugarvarðarturn	Gott aðgengi og góð yfirsýn yfir sundlaugar.	20	m <sup>2</sup>
2.7.14	Tæknirými	Tæknirými fyrir inntök, stýringar og kerfi.	> 1500	m <sup>2</sup>
2.7.15	Umferðarrými og ótilgreind stoðrymi	Uppfylla þarf kröfur laga og reglugerða um öryggis- og aðgengismál.	Ótilgreint	m <sup>2</sup>
2.7.16	Veitingar	Veitingastarfsemi til viðbótar við þá sem er í tengslum við afgreiðslu ásamt góðri nestisaðstöðu.	Ótilgreint	m <sup>2</sup>
2.7.17	Lýðheilsu, samfélags- og menningarmiðstöð	Menning, samfélagsleg þátttaka og lýðheilsa fléttast saman. Áhersla á samnýtingu rýma með annarri starfsemi.	Ótilgreint	m <sup>2</sup>

### 3. Tæknileg tilhögun samkeppninnar –

*Verður unnin af dómnefnd*

# Hugmyndasöfnun um endurgerð Laugardalslaugar

Í tengslum við hugmyndasamkeppni á uppbyggingu Laugardalslaugar var farið af stað með hugmyndasöfnun. Markmið hennar var að gefa notendum laugarinnar, íbúum og öðrum hagsmunaaðilum tækifæri á að koma sínum hugmyndum á framfæri.

Sett var upp heimasíða með upplýsingum um verkefnið og með hvaða hætti hægt var að koma hugmyndum á framfæri. Hugmyndasöfnunin var opin frá 28.janúar - 14.mars 2022.

Hugmyndum var hægt að skila með eftirfarandi hætti:

- A. Settur var upp hugmyndakassi í anddyri Laugardalslaugar. Gestir gátu skrifað sínar hugmyndir á miða og skilað í kassa. Hugmyndum sem bárust var varpað á tvo skjái sem voru staðsettir sitthvoru megin við kassann.
- B. Hægt var að setja inn hugmyndir á Betri Reykjavík í gegnum síðuna og var síðan á íslensku, ensku og pólsku <https://reykjavik.is/hugmyndasofnun-um-endurgerd-laugardalslaugar>
- C. Hægt var að senda inn hugmyndir á netfangið [hugmynd@itr.is](mailto:hugmynd@itr.is). Hugmyndum sem bárust á netfang var varpað á skjái staðsetta við hugmyndakassa í Laugardalslaug.
- D. Haldinn var rýnifundur með forstöðumönnum sundstaða.
- E. Samtöl við hagsmunaaðila. Sendur póstur á ýmsa hagsmunaaðila þar sem athygli var vakin á hugmyndasöfnuninni og fundað með nokkrum hagsmunaaðilum.

Alls bárust 974 hugmyndir í **hugmyndakassa**, 116 hugmyndir á **Betri Reykjavík** ásamt mörgum athugasemdum við hverja hugmynd og 34 hugmyndir voru **sendar á netfangið** [hugmynd@itr.is](mailto:hugmynd@itr.is).

Ljóst er á þeim hugmyndum sem bárust að Laugardalslaug er mörgum mjög kær og að varlega þurfi að fara í allar breytingar. Það kemur sterklega í ljós hverjar óskir almennings eru því sömu atriðin eru nefnd ítrekað. Má þar m.a. nefna veitingasölu, rennibrautir af öllum stærðum og gerðum ásamt yfirbyggðu svæði fyrir yngstu börnin. Stúkan kom gjarnan við sögu og voru flestar hugmyndir þar tengdar gróðri, sólbaðsaðstöðu og ýmissi starfsemi tengd veitingum, tónleikahaldi og einnig nefnt til sögunnar Yoga og hugleiðsla.

Hér á eftir má sjá helstu niðurstöður úr hugmyndasöfnun um endurgerð Laugardalslaugar.

## A. Hugmyndakassi Laugardalslaug

### 1. Leiksvæði

- **Rennibrautir** – greinilegt er að vinsælustu hugmyndirnar sem bárust snéru að rennibrautum og rennibrautargarður var einnig nefndur alloft. Alls kom orðið rennibraut fyrir **212 sinnum** og var svokölluð klósettrennibraut líkt og í sundlauginni á Akureyri gjarnan nefnd ásamt trampólínrennibraut.
- **Öldulaug** - mikill áhugi var hjá þeim sem sendu inn hugmyndir að fá öldulaug og var það nefnt alla **96 sinnum**.
- **Stökkpallar** - áhugi var einnig mikill fyrir því að setja stökkpalla í ýmsum hæðum og var það nefnt **74 sinnum**.
- **Leiksvæði** fyrir yngstu börnin - mjög margir sem skiluðu inn hugmyndum nefndu yfirbyggt hlýtt svæði fyrir þau allra yngstu sem fjölbreyttu úrvali leiktækja, heitum laugum og fossum - **vatnaveröld** var orð sem gjarnan kom fyrir í því sambandi.

- **Ýmis leiktæki** - trampólín á bakka og ofaní vatni, klifurveggur, reipi til að sveifla sér ofaní, körfuboltakörfur, handboltavöllur, skákborð, spil, vegasalt, kastali, ærslabelgur þrautabraut, “lazy river”, rússíbani og parkorbraut voru orð sem komu fyrir.

## 2. Stúka og tengd mannvirki

- Skiptar skoðanir voru um tilvist stúkunnar en mun fleiri sem vildu **halda henni, laga og gefa nýtt hlutverk.**
- Langflestar hugmyndir sem bárust varðandi stúkuna var **veitingasala** í ýmsu formi.
- Einnig nefndu margir **gróður, sólbaðsaðstöðu, hugleiðslu og jóga.**
- **Tónleikahald** kom einnig upp í nokkur skipti.
- Þá komu upp hugmyndir um **rennibrautir** úr stúku.
- Hugmynd um að gera **gufuböð í stúkunni** og hægt að njóta útsýnis yfir laugarsvæðið meðan dvalið er í gufubaði.

## 3. Pottar

- Margir vildu **halda gömlu pottunum** bæði hvað varðar útlit og staðsetningu.
- Nokkrir nefndu að **bæta við bæði sjópotti og öðrum köldum potti** með hærra hitastigi.
- Þá komu einnig fram hugmyndir um **góða nuddpotta.**
- Nokkuð var um það að fólk vildi **heita potta tengda barnasvæði** svo hægt væri að fylgjast með börnum úr pottum.
- Einnig komu fram hugmyndir um annan **steinapott, útsýnispott, ljósapott og pott með sturtu ofan í.**

## 4. Sundlaug

- Margir töluðu um að **halda 50m lauginni**
- Ákall er um **litla innilaug sem nýtist til kennslu og æfinga og sem leiklaug.** Þá var einnig nefnt að þessi laug væri tengd leiksvæði.
- Sumir voru róttækari hvað hugmyndir varðar og vildu fiskabúr á veggi laugarinnar.
- Þá var nefnt að setja **fleiri vaðlaugar** en þær eru ekki síður vinsælar til að liggja í sólbaði.

## 5. Heit böð

- Flestar hugmyndir varðandi heit böð voru þær að fá **ekta finnska sauna.**
- **Infrarauð** sauna verður sífellt vinsælli og margir sem skiluðu slíkri hugmynd.
- Þá komu einnig hugmyndir um **tyrkneskt gufubað og ilmkjarnasauna.**
- Einhverjir vildu svo betri **hvíldaraðstöðu í tengslum við heitu böðin** - einhverskonar SPA.

## 6. Annað

- Ýmsar aðrar hugmyndir bárust eins og að **taka aftur í notkun gamla anddyrið** og nýta það einnig sem **kaffihús**
- Margir nefndu meiri **gróður á svæðið og bætt sólbaðsaðstaða** kom oft fyrir.
- Nokkuð oft komu hugmyndir um einhverskonar **starfsemi sem snýr að heilsu eins yoga, hugleiðslu og samfloti.**
- **Bætt aðstaða fyrir hreyfihamlaða** í lauginni og á leiksvæði
- **Baðströnd og lazy river**
- Þá voru einnig hugmyndir um **tónleikahald, bíó, bar snyrtistofu og nagla snyrtistofu.**

## B. Betri Reykjavík

Allar hugmyndir sem komu inn á Betri Reykjavík má sjá með því að smella á eftirfarandi slóð:

<https://www.betrireykjavik.is/community/4062>

## C. Hugmyndir sendar á netfangið [hugmynd@itr.is](mailto:hugmynd@itr.is)

Hugmyndir sem sendar voru á netfangið [hugmynd@itr.is](mailto:hugmynd@itr.is) voru keimlíkar þeim sem bárust í hugmyndakassa og á Betri Reykjavík. Hér má sjá þær hugmyndir sem bárust með tölvupósti.

---

Endurbætur á þessu fallega kennileiti Laugardals. Stúkan er mikilvægur minnisvarði íslensks arkitektúrs og hönnuð af Einari Sveinssyni. Ég tel það mikilvægt að Reykjavíkurborg haldi utan um slíka minnisvarða svo að þeir standist tímans tönn. Hægt er að nýta stúkuna í allskonar skemmtun eins og tónleikahald og einnig sem sólbaðsaðstöðu á sumrin. Ég myndi persónulega elska að sitja í henni í góðra vina hópi á sumrin eða ein með bók og njóta útsýnisins. Með von um að þið sjáið fegurðina í þessu glæsilega mannvirki.

---

Góðan dag, Ég vil byrja á að biðla einfaldlega til ykkar að stíga varlega til jarðar í þessum endurbætum á lauginni. Minna er meira. Bera þarf í huga að þið eruð að vinna með ástkæra laug sem er nú þegar vel hönnuð og í grunninn þarfnast hún einskis nema viðhalds; þetta er nú þegar besta sundlaug landsins að mínu mati og annarra. Hugmyndin mín að breytingum er hins vegar eftirfarandi: Byggðar væru tröppur upp í stúkuna svo að sundalaugargestir geti gengið upp. Plastsætin væru fjarlægð úr stúkunni og í staðinn fengju steypu 'bekkirnir' (sem plasticsætin standa á) að vera eins og risastórar tröppur (líkt og í Coliseum) og á þær væri helst lagt þægilegt efni, eitthvað örlítið mýkra en steypa allavega. Þar með væri kominn frábær staður fyrir sólboð þegar vel viðrar. En ef hiti væri lagður í gólfið í gjörvallri stúkunni, eða mestallri a.m.k, þá væri þetta svæði sem fólk gæti vonandi notað allt árið um kring. Mögulega væri þá hægt að hafa svæði fyrir tré og annan gróður, jafnvel lítil svæði þar sem hægt væri að tefla o.fl. Þetta væri kjörinn staður til að halda stóra jógatíma ef veður leyfir og gæti jafnvel verið flottur staður til að halda uppistand eða jafnvel tónleika ef það væri gert lítið svið, neðst væntanlega. Einnig mætti halda útibíósýningar í stúkunni, þar sem áhorfendur sitja upp í stúkunum og horfa á tjald sem er komið fyrir neðst. Þetta þyrfti ekkert að vera fullkomið bíó — þetta væri svona bílabíó stemning. Varðandi gömlu afgreiðsluna í aðalbyggingunni þá held ég að það liggi beinast við að leigja rýmið út til veitingastaða, og mætti þá hafa stefnu jafnvel að t.d. að a.m.k. einn þeirra sé bakarí og einn þeirra sé kaffihús. Ég held að þetta væri eftirsóttur staður og myndi ýta enn frekar undir Laugardalslaugina sem menningarmiðju Laugardalsins. Þetta væri farsælt fyrir gesti, veitingastaðina, og rekstur sundlaugarinnar. Þetta er hugmyndin öll í stuttu máli.

---

Mínar óskir fyrir Laugardalslaug eru þrjár: 1. Að laugin verði áfram 50 m. 2. Að gamla áhorfendastúkan fái nýtt hlutverk s.s. sólbaðsaðstöðu, útikaffihús í upp hituðu glerhýsi með blómum. 3. Infrarautt gufubað. Takk fyrir Laugardalslaug sem er svooooo mikilvæg heilsulind fyrir okkur öll.

---

Góðan dag, Væri flott að hafa glerhvolfbak yfir hálfu barnalaugina. Inni í því væri rennibraut sem byrjar og endar undir þakinu.

---

Góðan daginn, Ég veit að það eru margir sem vilja sjá sérstök slökunarsvæði í sundlaugunum verða til - áhersla á kyrrlátari rými verða í almenningssundlaugum. Afmarkað svæði til slökunar og endurnæringar með volgri laug, þar sem hægt er td að fljóta eða bjóða upp á vatnsmeðferðir - Samflot, menntaskólafлот, barna og unglíngafлот - fjölskyldufлот o.þ.h. Virkilega stórt og mikilvægt lýðheilsuverkefni til að efla geðheilsu þjóðarinnar.

---

Sæl, hér er það sem mér finnst helst vanta í Laugardalslaugina (sem ég sæki mjög reglulega): Vaðlaug fyrir yngstu börnin, með smábarnarennibraut og kannski einhverjum bunum og slíku, þar sem foreldrarnir geta legið út af við aflíðandi kant á meðan krílin leika sér, svipað og í Seltjarnarleslauginni. Slík vaðlaug gæti komið í stað grunna hringlaga pottarins (diskapottarins) Þá mætti stækka sjópottinn og hugsanlega líka steinapottinn. Að sjálfsgöðu væri líka frábært ef það væri tækjasalur í lauginnin sem hægt væri að fá afnot að gegnum árskort í laugina (hugsanlega með örlítið viðbættu gjaldi), þyrfti ekki endilega að vera stór og það mætti þá bara vera hægt að bóka tíma í hann. Nokkrar hlaupabrautir og einhver þrekkæki myndi gera mikið. Það segir sig sjálf að það þarf að gera eitthvað við stúkuna, en það er kannski stærra og flóknara dæmi en svo að ég geti haft skoðun á því. Það er hins vegar bæði ljótt að sjá hana eins og hún er og hugsanlega væri hægt að nýta hana á einhvern hátt. ð lokum vil ég nefna anddyrið, þar sem mér finnst að væri gaman að koma upp góðri veitingasölu/kaffisölu, t.d. með góðri sjálfsalakaffivél. Fjöldi hlaupahópa hittist við laugina og eflaust þætti mörgun notalegt að setjast inn saman eftir hlaupa- eða æfingatúrinn. Borðin sem þarna eru gera ekki mikið til að lokka mann inn og það væri hægt að gera þetta rými miklu skemmtilegra, nú eða nota rýmið við gamla innganginn.

---

Mínar óskir fyrri Laugardalslaug sem er minn besti uppáhaldsstaður. 1. Halda lengd laugar í 50 metrum 2. Útiklefar, æfingasvæði og sólbaðsaðstaða í gömlu stúku 3. Infrarautt gufa

---

Sæl öll, þetta er hugmyndin mín fyrir Laugardalslaug. Mig langar að þið komið með rauðu pylsuna og kleinuhringinn sem þið hafið örugglega í geymslu. Síðan mundi það hjálpa rosalega mikið, en það tekur svolítinn tíma en væri mjög gott ef þið setjið lazyriver í laugina. Ef þið vitið ekki hvað lazy river er þá er það svona straum sundlaug og ég kem með þessa hugmynd út af því ég sá svona í Bandaríkjunum í Flórída og allir, á öllum aldri geta leikið í svona laug frá ungum krökkum til eldra fólk. Síðan ef það er hægt getið þið fengið lánað hjá Mosfellslauginni svona hoppukastala. Ég er að skrifa þetta bréf til að hjálpa ykkur mjög mikið og ég held að þið getið grætt mjög mikinn pening og ég á heima í nágrenninu þannig ég vil bara það besta fyrir ykkur 😊😊😊.

---

Mig hefur lengi dreynt um stað í lauginni sem líktist Eden á köldum og dimmum vetrardegi, þar sem væri gróðurhús með dagslampsljósi eins og líkt væri eftir miðbaugi með pálmatrjám og öðrum gróðri sem væri hægt að tilla sér inn eftir heitapottinn eða gufunu

---

Mitt atkvæði: Vatnaveröld fyrir börn

---

Hæ

1. Gamla anddyrið má auðveldlega breyta í kaffihús.
  2. Stóra saunu
  3. Stórt og fjölbreytt saunu - eimbað svæði
  4. Tropical svæði
  5. Laug fyrir yngstu börnin með 🐳 🦩 🐬 ( jafnvel yfirbyggð )
  6. Fleiri DJ - kvöld fyrir unga fólkið
  7. Yoga viðburði
- 

Klósett rennibraut (tvöfalt stærri en á Akureyri)

---

Ég er 2 barna faðir og við fjölskyldan keyrum í Vatnaveröld í Reykjanesbæ allavega þrisvar í mánuði. Við erum með árskort í vatnaveröldina. Það þarf nauðsynlega einhversskonar laug fyrir börn undir 5 ára aldri í Reykjavík og nú er tækifærið. Börnin mín eru 3. og 4. ára og það er engin laug sem mætir þeirra þörfum. Nuna er tækifærið, ég geri mér grein fyrir því að börnin mín munu aldrei fá að njóta þess en önnur börn eiga það skilið að þurfa ekki að sitja í bíl í 45 mín til að komast í góða barnalaug ef þá að foreldrarnir nenna því yfir höfuð að keyra alla þessa leið svo að þau geti notið sín. Ungbarnalaug sem fyrst takk.

---

The best. The idea. There would be a giant slide that automatically turns around as well. Own axis and the departure of which ends in a tunnel under the water as well as a tropical part where there would be a lining of palm trees imitating sand, a bar with non-alcoholic drinks and a cafe i think you should be looked idea's like Aguapark Reda or Santiago





---

Nokkrar hugmyndir: Prautabraut fyrir fullorðna Köfunarprautabraut fyrir fullorðna. Innanhúss rennibrautargarður (Akureyri á næsta leveli) Slökunarherbergi sbr spa herbergi Stór heitur pottur þar sem maður getur hreyft sig og kaffihús samtengt Sauna með útsýni sbr Sky lagoon Trampolín rennibraut sbr Vestmannaeyjar Brimbrettaölduæfingatæki Meiri náttúru, tré og plöntur, jafnvel sundlaug í gróðurhúsi

---

Hæ Við erum með nokkrar hugmyndir fyrir laugina, við búum í nágrenninu og notum laugina reglulega. Komum stundum hjólandi með börnin en stundum á bíl. 7 ára dóttir mín stingur upp á rennibraut fyrir yngstu börnin eins og regnbogarennibrautin í gömlu Kópavogslaug. Ég er sammála það vantar betra svæði fyrir yngstu börnin. Ég vil það verðu góður klefar fyrir kynsegin fólk, fólk með fatlanir og fjölskyldur með fötluð börn, hannaðir út frá þörfum þeirra hópa og í samráði við þau. Heitan pott sem hægt er að rúlla hjólastólum ofan í svo fólk í hjólastólum geti tekið þátt í pottamenningu. Aftur hannað í samráði við fólk í hjólastólum. Fleiri potta með nuddi og fleiri plotta með ca 38 gráðu hita, þeir eru svo oft fullir. Stærri klósett svo það sé þægilegt að fara þangað inn með börn og klósett og vaskar í barnastærð eins og í Ikea. Laga aðgengi fyrir utan innganginn, verður oft rosa kraðak af hjólum og vögnum þar, fólk að hjóla framhjá og bílar að keyra. Stressandi að vera þar með lítil börn. Það mætti taka af bílastæðunum til þess að laga þetta, þau eru sjaldan full.

---

Hæhæ, Eg hef hugsað síðan ég fór til Zakopane í Póllandi árið 2019 að svona vanti í Laugardalslaug sem er með nóg laugar svæði sem er ekki eingöngu ætlað til þess að synda fram og til baka. Þetta silfur litaða á myndunum heitir water swing og þegar að tveir hoppa a móti hvor öðrum myndast stór skemmtilegur öldugangur sem líkist því að róla. Það var ekkert mál að gera þetta með 1 árs dóttur okkar í fanginu og foreldrar eldri barna "róluðu" með þeim þó að stærðar munur væri á. Stór skemmtilegt dæmi!




---

Hæ, í þann óratíma sem ég hef stundað Laugardalslaugin og heyrt svo endalaust oft sáran grátur barna þegar þau skella í gólfíð þar sem það er sleypt 🤦‍♂️ og einnig þegar mæður þeirra (ég fer bara í kvennaklefann) eru að reyna að halda þeim rólegum á meðan þær klæða sig í, hef ég oft velt því fyrir mér hvað það gæti verið dásamlegt og sársaukaminnkandi að hafa ákveðin svæði í búnings- og sturtuklefum sem væri gerð í samræmi við þarfir barna og foreldra þeirra. Einhvers konar mýkra svæði þar sem kranar, klefar, skápar, balar, sæti og jafnvel leikföng væru til þess fallin að gera sundlaugaferðina ennþá skemmtilegri, notalegri og hættuminni 🧸 Það myndi svo enn fremur auka líka á ánægju allra hinna þar sem maður þyrfti ekki að þjást jafn mikið á meðan maður sturtar sig og klæðist, yfir að reyna að ímynda sér sársauka barnanna sem gráta sáran. Auk þess yrði það líka mesta dásemd ef brúnin á diskapottinum væri mjúk og hönnuð þannig að það væri notalegt að liggja á henni með höfuðið þessa góðu daga sem við njótum sólarinnar í sundi. Enn fremur, fæ ég mjög reglulega hugsanir um það hvað það væri yndislegt ef það væri svona „quiet space“ í gufunni. Þá gætu þeir sem elska að segja félögum sínum í gufunni frá öllu hinum hræðilega sem á sér stað og hefur átt sér stað undanfarna daga og þeir hafa fræðst svo vel um í fréttum og öllum hinum fréttaskýringaþáttunum etc., fengið að gera það eins og þeir vilja. Hinir 🧘‍♀️ sem eru að njóta afslöppunarinnar í gufunni og æfa sig í mindfulness, 🧘‍♂️ að vera í augnablikinu og fá að njóta róandi þagnarinnar einstaka sinnum, líka fengið að njóta þess í sínum gufubaðshluta 🤫 🚫 Það væri meira að segja alveg geggjað ef það væri líka hægt að hafa svona potta líka, ömurleg veðurspá og heimsins daglegu hörmungar pottur og svo hinn potturinn þar sem hver og einn fær að hugsa sitt með sér í friði 🤫

---

Teikningar af hugmynd um dýra stytur og “eyja” af Íslandi í vatninu á leiksvæði.



---

Góðan dag. Ég var að senda inn tillögu inni á Betri Reykjavík varðandi endurgerð Laugardalslaugar en vildi senda þetta líka í tölvupósti því það gekk brösulega að senda inn fylgigögn á vefnum. Hægt er að skoða myndband af tillögunni hér: <https://youtu.be/xcxciAqt3Wo> Tillagan sýnir hvernig hægt væri að skipta Laugardalslaug upp í mismunandi svæði til þess að höfða til breiðari hóps fólks og auka notagildi laugarinnar. Laugin er vinsæl til sundiðkunnar, sérstaklega snemma á morgnana en 50 m. laugin er minna notuð þegar líður á daginn. Gert er ráð fyrir að lauginni verði skipt upp en eftir sem áður verði hægt að æfa sund utandyra á 6 brautum sem eru 25 m. og 2 brautum sem eru áfram 50 m. Með þessu er komið til móts við bæði sundiðkendur og aðra sundgesti sem fá aukið pláss til afþreyingar og slökunar. Tillagan inniheldur m.a: Stórar tröppur sem vísa á móti sól með loftnuddi þar sem hægt er að liggja eða sitja og grunnu vatni og slaka á. Stólar og sólbekkir ofan í lauginni sem bjóða upp á nudd. Fossar og öflugar nuddbyssur ofan á laugarbakka á tveimur stöðum. Búbbur sem koma af botni laugarinnar á völdum stöðum. Nýtt leiksvæði barna með spennandi leiktækjum og hluti af því með grunnu dýpi. Nýtt sundsvæði með 6 stk. 25 m. brautum og 2 stk. 50 m. brautum sem hægt er að afmarka með brautarlínunum þegar hentar. Hér er hægt að nálgast fleiri myndir:

<https://drive.google.com/drive/folders/1A0i8e8wX8tXbbEYdvBoRbBhQAJA7HZ7x?usp=sharing>  
<https://drive.google.com/drive/folders/1n7khgA6197G3fIRjttKGfVrl2TO7WaLR?usp=sharing>

Varðandi framkvæmdina þá er lagt til að skoðuð verði sú leið að laugin verði endurgerð með því að klæða hana hana með ryðfríu stáli með sundlaugadúk. Einnig er hægt að reisa nýja laugarveggi úr stálinu ef þörf krefur og nýjar yfirfallsrennur væru sömuleiðis úr stáli. Efst væru flísar sem gefa fagað heildarútlit yfir laugina. Margir möguleikar eru í boði hvað svona lausn varðar. Með því að endurgera laugina með stáli stýttist framkvæmdartíminn til muna og þar með lokunartími laugarinnar. Þetta væri einnig umhverfisvænni lausn heldur en að brjóta laugina algjörlega niður og byggja nýja. Með

Því að halda heildarútliti laugarinnar svipuðu eins og það er í dag mætti einnig áfram notast við núverandi hreinsikerfi og spara mikla fjármuni. Það er vonandi að þessi tillaga vekji áhuga og gagnist í hugmyndavinnunni framundan! 😊

---

## DRAUMSÝN BJÖSSA



### D. Rýnifundur með forstöðumönnum og tæknimönnum sundstaða í Reykjavík

- Rýna vel niðurstöður samkeppni – (gott ef taka má það besta úr þeim sem ekki vinna)
- Laugarvarðturn – uppfylla öll skilyrði um aðgang að hússtjórnarkerfi ásamt myndavélakerfi og góðri yfirsýn
- Tæknirými fyrir vatnskerfi
- Sölustarfsemi tengd laugarsvæði
- Halda 50m útilaug. Umræða um að fækka ekki brautum og skapa skemmtilegt leiksvæði s.s klifurvegg, stökksvæði -mismunandi hæð. Það svæði gæti þó komið á öðrum stað.
- Innisundlaug fyrir sundkennslu yngstu nemenda
- Leiksvæði / vatnssvæði undir þaki fyrir yngsta hópinn
- Möguleiki á að stækka laugarsvæðið inn að tjaldsvæði og kastsvæði
- Möguleiki á að verja deginum á svæðinu (leiktæki fyrir þá sem ekki fara í sund en á afgirtu svæði)

- Fleiri vaðlaugar
- Heitar laugar í tengslum við leiktæki, rennibrautir, lendingalaugar
- Stutt á barnasvæði frá búningsklefum
- Rennibrautir og turn með aðgengi fyrir fatlaða
- Áskorun fyrir eldri börn
- Markhópur / aldur
- Aðgengi fatlaðra að svæðinu – hægt að synda milli lauga líkt og í Árbæ.
- Gufuböð / eimböð (Sky lagoon) nokkrar tegundir þar sem hægt verður að fara á milli

## **E. Samskipti og vinna hagsmunaaðila**

Lögð var áhersla að senda út tölvupósta á fjölmarga hagsmunaaðila þar sem hugmyndasamkeppni var kynnt og hvaða leiðir væru færar í að skila inn hugmyndin en í þeirri vinnu eru íþróttafélög, Sundsamband Íslands, grunnskólakennarar í samstarfsskólum og íbúaráð. Forstöðumaður lagði líka áherslu á að eiga samtöl við helstu aðila innan íþróttahreyfingarinnar en það var hugsað sem hvatning til að skila inn hugmyndum. Margar góðar tillögur komu frá hagsmunaaðilum með fjölbreyttum leiðum s.s. tölvupósti, hugmyndakassa og inni á Betri Reykjavík. Niðurstöður þeirrar vinnu liggja fyrir í samantekt á gögnum.

Unnið var með frístundaheimili í hverfinu þar sem krakkar í 1. - 4. bekk unnu á skapandi hátt með framtíðarsýn á sundlaugina. Sérstök kynning á þeirri vinnu mun fara fram í anddyri Laugardalslaugar í lok sumar og eitthvað inn í haustið 2022.



REYKJAVÍKURBORG  
VEFUMRÆÐUBORÐ – SUNDLAUGAR OG ÞJÓNUSTA

DESEMBER 2021



<b>MARKMIÐ OG FRAMKVÆMD</b>	<b>3</b>
<b>HELSTU NIÐURSTÖÐUR</b>	<b>4</b>
<b>SAMANTEKT</b>	<b>5</b>
<b>1. UPPLIFUN AF OPINBERUM STÖÐUM</b>	<b>5</b>
<b>2. LÝÐHEILSA OG SAMFÉLAGSLEG ÞÁTTTAKA</b>	<b>6</b>
<b>3. UPPLIFUN OG ÍMYND SUNDLAUGA</b>	<b>7</b>
<b>4. SUNDLAUGAR FRAMTÍÐARINNAR</b>	<b>9</b>
<b>5. LAUGARDALSLAUG</b>	<b>10</b>
<b>6. AÐSTAÐA OG ÞJÓNUSTA Í NÆRUMHVERFI</b>	<b>11</b>
<b>7. ÞJÓNUSTA VIÐ SUNDLAUGAR</b>	<b>12</b>
<b>8. AÐ LOKUM</b>	<b>17</b>
<b>HEILDARUMRÆÐA</b>	<b>18</b>





Rannsókn þessi er gerð af Maskínu fyrir starfshóp innan Reykjavíkurborgar um undirbúning á hugmyndasamkeppni vegna uppbyggingar Laugardalslaugar. Markmið hennar er að skoða upplifun og væntingar íbúa í pósthúmerunum 104, 105 og 108 af sundlaugum og þjónustu í sínu hverfi. Rannsóknin er eigindleg og gerð á netinu með svonefndu vefumræðuborði sem stóð yfir á tímabilinu 17.–20. desember 2021.

Maskína sá um boðun í vefumræðuborðið og komu þátttakendur úr Þjóðgátt Maskínu, en í henni eru einstaklingar sem valdir eru með tilviljun úr Þjóðskrá (í. Þjóðhópur, e. panel). Í Þjóðgáttinni er fjöldi einstaklinga 18 ára og eldri af öllu landinu en Maskína boðaði fólk búsett í hverfum 104, 105 og 108 til þátttöku í vefumræðuborðinu. Leitast var við að boða sem jafnast hlutfall þátttakenda sem eiga börn og/eða unglinga og aðra.

Fimmtíu þátttakendur voru boðaðir í vefumræðuborðið en fjórtíu svöruðu einni spurningu eða fleiri. Þátttakendur voru allir eldri en 18 ára búsettir í hverfum 104, 105 og 108 og virkum þátttakendum var umbunað með gjafabréfi.

Spurningar í vefumræðuborðinu voru unnar í samvinnu starfshópsins og Maskínu. Þátttakendur gátu bæði svarað spurningunum á netinu og í smáforriti (appi) í snjallsíma eða öðru snjalltæki. Starfsmaður Maskínu stjórnaði, sendi áminningar á þátttakendur til að taka þátt og sendi viðbótarspurningar á hópinn þegar þess var þörf.

Hver þátttakandi fékk dulnefni, fuglsnafn, sem hann gekk undir meðan að borðið stóð yfir. Svörin í heildarumræðunni hér á eftir eru undir þessum dulnefnum en einnig kemur fram við flest svör kyn, aldur og búseta/póstnúmer svarenda og heimilisgerð.

Það skal ítrekað að þessi rannsókn er eigindleg og því ekki leitast við að álykta um skoðanir allra íbúa. Ætlunin er að fá innsýn í hugarheim þessa hóps og gefa þeim tækifæri að tjá hug sinn. Skoðanir þátttakenda í vefumræðuborðinu endurspeglar þannig ekki endilega skoðanir annarra íbúa.

Hér á eftir er samantekt á svörum þátttakenda og í kjölfarið er umræðan birt í heild sinni. Þar má sjá allar spurningar og svör þátttakenda. Einnig sjást spurningar frá stjórnanda borðsins þar sem hann hvetur þátttakendur til að útskýra nánar svör sín og svörin við þeim fyrir neðan. Þátttakendur gátu skrifað athugasemdir við svör annarra en þeir gátu ekki séð svör hinna fyrr en þeir höfðu sjálfir skrifað sitt svar. Engu hefur verið hnikað í heildarumræðunni og stendur textinn nákvæmlega eins og hann var inni í vefumræðuborðinu.

Reykjavík, 29. desember 2021.

Með þökk fyrir gott samstarf,

Rakel Gyða Pálsdóttir og Freyja Þorvaldar.



Svarendur voru spurðir um upplifun sína af opinberum stöðum. Bæði bókasöfn og sundlaugar voru títtnefnd sem opinberir staðir þar sem fólki liði vel á og styðji við sjálfsrækt og félagslegar þarfir íbúa. Einnig voru græn svæði oft nefnd sem opinberir staðir þar sem fólki líður vel á. Þegar svarendur voru spurðir um lýðheilsu nefndu margir hreyfingu af ýmsu tagi sem og hollt matarræði og svefn. Svarendur vildu samkomustað með góðu aðgengi í sínu hverfi þar sem að allir gætu notið þeirrar þjónustu sem þar væri boðið upp á. Þjónusta á þessum samkomustað ætti að vera fjölbreytt og höfða til ýmissa þjóðfélagshópa.

Ljóst er af umræðunni að sundlaugar og sundmenning Íslendinga er mörgum dýrmæt. Margir telja sundlaugamenninguna hér einstaka og sjá sundlaugar sem stað til að eiga samskipti við aðra og rækta bæði andlega og líkamlega heilsu. Svarendur vildu hafa gott aðgengi að sundlaugum og að viðhaldi sundlauga væri sinnt vel ásamt því að gætt væri að öryggisatriðum, s.s. handriðum og stömum flísum. Þá var áhugi fyrir því að hafa meiri gróður á sundlaugasvæðum og góð leiksvæði fyrir börn. Flestir töldu upplifun ferðamanna af sundlaugum góða en nefndu þó að þeir ættu oft erfitt með að afklæðast fyrir framan aðra í búningsklefum og færðu þar af leiðandi í laugarnar án þess að baða sig.

Nokkrir nefndu að þeir vildu geta læst skápum rafrænt án lykla eða armbanda. Þá væri hægt að nýta tæknina betur til að auðvelda fötluðum aðgengi að sundlaugum. Þegar spurt var hvernig sundlaugar og umhverfi þeirra ætti að vera með tilliti til starfsemi og þjónustu nefndu margir að þeir vildu geta keypt þar mat og drykki. Þá þyrftu öll kyn að hafa búningsklefa við hæfi og að það mætti vera opið lengur. Einnig var þátttakendum umhugað um að gjaldi fyrir þjónustu í tengslum við sundlaugar yrði stillt í hóf svo allir gætu notið. Svarendur sáu sundlaug framtíðarinnar sem stað þar sem allir væru velkomnir, með góðu aðgengi fyrir alla og búningsklefum fyrir öll kyn. Fjölbreytileiki var þeim líka ofarlega í huga og að allir gætu fundið þar eitthvað við sitt hæfi.

Laugardalslaug hafði mikla þýðingu fyrir dágóðan hóp svarenda og ljóst að mörgum þykir vænt um laugina og eiga þaðan jákvæðar minningar. Viðhaldi var þó talið ábótavant af þónokkrum og var stúkan oft nefnd í því samhengi.

Margar áhugaverðar hugmyndir komu fram um það hvers konar þjónustu eða aðstöðu ætti að bjóða upp á í samfélagsrými/samkomustað við eða í sundlaugamannvirki í hverfinu. Margir vildu sjá notalegt kaffihús og/eða veitingaaðstöðu þar sem hægt væri að setjast niður og borða nesti. Þá komu fram hugmyndir um veitingasölu við sundlaugabakkann. Mörgum leist vel á að hafa aðstöðu til tónleikahalds, tengingu við bókasafn og leiksvæði, sem og listasýningar og aðstöðu til að halda fyrirlestra eða námskeið. Einnig komu fram hugmyndir um sundbíó, listasmiðjur og skiptimarkaði. Þá töldu margir að fjölbreyttari afþreying og aðstaða í nálægð sundlaugar gæti orðið vettvangur fyrir þá til að sinna áhugamálum sínum.

Töluverð ánægja ríkti með könnunina á meðal svarenda og voru margir þakklátir fyrir að fá að koma sínum skoðunum og hugmyndum á framfæri. Þá nefndu nokkrir að umræðurnar hafa verið áhugaverðar og skemmtilegar.



## 1. UPPLIFUN AF OPINBERUM STÖÐUM

**Getur þú nefnt opinberan stað eða staði í borginni þar sem fólk getur komið og átt í samskiptum við aðra?**

- Bókasöfn (16)
- Sundlaugar (14)
- Söfn (9)
- Kaffihús(4)
- Verslunarmiðstöðvar (3)
- Kringlan (3)
- Klambratún (2)
- Miðbær Reykjavíkur (2)
- Ráðhúsið (2)
- Opinberir garðar
- Félagsmiðstöðvar aldraðra
- Samfélagshúsið Aflagranda
- Barir
- Háskólatorg
- Harpa
- Gerðuberg
- Leikhús
- Útivistarsvæði
- Hlutverkasetur
- Ylströndin
- Perlan
- Leiksvæði í Gufunesi
- Grasagarðurinn í Laugardal
- Leiksvæði í Fossvogi

**Getur þú nefnt opinberan stað eða staði sem styðja við sjálfsrækt og félagslegar þarfir borgara?**

- Bókasöfn (19)
- Sundlaugar (18)
- Söfn (9)
- Félagsmiðstöðvar Reykjavíkur (6)
- Almenningsgarðar (5)
- Klambratún (4)
- Kaffihús (3)
- Kirkjur (3)
- Skíðasvæðin (2)
- Hljómskálagarðurinn (2)
- Elliðaárdalur (2)
- Nauthólsvík (2)
- Líkamsræktarstöðvar (2)
- Hlutverkasetur (2)
- Leiksvæði
- Útiæfingarsvæði
- Veitingastaðir
- Hundasvæðið á Geirsnefi
- Hjóla- og göngustígar



- Leikhús
- Harpa
- Tónlistarskólar
- Íþróttafélögin
- 12 spora fundir
- Heiðmörk
- Hverfismiðstöðvar
- Grasagarðurinn
- Líkamsræktarstöðvar

### Á hvers konar opinberum stöðum líður þér vel?

- Græn svæði (23)
- Sundlaugar (17)
- Bókasöfn (14)
- Söfn (7)
- Leikhús (3)
- Miðborgin (2)
- Göngustígar (2)
- Kaffihús (2)
- Leiksvæði
- Skíðasvæði
- Kaffihús
- Veitingarstaðir

## 2. LÝÐHEILSA OG SAMFÉLAGSLEG ÞÁTTTAKA

### Hvað kemur upp í hugann þegar þú hugsar um lýðheilsu?

- Margir svarendur nefndu hreyfingu almennt en einnig voru taldar upp ýmsar tegundir hreyfingar:
  - Göngur
  - Hjól
  - Fjallgöngur
  - Hlaup
  - Sund
- Mikilvægi þess að huga að mataræði og svefni var einnig nefnt af mörgum svarendum.
- Heilsugæsla, lyf og embætti Landlæknis voru einnig nefnd.
- Einn svarandi benti á þátt andlegu hliðarinnar: „Andleg líðan, hreyfing, góð samskipti, virðing fyrir náttúrunni og öðru fólki.“
- Nokkrir svarendur nefndu forvarnir. „Andlegt og líkamlegt öryggi – forvarnir varðandi hreyfingu og mataræði – sanngirni og jafnrétti.“

### Hvernig sérðu fyrir þér aðstöðu og þjónustu í hverfinu þínu sem gæti ýtt undir þátttöku borgarbúa?

- Margir nefndu mikilvægi þess að aðgengi að stöðum væri gott fyrir alla – bæði gangandi og hjólandi umferð og þá sem kjósa aðra ferðamáta. Einnig kom fram að gott væri að hálkuverja göngu- og hjólastíga og huga að lýsingu á þeim.
- Fjölbreytileiki í afþreyingu var einnig oft nefndur og að allir aldurshópar gætu fundið eitthvað við sitt hæfi, ekki síst fullorðnir. Dæmi um þær hugmyndir sem komu fram voru:
  - Önnur aðstaða til að iðka sjósund, sambærileg og Nauthólsvík
  - Svæði til ræktunar á sumrin



- Jóga á grænum svæðum
- Frí námskeið sem efla geðheilbrigði
- Aðstaða til að grilla
- Nokkrir nefndu að mikilvægt væri að gott skjól, góð lýsing og bekkir væru til staðar á þeim stöðum þar sem fólk gæti safnast saman. Einn svarandi nefndi yfirbyggða aðstöðu: „Yfirbyggð útisvæði með skjólveggjum þar sem fólk gæti komið saman. Það vantar sárlega félagsmiðstöð fyrir fullorðin fólk sem vill ekki á kaffihús eða bari.“
- „Með fjölbreyttri aðstöðu sem haldið er vel við og er staðsett á almenningsstöðum. Sem dæmi má nefna Klambatún þar sem hægt er að stunda golf, gönguskíði, körfubolta, frísbí, strandblak, leikfimi, hjólréiðar, göngutúra, hjólaskauta og svona má lengi telja.“
- Margir svaendur töluðu um aðstöðu til að stunda hreyfingu og útivera en einnig komu fram sjónarmið um mikilvægi menningarhúsa og bókasafna. „Að hafa bókasafn/menningarhús á góðum stað í hverfinu þar sem líka væri hægt að sækja alla borgaralega þjónustu eins og nú er veitt á þjónustumiðstöðvum hverfanna.“

### Hvað mundi einkenna samkomustað í þínu hverfi þ.e. stað þar sem fólk gæti komið saman og hitt aðra?

- Margir nefndu hversu mikilvægt gott aðgengi að slíkum samkomustað væri. Í því samhengi var nefnt aðgengi fyrir fatlaða og þá sem ekki eru heilsuhraustir svo dæmi séu nefnd.
- Góð aðkoma fyrir hjólandi, gangandi og akandi umferð.
- Fjölbreytileiki og að allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi var svarendum ofarlega í huga: „Að mínu mati þarf fyrst og fremst að vera eitthvað sem höfðar til allra kynslóða bæði þannig að hægt sé að þjónusta hvern hóp sér en einnig alla saman. Það þarf því að vera einhverskonar menningarmiðstöð. Ég er persónlega mjög spenntur að sjá hvernig til tekst í Úlfarsárdal þar sem nýlega opnaði hús með samtengingu bókasafns og sundlaugar. Það er áhugaverð tenging milli þess að rækta andann og líkaman um leið. Einnig vantar kaffihús í Hlíðarnar en horfir líklega til betri vegar með opnum bókabúðar/kaffihúss í Skippholti.“
- Kaffihús og veitingarstaðir voru einnig nefndir og að afgreiðslutími þeirra hentuðu fyrir fólk með börn og opnuðu til dæmis snemma. Aðrir nefndu að gott væri að áfengi væri í boði á veitinga- og kaffistöðum.
- „Það virðist ekki vera neitt svona hverfa-samkomustaður í mínu hverfi. Væri hægt að gera svo margt. Spilakvöld, mömmutímar eða jafnvel bara koma saman og þrjóna. Eitthvað svipað og kirkjan hefur verið að reyna. En með tilliti til hversu margir eru að hverfa úr kirkjum væri sniðugt að eitthvað annað svipað væri í boði sem tengist ekki trú.“
- Nokkrir nefndu að á samkomustöðum væri mikilvægt að væri þrífalegt og þeir væru vel hirtir.

## 3. UPPLIFUN OG ÍMYND SUNDLAUGA

### Hvað er það fyrsta sem þér dettur í hug þegar þú hugsar um sundlaugar?

- Margir nefndu slökun, góða hreyfingu, félagsskap og samveru með fjölskyldu og vinum.
- Einnig voru nefndar tvær laugar sem eru í uppáhaldi hjá nokkrum svarendum: Laugardalslaugin og Sundhöllin.
- Ábendingar um hvað betur megi fara voru helst að minnka klórnotkun til að koma til móts við þá sem hafa ofnæmi fyrir því og bæta aðstöðu á laugarbakknum jafnvel með veitingasölu fyrir þá sem ekki vilja vera í sundfötum en þó eiga samverustund með sínu fólk.
- Einn svarandi bendir á hversu mikilvægar sundlaugar eru okkur Íslendingum: „Heitir og kaldir pottar. Stund til að hrista af sér amstur dagsins. Svo mikilvægur þáttur í hversdagslífi okkar Íslendinga.“

### Hvað dettur þér fleira í hug þegar þú hugsar um sundlaugar, aðstöðu og umhverfi þeirra?

- Margir nefndu ýmis atriði sem snúa að börnum eins og að það séu til staðar spennandi og fjölbreytt leikföng, rennibrautir og barnalaugar.



- Aðgengi var líka nefnt og sagði einn svarandi: „Þarf að passa að það sé gott aðgengi fyrir fatlaða og veikari einstaklinga. Ekki bara fyrir fólk í hjólastólum, líka fólk sem á erfitt með gang. Þurfa að vera sem flest handrið, grófar/stamar flísar fyrir fólk sem er ekki með gott jafnvægi.“
- Varðandi umhverfið benda svarendur á að umhverfi með gróðri í kringum sundlaugarnar sé bæði fallett og aðlaðandi og að væri hægt að gera betur við sumar sundlaugar.
- „Það sem þarf að passa uppá í sambandi við aðstöðu er, að það eru miklar rakaskemmdir og mygla í mörgum búningaklefum (æ varð að koma því að :) ) Dásamleg forréttindi að hafa sundlaug í hverju hverfi svo hægt sé að ganga þangað. Gott væri að hafa fleiri potta með náttúrulegum steinefnum eins og sjópottinn í Laugardal og á Seltjarnarnesi. Best væri, sérstaklega nú á tímum að hafa klefa sem þurfa ekki band, þannig að maður er ekkert að ganga með gult armband á sér sem einhver annar var með. Nota bara talnalás eins og í nýju lauginni í Úlfarsárdal og Akureyri.“
- Einn svarandi benti á mikilvægi viðhalds á sundlaugum: „Aðstöðuna mætti bæta, ekki gera uppá milli hverfa þegar kemur að viðhaldi, umhverfið er oftast en ekki dapurlegt og steinsteypt, mætti vera meiri gróður. Oft lítið að gera fyrir börn. Sérklegar ættu að vera algengari og gott aðgengi að þeim og þá meira en að biðja um einvern lykíl í afgreiðslu.“
- Tveir svarendur ræddu sín á milli um gjald í sundlaugar: „Góð líkamsrækt, orðið frekar dýrt sport þegar maður er með 5 manna fjölskyldu og öll börnin komin yfir 6 ára. Ætti frekar að vera á allra færi að fara í sund.“ Og annar bætti við: „Sammála. Það er allt of dýrt í sund, sérstaklega stakt gjald! Ég hlakka svo til þegar sundlaugakortin verða sameinuð.“

### Hvernig myndir þú lýsa sundmenningu Íslendinga?

- Þátttakendum bar saman um að sundmenning hérlendis væri dýrmæt og þekkt hvergi annarsstaðar. Hún sé rótgróin í íslenskri menningu og sé veigamikill liður í félagslífi margra Íslendinga.
- Sund er nýtt bæði líkamsrækt og afslöppun.
- Margir benda á að hérlendis séu allir syndir og það sé partur af þeirri sundmenningu sem þekkt hér á landi.

### Hvernig telur þú að ferðamenn upplifi sundmenningu Íslendinga?

- Nokkrir nefndu að ferðamenn væru eflaust óvanir að afklæðast í klefa með öðru fólk en að öðru leyti töldu svarendur ferðamenn hrifna af sundmenningu Íslendinga og þykja hún áhugaverð.
- Einn nefndi hrifningu yfir jarðhitnum: „Þeir upplifa eflaust hrifningu yfir jarðhitnum og mögulega ótta við að þurfa að fara allsber í sturtu.“
- Þónokkrir nefndu fjölda sundlauga um land allt: „Margir hissa á hve margar þær eru út um allt land og hve flottar þær eru. Sumir eiga erfitt með að vera naktir innan um aðra í sturtu.“

### Hvernig finnst þér að sundlaugar og umhverfi þeirra eigi að vera með tilliti til upplifunar?

- Þau atriði sem oftast voru nefndu voru:
  - Gott aðgengi fyrir alla
  - Aukinn gróður í kringum sundlaugarsvæðin
  - Snyrtilégar og vel við haldið
  - Barnvænar
  - Hentugar fyrir alla aldurshópa
  - Tengsl við aðra þjónustu t.d. veitingasölu
- Einn svarandi benti á að heppilegt væri að hver og ein sundlaug hefði sína sérstöðu: „Í anda umhverfisins þar sem þær eru byggðar. Þær eiga að vera í takt við umhverfi sitt og fanga menningu og sögu hverfisins. Sundlaugar eiga að vera ólíkar þannig að hver sundlaug hefur sinn einstaka sjarma og karakter. Þær eiga ekki að vera allar eins heldur á að vera spennandi að fara í nýja og öðruvísi sundlaug. Um leið og það væri gaman að hafa sundlaug sem hefði fullt af stórum og flottum rennibrautum þá verður líka að hafa annarskonar upplifun fyrir þá sem vilja ekki svoleiðis t.d. sundlaug sem lyftir upp pottamenningu borgarbúa eða þar sem er gert meira út á kyrrð, slökun og hreinsun andans.“



- Nokkrir svarendur bentu á að útsýn úr heita pottinum sé ekki verri: „Góð hreyfing og slökun. Hafa skemmtileg tæki eða hönnun fyrir börnin í barnalauginni. T.d. er skemmtilegur fíll í Grafarvogslaug og Lágafellslaug er með ágætis buslaug með leiktækjum. Hafa endaafræinarnar í sundlauginni breiðari en hinar fyrir þá sem vilja bara aðeins busla eða leika en ekki synda og þá kemst sundfólk fram hjá. Fallegt náttúruútsýni eykur slökun í heita pottinum.“
- Annar svarandi nefnir m.a. falllega hönnun: „Falleg hönnun. Gott skipulag og aðgengi í klefunum með tilliti til bæði barna og fullorðinna. Burt með sleipar flísar og sakar ekki að hafa handrið. Mér finnst að það eigi að vera eitthvað fallegt fyrir augað þegar fólk er í pottunum. Inni og úti aðstaða. Góð hljóðvist.“

### Hvernig finnst þér að sundlaugar og umhverfi þeirra eigi að vera með tilliti til tækni?

- Nokkrir nefndu hér eins og áður mikilvægi þess að aðgengi að sundlaugum sé fyrir alla og eru fatlaðir og fólk í hjólastól sérstaklega nefnt.
- Sundfatavindurnar mælast vel fyrir og greinilegt að mörgum finnst mikill kostur að hafa þær.
- Einn nefnir að sundkortíð gæti verið á rafrænu formi og einnig að hægt sé að læsa skápunum með rafrænum hætti. Fleiri taka undir að gott væri að læsa skápunum án lykla eða annarra aukahluta.
- Önnur tækni sem kom fram í umræðunum var:
  - Tækni snýr að hreinsunarbúnaði
  - Tækni til að auka öryggi gesta t.d. eftirlitsmyndavélar
  - Greiðsluþjónusta með appi

### Hvernig finnst þér að sundlaugar og umhverfi þeirra eigi að vera með tilliti til starfsemi/þjónustu?

- Þónokkrir svarendur nefndu að gott væri að geta keypt veitingar.
- „Það er mjög gott að hægt sé að kaupa í þeim eitthvað að drekka og borða, enda svengd eftir sundferð oft afar mikil! Nauðsynlegt líka að bjóða upp á vatnshana. Svo þarf strætó að ganga upp að þeim. Og frábært þegar það eru kort í laugunum sem sýna hlaupaleiðir / aðra líkamsrækt í nágrenninu, svo hægt sé að mixa því saman við sundferð.“
- Mikilvægi þess að aðgengi fyrir alla sé gott og að búningklefar geri ráð fyrir öllum kynjum kom fram í umræðunni.
- Nokkrir nefndu að langur afgreiðslutími sundstaða skipti miklu máli. „Mér finnst mikilvægt að hafa opnunartíma sundstaða langan. Það eru bæði mjög margir sem vilja fara fyrir vinnu og einnig margir sem vilja fara á kvöldin. Sem dæmi má nefna unglinga og það er miklu betra að vita af þeim í sundlaugum en t.d. að þeir safnist saman í miðbænum. Mikilvægt er að starfsemin sé fyrir alla, líka t.d. þá sem stríða við fötlun o.s.frv. Mikilvægt að bæði séu inni og útilaugar sé þess kostur.“
- Einn sagði að gott væri ef salerni væru á fleiri stöðum en í búningklefum.
- Nokkrir svarendur nefna að gjaldinu mætti vera stillt í hóf: „Gjaldið mætti vera lægra að mínu mati, gott viðmót og þjónustulund starfsfólks er mikilvægt. Það er gott að bjóða uppá gott úrval af leigusundfatnaði og handklæðum en einnig mætti selja sundföt, handklæði og gleraugu í afgreiðslu.“
- Nokkrir nefna að viðmót starfsfólks skipti máli.
- Margir nefna að hreinlæti sér mjög mikilvægt í sundlaugum.
- Nokkrir minnst á gróður samt og snyrtilegt umhverfi: „Finnst frábært þar sem sveitarfélög reka samhliða tækjasal (ekki einkafyrirtæki) og hægt að komast fyrir lítinn pening í rækt. Fallegt og grænt umhverfi, góðar strætósamgöngur, hjólastæði.“

## 4. SUNDLAUGAR FRAMTÍÐARINNAR

### Hvernig sérð þú fyrir þér sundlaugar framtíðarinnar?

- Margir nefna ennþá betra aðgengi fyrir alla en nú þekkist og klefa fyrir öll kyn.





- Fjölbreytileiki er svarendum ofarlega í huga: „Í sundlaugum framtíðarinnar er aðgengi fyrir alla, fallett umhverfi með alls konar fjölbreyttum afþreyingarmöguleikum ofan í laugunum, til viðbótar við hefðbundið sund: Körfuboltakörfum, blaki, þrautabrautum, köldum pottum o.s.frv.“
- Einn talar um engan klór.
- Að komið sé til móts við þarfir ólíkra hópa: „Annað hvort meira eins og skemmtigarða, þar sem mikið er af afþreyingu fyrir börn, eða meira út í spa, upplifun og slökun eins og t.d. Sky lagoon o.þ.h. Persónulega myndi ég vilja meira svona náttúrulegt eins og Skylagoon og Fontana. Falleg hönnun, náttúruleg, hægt að sitja með drykki, vera allan daginn, Jiii, ef ég mætti alveg ráða þá væri jafnvel eitthvað svona þar sem engin börn væru leyfileg :)“ og annar bætir við: „Sammála þessu! Kannski hægt að skipta svæðum milli barnafjölskyldna og þeirra sem eru að slaka á.“
- Einn nefnir gjaldfrjálsar sundlaugar: „Sé fyrir mér að gætt sé að því að allir íbúar hafi kost á því að komast í sundlaug í sínu nærumhverfi, það nærri að flestir geti gengið þangað eða hjólað. Að þær séu fallegar byggingar og hagvæmar, ekki endilega íburðarmiklar. Þær geti þjónustað allan aldur og allt fólk óháð stétt og stöðu. Vildi helst að ókeypis væri í sund og mikilvægt væri að sveitarfélögin eða ríkið byði upp á t.d. líkamsræktarstöð á þeirra vegum (ódyrt eða gjaldfrjálst).“
- Annað sem kemur fram í umræðunni:
  - Fjölbreyttari leiktæki
  - Lengri afgreiðslutími

### Hvernig geta sundlaugar framtíðarinnar skapað gott mannvænt umhverfi og stutt við betri lýðheilsu?

- Margir svarendur nefndu hér aðgengi að sundlaugum, þá sérstaklega fyrir fatlaða og veika sem og trans fólk og þá sem falla utan við kynjatvíhyggju. Einn var þó ekki sammála: „Hugsa um hvað þorri fólks þarf og vill. Það getur ekki verið hagkvæmt eða skynsamlegt að vera með alla mögulega aðstöðu fyrir alla minnihlutahópa landsins í öllum sundlaugum landsins.“
- Svarendur vildu sjá veitingasölu og/eða kaffihús. Einn sagðist vilja sjá þar sölu á hollum drykkjum og mat en sleppa sölu á gosi, orkudrykkjum og sælgæti.
- Þá nefndu nokkrir að boðið yrði upp á sundleikfimi, sundkennslu og zumba-tíma í sundlaugum ásamt ungbarnasundi.
- Nokkrir töldu mikilvægt að aðgangseyri í sundlaugar yrði stillt í hóf og jafnvel hafður ókeypis aðgangur. Þá nefndu nokkrir að verð á veitingum og annarri þjónusu í tengslum við sundlaugar þyrfti jafnframt að stilla í hóf.
- Nokkrir svarendur töldu tilvalið að tengja sundlaugar við aðra hreyfingu, t.d. tryggja aðstöðu í grennd við sundlaugar til útivistar og íþróttar svo hægt sé svo að enda hreyfinguna á því að fara í sund.
- Tveir vildu rýmri afgreiðslutíma sundlauga.
- Einn nefndi viðburði á sundlaugarbakkanum s.s. fyrirlestra og tónleika.
- Annað sem kemur fram í umræðunni:
  - Sjóvatn í stað klórs
  - Lyftur ofaní laugina fyrir hreyfihamlaða
  - Bjóða upp á ráðgjöf og/eða fræðslu um matarræði og æfingar
  - Sundlaug með læk þar sem hægt er að láta sig fljóta í straumnum

## 5. LAUGARDALSLAUG

### Hvaða þýðingu hefur Laugardalslaug og umhverfi hennar fyrir þig?

- Laugardalslaugin hefur mikla þýðingu fyrir dágóðan hóp svarenda. Nokkrir nefndu að laugin og umhverfi hennar hefði þýðingu fyrir þau þar sem þau búa nálægt lauginni og einn sagði laugina mannlífsmiðju í hverfinu.
- Ljóst er af svörum að mörgum þykir vænt um laugina og finnst hún skemmtileg.



- „Á mjög góðar minningar í Laugardalslaug. Var þar í skólasundi og brallaði ýmislegt. Sundlaugin hefur breyst mikið. Skipt um inngang og komin með öfluga innilaug. Laugardalslaug er drottning allra sundlauga. Hún er stærst og allir ferðamenn fara þangað.“
- Tveir nefndu stúkuna sérstaklega. Einn talaði um að hana þyrfti að rífa vegna asbests en annar talaði um að hún væri vannýtt eins og er en veitti gott skjól.
- Þá voru nokkrir sem sögðu laugina vera í niðurníðslu og þurfa á uppbyggingu að halda.
  - „Laugardalslaug er okkar höfuðlaug sem hefur munað fífil sinn fegri. Í dag er þetta túristalaug sem er orðin sjúskuð og komin með óorð á sig að vera skítug vegna ferðamanna sem ekki virða reglur um líkamsþvott. Laugardalslaug ætti að tengjast meira sögu Reykjavíkur þar sem borgarbúar komu til að þvo þvottinn sinn og jafnvel sjálfum sér. Þarna á sagan og staðsetningin að tala við sundlaugina og upplifun gesta sem þangað koma. Það þarf að leggja meiri metnað í það að fara í sund sé upplifun og hver sundstaður býður uppá ólíka upplifun. Laugardalslaug hefur allt að bera til að verða frábær sundstaður sem býður uppá upplifun innblásna af menningu, sögu og skemmtun fyrir börnin. Því miður er laugin í dag orðin lúin og þreytt eins og hún hafi gleymst í allri uppbyggingu innviða sem eiga að tala til ferðamanna og þarfir íbúa borgarinnar.“
- Tveir nefndu að taka þurfi rennibrautirnar í gegn og jafnvel bæta við fleirum. Einnig nefndu tveir svarendur að huga mætti betur að aðstöðu fyrir yngstu kynslóðina.

### Hvaða sjónræna minning kemur fyrst upp í hugann þegar þú hugsar um Laugardalslaug og umhverfi hennar?

- Að mestu leyti voru minningar svarenda jákvæðar. Hér voru nefndar æskuminningar og samverustundir með fjölskyldu eða vinum.
- Margir nefndu stúkuna sem fyrstu sjónrænu minninguna sem kemur upp í hugann. Þá var mismunandi hvort sú minning væri jákvæð eða neikvæð en hún var þó oftast talin neikvæð.
  - „Því miður er það stúkan sem hefur verið að grotna niður áratugum saman sem og lítil persónuleg þjónusta vegna fjöldans. Því frekar neikvæð en fyllist samt alltaf jákvæðni að hugsa um Laugardalinn almennt.“
  - „Stúkan. Hún er jákvæð. Magnaður arkitektúr.“
- Þá nefndu nokkrir grjótapottinn og rennibrautir sem fyrstu sjónrænu minninguna.
- Af þeim sem sögðu sjónrænu minningu sína um Laugardalslaug neikvæða voru flestir sem nefndu stúkuna og skort á viðhaldi.

## 6. AÐSTAÐA OG ÞJÓNUSTA Í NÆRUMHVERFI

### Hvers konar þjónustu eða aðstöðu þurfa íbúar almennt á að halda í hverfinu sínu?

- Margir nefndu þjónustu s.s. heilsugæslu, skóla og leikskóla, matvöruverslanir, sundlaug og bókasafn. Jafnframt nefndu þó nokkrir kaffihús eða veitingastaði auk aðstöðu til íþróttaiðkunar og leiksvæðis fyrir börn.
- Þá þótti mörgum mikilvægt að gert væri ráð fyrir grænum svæðum og góðum almenningssamgöngum auk góðra stíga fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur.
- „Þurfa og ekki þurfa. Það þarf að vera nálægt eru heilsugæsla, matvöruverslun, skóli, o.fl. Svo er ýmislegt sem gera hverfin betri en “þarf” ekki. T.d. kaffihús, verslun, almenningsgarð, ræktunarreit, o.fl.“
- „Ef bekkir eru hluti af þjónustu, eru þeir allir í sömu sethæð. Fólk er misstórt og Íslendingar frekar hávaxnir og við þessi hávöxnu, myndum vilja misháa bekkir. Flestir eru 40 cm sethæð frá jörðu og mættu líka vera 50-60 cm háir. Á meðan ég gekk á hækjunum um Dalinn og annars staðar, gat ég ekki hvílt mig á bekkjunum, nema sitja á örmunum og það er ekki þægilegt. Fjölga hjólagrindum, til að læsa hjólunum við. Setja upp sjálfssala með endurskinsmerkjum, borðum á veturna. Já og fjölga snyrtingum fyrir fólk í hjólastólum og ekki of bratta skábraut að þeim.“
- Nokkrir svarendur nefndu félagsmiðstöðvar eða hverfis-, þjónustumiðstöðvar þar sem fólk getur komið saman.



- „Heilsugæsla, skóli, félagsheimili. Eitthvað fyrir alla í hverfinu. Hvert geta ný aðfluttir útlendingar leitað í hverfinu sínu. Þjónustumiðstöð ætti líka að vera algjör nauðsyn, en borgin er búin að vera skera niður þjónustu til borgarbúa núna í nokkur ár og er því til dæmis engin þjónustumiðstöð í mínu hverfi tæknilega séð.“

### Hvers konar þjónustu eða aðstöðu finnst þér almennt vanta fyrir fjölskyldur í Reykjavík?

- Margir nefndu hér græn svæði og betri leikvelli (inni og úti) fyrir börn ásamt góðu aðgengi fyrir börn og barnavagna.
- Nokkrir nefndu að tryggja þurfi börnum leikskólaláss og gott skólahúsnæði (myglulaust).
- Þá var nefnt að auka þyrfti afþreyingu fyrir börn og halda verði á slíkri afþreyingu í skefjum.
  - „Aðstöðu fyrir börn og fullorðna til að hittast í smá útilegustemmingu og hafa það gjaldfrjálst.“
  - „Gjaldfrjálsa aðstöðu innandyra þar sem allir geta fundið sér eitthvað við hæfi.“
- Svarendum var umhugað um að börn fengu að njóta afþreyingar og frístunda óháð efnahag foreldra.
- Nokkrir nefndu fjölgun göngu- og hjólastíga.
  - „Virðingu fyrir grænum svæðum og meiri uppbyggingu á þeim. Slappa af í þéttingu byggðar því fólk þarf pláss. Setja umferðarmannvirki hraðar neðanjarðar og fjölga hjóla- og göngustígum þar sem öryggi er meira.“
- Upp kom hugmynd að hringrásarþjónustu á bókasöfnum þar sem mætti fá fleira en bækur lánaðar s.s. saumavél, borvél o.fl. Einnig fannst einum svaranda vanta stað til að tengja saman kynslóðir, t.d. gæti ungt fólk lært handverk af þeim eldri og þeir eldri fengið tækniaðstoð frá þeim yngri.
- „Að skólahúsnæði sé hægt að samnýta með öðrum tómstundum og að tómstundir séu fléttaðar inn í skóladaginn og séu allar í hverfinu. Minnka þannig þetta eilífa skutl og að tómstundir séu að byrja eftir að skóla og vinnudegi ljúki. Hafa sundlaugar í öllum hverfum.“

### Hvers konar þjónustu eða upplýsingar um þjónustu borgarinnar myndir þú vilja geta nálgast í þínu hverfi?

- Margir nefndu þjónustu s.s. heilsugæslu, skóla og leikskóla, matvöruverslun, kaffihús, apótek, græn svæði, íþróttaaðstöðu, bókasafn og sundlaug.
- Þrír sögðust vilja hafa hverfismiðstöð/þjónustumiðstöð í sínu hverfi þar sem m.a. væri hægt að sækja upplýsingar um hvað er að gerast í hverfinu. Fjórir sögðust vilja sjá upplýsingaþjónustu rafræna.
  - „Það væri frábært ef maður gæti séð í einu appi alla þjónustu í borginni, fyrir hvert hverfi. Hvar heilsugæslur eru, apótek, leikskólar á vegum borgarinnar, leiksvæði sem eru opin öllum, íþróttæfingar, hjólaleiðir, sundlaugar o.s.frv.“
- Tveimur fannst mikilvægt að hafa menningar- og/eða félagsmiðstöð í hverfinu.
- Einn svarandi kvaðst helst vilja sjá hringrásarsafn þar sem hægt væri að fá leigða ýmsa muni (svipað og bókasafn nema með fleira en bækur til útleigu). Annar nefndi svæði fyrir hunda til að vera lausir og enn annar mínútuteljara í strætóskýli sem sýnir hvenær næsti vagn kemur. Þá nefndi einn að auglýsa mætti betur söltun, söndun, sópun og snjómokstur á vegum borgarinnar.

## 7. ÞJÓNUSTA VIÐ SUNDLAUGAR

**Við ætlum að biðja þig að taka þátt í smá þankahríð með okkur. Ímyndaðu þér að til stæði að setja upp samkomustað/samfélagsrými við eða í sundlaugamannvirki í þínu hverfi, hvers konar aðstöðu eða þjónustu sæir þú fyrir þér að gæti verið sniðugt að bjóða upp á í slíku rými og gæti stuðlað að því að fólk kæmi oftár í sundlaugar og/eða dvelji þar lengur? Við hvetjum þig til að hugsa út fyrir kassann hér.**

- Mörg greinargóð og áhugaverð svör komu hér fram. Margir svarendur vildu fá kaffihús og veitingaaðstöðu við sundlaugar. Einnig nefndu nokkrir að þeir vildu fá góða aðstöðu til að borða nesti. Þá var einnig títtnefnd aðstaða til tónleikahalds, tenging við bókasafn og leiksvæði.



- Upp komu hugmyndir um veitingasölu við sundlaugarbakkann. Skiptar skoðanir voru þó á því, sumir voru hrifnir af hugmyndinni en einn hafði áhyggjur af hreinlæti í tengslum við slíka veitingasölu.
- Nokkrir vildu sjá myndlistasýningar eða listagallerí við sundlaugar og nokkrir að boðið yrði upp á fyrirlestra og námskeið sem fjölluðu t.d. um heilsutengd málefni.
- Hugmyndin um sundlaugabíó, þ.e. að sundlaugagestir gætu horft á kvikmynd ofaní lauginni, virtist einnig falla í kramið hjá svarendum.
- Upp komu fjölbreyttar hugmyndir um þjónustu sem bjóða mætti upp á í samfélagsrými í eða við sundlaugarmannvirki í hverfinu. Ein nefndi að halda mætti ball í sundlauginni eða listdans og annar leiksýningar. Þá voru nefndar listasmiðjur t.d. þar sem kenndar væru hannyrðir og fata- og blómaskiptimarkaðir.
  - „Veitingaþjónusta af einhverju tagi. Samkomusalur sem er fjölnota rými – hægt að nota í fundi, jóga, bingó, tónleika. Hljóðkerfi. Tengja við bókasafn t.d. eða hafa spil. Staður sem hjálpar til við deiliahagkerfið – hægt að leigja eða fá lánað.“
- Einn nefndi að sundlaugarsvæðið ætti að vera opið (þ.e. ekki afgirt) eins og á Akureyri. Þá geta fleiri farið inn á svæðið og nýtt garðinn án þess að fara í sund. Með því móti væri hægt að bjóða upp á fjölbreyttari þjónustu í garðinum.

### En hvers konar þjónustu eða aðstöðu sæir þú fyrir þér fyrir fjölskyldur og börn?

- Veitingasala (6)
- Leiksvæði (5)
- Kaffihús (4)
- Bókasafn (2)
- Buslaug/vaðlaug (2)
- Innileiksvæði (2)
- Upplstur á bókum (2)
- Tónleikar
- Brúðuleikhús
- Ratleikur
- Námskeið (myndlist, tónlist, leikir)
- Innilaugar
- Athafnarými (til að komast úr umhverfislátum)
- Fjölskylduvænir búningsklefar
- Ókeypís í sund
- Skapandi rými
- Rými fyrir listamenn sem höfða til barna
- Ísbúð
- Mötuneyti
- Fræðsla
- Aðstaða til að halda afmælisveislur
- Bakarí
- Sundbíó
- Leikfangahorn
- Rennibrautir
- Glerhýsi með barnagæslu (í augsýn foreldra)

### En hvers konar þjónustu eða aðstöðu sæir þú fyrir þér fyrir unglunga?

- Félagsmiðstöðvar (4)
- Aðstaða til að hanga saman (5)
- Leiktæki/æfingatæki (3)
- Heitir pottar hannaðir fyrir unglunga til að hanga saman í (2)



- Kaffihús (2)
- Leiksýningar
- Lifandi tónlist
- Uppistand
- Sérstakt rými fyrir unglunga
- Íþróttaaðstaða
- Aðstaða fyrir rafíþróttir
- Tónlistarskóli
- Ísbúð
- Veitingasala
- Spilakvöld
- Áhugamálsklúbbar (t.d. fyrir make-up, lestur o.fl.)
- Einkaklefar í sundi
- Aðstaða fyrir öll kyn til að skipta um föt
- Aðstaða til að hlaða síma
- Rennibrautir
- Keilusalur
- Pílukest
- Pingpong
- Partýkvöld í sundlauginni með ljósum og tónlist

### En hvers konar þjónustu eða aðstöðu sæir þú fyrir þér fyrir eldri borgara?

- Kaffihús eða aðstaða til að fá sér kaffi (6)
- Sundleikfimitímar (6)
- Gott aðgengi (5)
- Veitingasala (4)
- Menningarviðburðir (3)
- Aðstaða til að spila (3)
- Öryggisatriði (stamt gólfefni, handrið) (3)
- Bókasafn (2)
- Slökunarherbergi (t.d. með heitum bókstrum og tei) (2)
- Æfingar í lauginni (2)
- Heitir pottar
- Upplestur bóka
- Handavinnu- og tæknaaðstoð
- Tafl
- Tryggja að þau geti synt á sínum hraða
- Fjölga minni pottum til að hægt sé að ræða saman í litlum hópum
- Bingó
- Félagsvist
- Ball í lauginni með eldri borgurum og unglungum saman
- Samkomusalir til að sinna áhugamálum (t.d. dans)
- Hópefli
- Söngstundir
- Aðstoð við að sækja um þjónustu borgarinnar
- Fræðsla og námskeið
- Leikfimi
- Danstímar
- Iðjutímar (t.d. handavinna)
- Flot
- Slökun



- Frítt í sund
- Skjáiir með ráðum um hreyfingu, matarræði o.fl.
- Innflytjendur geti pantað tíma hjá eldri borgurum til að æfa sig í íslensku
- Samstarf við félagsstarf eldri borgara

### Er fleira sem þér dettur í hug varðandi aðstöðu eða þjónustu?

- Spa (nudd, slökunarrými)
- Hafa sundstaði gjaldfrjálsa
- Almenningssalerni
- Hafa aðgengilegt fyrir öll kyn og fyrir fatlaða
- Veitingaþjónusta
- Sundlaugarbar
- Göngu- og útivistarhópar
- Staður til að tengja saman kynslóðir (ungir leiðbeina eldri með tækni og eldri kenna annað t.d. að spila vist)
- Bæta almenningsamgöngur
- Þjónusta við börn útlendinga
- Leiðbeiningastofa
- Sundlaug fyrir hunda
- Gera köldu pottana meira aðlaðandi (ekki bara fiskikar)
- Aðgengi fatlaðra
- Kynningar og fræðsla (t.d. um fjölmenningu og samfélagsmál)

Hér að neðan er listi yfir þjónustu og aðstöðu sem gæti komið til greina að setja upp við eða í sundlaugamannvirki í þínu hverfi. Vinsamlega merktu við að hámarki fimm atriði sem myndu hvað helst verða til þess að þú og fjölskylda þín mynduð koma oftár í sundlaugar og/eða dvelja þar lengur.

- Hér áttu svarendur að velja fimm atriði en nokkrir völdu fleiri en fimm. Við úrvinnslu voru því einungis talin með fyrstu 5 svörin sem þessir svarendur merktu við.
- Alls merktu 34 þátttakendur við svarmöguleika í þessari spurningu.

Svarmöguleikar	Fjöldi	Hlutfall
Bakarí/kaffihús	27	79.4%
Veitingastaður	26	76.5%
Leikaðstaða inni/úti	15	44.1%
Líkamsrækt – tækjasalur, jógasalur o.þ.h.	14	41.2%
Skapandi smiðjur með laser skerum, þrívíddarprenturum o.fl. - FAB - LAB	13	38.2%
Aðstaða fyrir fólk á eftirlaunum til að hittast og efla félagstengsl	12	35.3%
Aðstaða til að halda fundi t.d. húsfundi fyrir húsfélög og geta bókað rými til að læra eða vinna	9	26.5%
Bar, íþróttaleikjum streymt, píla o.fl.	9	26.5%
Fjölnotasalur/fyrirlestrasalur	9	26.5%
Aðstaða fyrir foreldra ungra barna	8	23.5%
Flýti-borgarþjónusta, aðstoð við að skila inn umsóknum á einum stað t.d. fyrir húsaleigubætur, frístundastyrk eða fjárhagsaðstoð	7	20.6%
Borðspil	5	14.7%
Aðstaða til iðkunar rafíþróttar	2	5.9%
Ekkert þessara atriða	1	2.9%
Samtals	157	

**Hver eru þín helstu áhugamál og hvað gerir þú helst í frítíma þínum?**

- Bókalestur (14)
- Samvera með fjölskyldu og vinum (14)
- Útivera/göngur (14)
- Sund (9)
- Hreyfing/íþróttir/líkamsrækt (6)
- Menning (6)
- Sjónvarpsþættir/kvikmyndir (6)
- Bakstur/eldamennska (5)
- Tónleikar/tónlist (5)
- Ferðalög (4)
- Þrjóna (4)
- Matur (3)
- Söfn og sýningar (3)
- Fara á kaffihús (3)
- Fara á veitingahús/bari (2)
- Fjallgöngur (2)
- Félagsstörf (2)
- Garðyrkja (2)
- Hjólreiðar (2)
- Hlaup (2)
- Hlusta á hljóðbækur (2)
- Hlusta á tónlist (2)
- Leiklist/leikhús (2)
- Mála (2)
- Skíði (2)
- Skrif (2)
- Andleg málefni
- Borða góðan mat
- Sjósund
- Myndlist
- Paddling
- Horfa á íþróttir
- Hlusta á hlaðvörp
- Búa til tónlist
- Spila
- Smíðar
- Púsla
- Fatasaumur
- Heimspeki
- Fjölmennning
- Hönnun
- List
- Bingó
- Fótbolti
- Jóga
- Berjast fyrir bættu samfélagi
- Tölvuleikir
- Krossgátur
- Að syngja
- Kajaksiglingar



### Telur þú að með því að hafa fjölbreyttara úrval af afþreyingu og aðgengi að aðstöðu í nálægð sundlaugar gæti með einhverju móti orðið vettvangur fyrir þig til að sinna þessum áhugamálum?

- Flestir töldu að þetta gæti vel orðið vettvangur til að sinna þeirra áhugamálum.
- Nokkrir nefndu í þessu samhengi notalegt kaffihús til að verja tíma með fjölskyldu og vinum.
- Þá töldu þátttakendur að aukið úrval afþreyingar og aðgengi að aðstöðu yrði góður vettvangur til að rækta líkama og sál.
- Sex svarendur töldu sig ólíklega til að nýta sér aukið úrval afþreyingar og aðgengi að aðstöðu í nálægt sundlaugar.

## 8. AÐ LOKUM

### Er eitthvað annað að lokum sem þú vilt koma á framfæri?

- Þó nokkrir svarendur sögðu að það hefði verið skemmtilegt að taka þátt og fannst umræðurnar áhugaverðar. Þá tjáðu nokkrir þakklæti sitt að fá tækifæri til að segja sitt álit og hafa áhrif.
- „Skemmtileg könnun! Ég vona að eitthvað yndislegt og fallett komi útúr þessu.“
- „Nei, fannst þetta áhugavert og gaman að sjá að það eru einhverjar þælingar í að þróa sundlaugar í meiri samkomustað. Bara besta mál.“
- „Ég kann vel að meta þá viðleitni sem birtist í þessu verkefni. Reykjavík hefur farið fram en svo ótal margt er hægt að gera án mikils tilkostnaðar og þá gegn viðráðanlegu gjaldi fyrir borgarana. Þarf ekki allt að vera rándýrt og glæsilegt, má alveg halda við jörðina ☺ Takk fyrir að fá að leggja orð í belg.“
- Nokkrir komu á framfæri hugðarefnum sínum sem þó tengdust ekki beint efni vefumræðuborðsins um uppbyggingu í og við sundlaugar.
- „Ég vil nota þennan vettvang og mótmæla harðlega fyrirhuguðum áformum Reykjavíkur um að þvinga niður byggingum á Bústaðavegi. Þessi áform eru galin og í óþökk íbúðareigenda.“
- Tveir þátttakendur nefndu að spurningar hefðu verið óskýrar og tveimur fannst þær of líkar innbyrðis.





## REYKJAVÍKURBORG

### KYNNING

Takk fyrir að taka þátt í þessu vefumræðuborði um þitt nánasta umhverfi og þjónustuna sem þar er veitt.

Þú getur svarað öllum spurningum í vefumræðuborðinu í einu eða tekið þér hlé frá því að svara og lokað vafranum.

Til þess að komast aftur inn í vefumræðuborðið smellir þú á hlekkinn sem þú fékkst í tölvupóstinum og getur haldið áfram að svara.

Athugið að vefumræðuborðið verður aðeins opið í 3 sólahringa svo endilega byrjaðu að svara strax. Virkir þátttakendur fá 10.000 króna gjafakort í verslunarmiðstöð.

Maskína fylgist með umræðunum jafnóðum og í einhverjum tilvikum sendum við á einstaka þátttakanda og biðjum um frekari svör.

Þú þarft ekki að svara öllum einstökum spurningum og ef þú velur að svara ekki tiltekinni spurning smellir þú einfaldlega á „>“ hnappinn.

Farið verður með öll svör sem trúnaðarmál og eru niðurstöður ekki rekjanlegar til einstaklinga. Til að gæta nafnleyndar munt þú svara undir dulnefni í borðinu.

Þú getur haft samband við Freyju, í gegnum netfangið freyja@maskina.is eða í síma 578-0125, ef þú hefur frekari spurningar.

## UPPLIFUN AF OPINBERUM STÖÐUM

### OPINBERIR STAÐIR

Getur þú nefnt opinberan stað eða staði í borginni þar sem fólk getur komið og átt í samskiptum við aðra?

*Þórshani (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 21 árs, kona)* Mér dettur ekkert í hug.

*Gulönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 48 ára, karl)* Kringlan

*Himbrimi (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 42 ára, kona)* Klambratún. Ráðhúsið. Leiksvæði í Gufunesi. Leiksvæði í Fossvogi. Grasagarðurinn í Laugardal. Leiksvæði í Laugardal. Öll bókasöfn borgarinnar.

*Rauðbrystingur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 40 ára, kona)*

hmmm, það er kannski eftir því hvernig samskipti er átt við. Það sem nefnt er að ofan, allir opinberir garðar, verslunarmiðstöðvar, kaffihús.



**Flórigoði (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 38 ára, kona)** Miðbær Reykjavíkur. Hljómskálagarðurinn. Borgarbókasafnið.

**Rjúpa (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 54 ára, kona)** Bókasafnið er opið nokkra daga í viku

**Straumönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 36 ára, kona)** Sérstaklega bókasöfn en þau eru öllum opin og ekki ætlast til að gestir þurfi að greiða fyrir neitt heldur eru þau einfaldlega bara staður til að vera á og staður til að hitta aðra. Svo er auðvitað líka hægt að hittast og eiga samskipti við aðra á söfnum, í sundlaugum, á kaffihúsum, í almenningagörðum og í verslunarmiðstöðvum svo eitthvað sé nefnt.

**Fálki (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 77 ára, kona)** Nei, ég man ekki eftir því núna, því covid-19 ruglar mann alveg.

**Eyrugla (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 76 ára, kona)** Borgarbókasafn

**Stökkönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 24 ára, kona)** Kaffihús, Austurvöllur, ...

**Óðinshani (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 78 ára, kona)** Kringlan Félagsmiðstöðvar aldraðra

**Kría (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 50 ára, karl)** Sundlaugar, Þjóðminjasafn, bókasöfn, ráðhúsið

**Hávella (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 40 ára, kona)** bókasafn

**Steindepill (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 108, 55 ára, kona)** bókaöfn

**Smyrill (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 31 árs, karl)** nei, mér finnst einmitt mikill skortur á slíkum rýmum

**Rauðhöfðaönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 35 ára, kona)** samfélagshúsið Aflagranda

**Brandugla (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 66 ára, kona)** Klambatún



*Heiðlóa (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 48 ára, karl)*

Borgarbókasafnið og önnur bókasöfn.

Listasöfn borgarinnar. Kaffihús og barir.

*Tjaldur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 58 ára, kona)* Kjarvalsstaðir, Listasafn Íslands,

Listasafn Reykjavíkur Hafnarhúsi, Háskólatorg, bókasöfnin,

*Glókollur (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 63 ára, karl)* Er einstæðingur og hef ekki komið á opinberan stað í

meira en 9 ár. Heldur ekki matsölustaði né eða aðra staði, sem öryrki þá virðist ekki gert ráð fyrir því að við komumst á slíka staði.

*Urtönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 69 ára, kona)* Kjarvalsstaðir, sundlaugarnar

*Gráspör (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 43 ára, karl)* Laugavegur

Skólavörðustígur Sundlaugarnar

*Hrafn (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 33 ára, kona)* Allir bekkir úti.

Margir garðar t.d. Hljómskálagarður, Austurvöllur, Laugardalur.

Hægt er að hittast í Ráðhúsinu, heiti potturinn í sundlaugunum er klassískur, bókasöfnin en þá þarf að hafa hljótt.

Verslunarmiðstöðvar.

*Snæugla (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 56 ára, kona)* Mér dettur Harpa fyrst í hug og

svo nota ég listasöfnin mjög mikið til að hitta fólk og njóta með öðrum

*Haförn (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 42 ára, kona)* Sundlaugar,

bókasöfn, Gerðuberg, leikhús

*Sjósvala (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 42 ára, kona)*

Sundlaugar

Bókasöfn

*Húsönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 33 ára, karl)* Sundlaugar

Útivistarsvæði



*Tildra (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 79 ára, karl)* Er ekki lengur íbúi í Reykjavík. Tel því ekki rétt að svara þessu.

*Fjöruspói (ein(n) á heimili, póstnúmer: 104, 51 árs, kona)* Sunlaugar, bókasöfn og Hlutverkasetur.

*Stelkur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 108, 79 ára, karl)* Gerðuberg

*Lómur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 52 ára, kona)* Kringlan  
Veitingastaðir  
Ylströndin  
Sundstaðir borgarinnar

*Sendlingur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 104, 40 ára, karl)*  
Grasagarðurinn, Austurvöllur, sunnlaugar

*Skúmur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 108, 27 ára, kona)* Sundlaugar, félagsmiðstöðvar

*Hrossagaukur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 20 ára, karl)* Nei

*Lundi (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 49 ára, karl)* Mér dettur í hug Harpa, ef að hún telst sem opinber staður.

*Sandlóa (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 41 árs, karl)*  
Þjóðarbókhöðuna, Þjóðminnjasafnið, Listasafn Reykjavíkur, Listasafn Íslands, Árbæjarsafnið, Ráðuhúsið, Öll bókasöfn borgarinnar, Sundlaugarnar, Kjarvalstaðir, Perlan og flr og lfr.

*Jaðrakan (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 45 ára, kona)* Dettur helst í hug bókasöfn og önnur söfn.

*Gráþröstur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 32 ára, kona)*  
almenningsgardar, sunnlaugar, kaffihús

*Spói (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 66 ára, karl)* Söfn, t.d. bókasöfn, sunnlaugar ofl - fer eftir því hvort áttverið staði sem ekki þarf að borga sig inn á eða ekki. Anddyri hér og þar t.ds. Harpa.

**OPINBERIR STAÐIR: SJÁLFSRÆKT OG FÉLAGSLEGAR ÞARFIR**

Getur þú nefnt opinberan stað eða staði sem styðja við sjálfsrækt og félagslegar þarfir borgara?

*Þórshani (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 21 árs, kona)* Já, t.d. félagsmiðstöðvar Reykjavíkur

*Himbrimi (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 42 ára, kona)* Öll bókasöfn borgarinnar. Allar sundlaugar borgarinnar. Öll leiksvæði borgarinnar. Öll útiæfing svæði borgarinnar.

*Rauðbrystingur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 40 ára, kona)* nei, þetta er mjög opin spurning en þó er verið að spyrja um eitthvað ákveðið.

*Flórigoði (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 38 ára, kona)* Borgarbókasafnið. Listasöfn. Hlutverkasetur. Félagsmiðstöðvar inni á elliheimilium. Sundlaugar.

*Straumönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 36 ára, kona)* Bókasöfnin eru þarna í lykilhutverki myndi ég segja, sem og menningarmiðstöðvar og félagsmiðstöðvar fyrir börn, unglinga og aldraða til dæmis.

*Fálki (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 77 ára, kona)* Nei, ekki opinberan stað, en leikhópur sem heitir Halaleikhópurinn og er leikhópur fatlaðra og ófatlaðra, en þar er stutt við sjálfrækt og félagslegar þarfir þeirra sem vilja.

*Eyrugla (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 76 ára, kona)* Klambratúni , Hljómskálagarður, Elliðaárdalur

*Stökkönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 24 ára, kona)* Fer eftir hvað er meint með opinberir staðir. Bókasöfn, kaffihús, garðarnir, heilsuræktir

*Óðinshani (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 78 ára, kona)* Félagsmiðstöðvar aldraðra,

*Gulönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 48 ára, karl)* Veitingahús

*Kría (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 50 ára, karl)* sundlaugar, bókasöfn



**Hávella (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 40 ára, kona)** bókasöfn og sund

**Smyrill (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 31 árs, karl)** Ekkert nema Klambratún og álíka þar sem líkamsræktartæki eru að finna. Ekkert félagslegt nei og hvað þá utandyra

**Rauðhöfðaönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 35 ára, kona)** garðar eins og grasagarðurinn, hljomskalagarðurinn og klambratun, sundlaugar, skiðasvæðin, hundasvæðið a geirsnefi (væri afar gott að fa fleiri þannig svæði), félagsmiðstöðvar og hjóla/göngustígar

**Brandugla (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 66 ára, kona)** Nei, það get ég ekki

**Steindepill (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 108, 55 ára, kona)** bókasöfn og sundlaugar

**Heiðlóa (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 48 ára, karl)** Bókasöfn og listasöfn.

Gallerí og plötuverslanir.

Sundlaugar og líkamsræktarstöðvar.

**Tjaldur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 58 ára, kona)** Bókasöfnin, sundlaugarnar, háskólinn, listasöfnin (sem ætti n.b. að vera frítt inn í), útivistarsvæði og garðar

**Glókollur (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 63 ára, karl)** Nei

**Urtönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 69 ára, kona)** Leikhúsin, Harpa, listasöfn, bókasöfn, sundlaugar

**Gráspör (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 43 ára, karl)** Sundlaugarnar, bókasöfnin, kaffihús

**Hrafn (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 33 ára, kona)** Sama svar og við fyrri spurningu; almenningsgarðar, sundlaugar, öll söfn bæði lista- og bókasöfn. Jafnvel kaffihús

**Snæugla (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 56 ára, kona)** Dettur í hug bókasöfnin og mögulega kirkjurnar eða finnst allavega að þær ættu að sinna því



**Haförn (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 42 ára, kona)** Sundlaugar og íþróttafélögin. Grænir reitur eins og Laugardalurinn, Elliðarárdalurinn, Klambartún. Tónlistaskólarnir.

**Sjósvala (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 42 ára, kona)** Bókasöfn Félagsmiðstöðvar

**Húsönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 33 ára, karl)** Detta helst í hug sundlaugar

**Fjöruspói (ein(n) á heimili, póstnúmer: 104, 51 árs, kona)** Hlutverkasetur, kirkjur og allskar 12 spora fundir

**Stelkur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 108, 79 ára, karl)** Gerðuberg, Fella- og Hólakirkja, Bústaðakirkja

**Lómur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 52 ára, kona)** Sundlaugarnar Bókasöfn Listasöfnin Skíðasvæðin Grænuvæðin í borginni Öskjuhlíð Hljómskálagarðurinn Nauthólsvík göngustígar með fram strandlengjunni Heiðmörk. Elliðaárdalur

**Sendlingur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 104, 40 ára, karl)** Bókasöfn, sundlaugar

**Skúmur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 108, 27 ára, kona)** Sundlaugar, líkamsræktarstöðar, almenningsgarðar, félagsmiðstöðvar, bókasöfn

**Hrossagaukur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 20 ára, karl)** Nei

**Lundi (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 49 ára, karl)** Bókasöfn og hverfismiðstöðvar. Hægt er að nefna Gerðuberg í því samhengi. Eins eru sundlaugarnar mikilvægar hjá stórum hópi fólks. Eins langar mig að nefna menningarstarfsemi, listasöfn, leikhús og tónleikastaðir gegna að mínu mati bæði sjálfræktar og félagslegum hlutverkum.

**Sandlóa (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 41 árs, karl)** Sundlaugarnar, bókasöfnunin



*Jaðrakan (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 45 ára, kona)* sundlaugar, útivistarsvæði eins og Nauthólsvík, Klambratún og Öskjuhlíðin.

*Gráþröstur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 32 ára, kona)* sundlaugar, líkamsraektarstodvar, bokasofn, listasofn og menningarhus, gardar

*Grágæs (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 66 ára, karl)* Nei

*Spói (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 66 ára, karl)* Íþróttamannvirki, almenningsgarðar, sundlaugar, söfn ofl þessháttar

#### OPINBERIR STAÐIR: VELLÍÐAN

Á hvers konar opinberum stöðum líður þér vel?

*Þórshani (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 21 árs, kona)* Kaffihúsum með vinum

*Himbrimi (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 42 ára, kona)* Fyrst og fremst grænum svæðum. Líka á leiksvæðum og bókasöfnum.

*Rauðbrystingur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 40 ára, kona)* bókasöfnum, söfnum, almenningsgörrðum.

*Flórgoði (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 38 ára, kona)* Bókasöfnun. Grænum svæðum.

*Straumönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 36 ára, kona)* Þar sem umhverfið er aðlaðandi og þægilegt. Mér líður best í rólegu umhverfi þar sem ekki eru kvaðir á að maður þurfi að kaupa eitthvað. Bókasöfn og sundlaugar eru góð dæmi um staði þar sem mér líður yfirleitt vel.

*Fálki (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 77 ára, kona)* Ég fer mjög sjaldan á opinbera staði, en stundum í leikhús þar sem mér líður vel. Einnig tek ég þátt í félagsstarfi Sjálfsbjargar, þegar ekki er lokað vegna covid-19.

*Eyrugla (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 76 ára, kona)* Þat sem hægt er að ganga um, setjast niður og t.d hugleiða en líka hitta fólk





*Stökkönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 24 ára, kona)* Mér líður vel í miðborginni, Laugardal, Klambratúni og öðrum almenningsgörðum, á bókasöfnum, kaffihúsum osfrv... skipulögð græn svæði, staðir sem heyrast ekki í umferð og loftmengun ekki mikil

*Óðinshani (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 78 ára, kona)* Í grasagarðinum, á Klambratúni í Fossvogi á göngubrautunum

*Gulönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 48 ára, karl)* Fer eftir umhverfinu, veðrinu og félagsskapnum

*Kría (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 50 ára, karl)* í sundlaugum, á bókasöfnum, á göngu um græn svæði og fjarri umferð og áreiti

*Hávella (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 40 ára, kona)* vel upplýstum,

*Smyrill (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 31 árs, karl)* Bókasöfnum

*Rauðhöfðaönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 35 ára, kona)* opnum útigörðum, bókasöfnum, sundlaugum, skíðasvæðum

*Brandugla (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 66 ára, kona)* Í heitum potti í sundlaugum

*Steindepill (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 108, 55 ára, kona)* sundlaugum

*Heiðlóa (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 48 ára, karl)* Plötubúðum. Bókasöfnum. Útisvæði eins og Öskjuhlíð og Klambratún.

*Tjaldur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 58 ára, kona)* Listasöfnum, útivistarsvæðum, bókasöfnum,

*Glókollur (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 63 ára, karl)* Sjá svar við fyrstu spurningu

*Gráspör (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 43 ára, karl)* Miðbænum, heitu pottunum, útivistarsvæðunum



*Urtönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 69 ára, kona)* sundlaugum, bókasöfnum, almenningsgarðar

*Hrafn (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 33 ára, kona)* Mér líður vel á opnum stöðum. Almenningsgarðar eins og Hljómskálagarðurinn, Laugardalurinn. Bókasöfnin eru róandi, hvíld. Heiti potturinn í sundlaugunum gefur slökun. Gangstéttir bjóða uppá göngutúra.

*Snægla (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 56 ára, kona)* Sudlaugar og listasöfn

*Haförn (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 42 ára, kona)* Laugardalnum, sundlaugum, Gerðuberg

*Sjósvala (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 42 ára, kona)* Grænum svæðum borgarinnar

Heita pottinum í sundlaugunum

*Húsönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 33 ára, karl)* Útivistarsvæðum. Fossvogsdal, Elliðaárdal, Laugardal.

*Fjöruspói (ein(n) á heimili, póstnúmer: 104, 51 árs, kona)* sund, listasöfn og almenningsgarðar. nauhólsvík, heiðmörk og jafnvel að ganga Esjuna.

*Stelkur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 108, 79 ára, karl)* Bókasöfn

*Lómur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 52 ára, kona)* Útisivæðið höfða mest til mín sem og sundlaugarnar . Líka snyrtileg kaffihús og veitingastaðir

*Sendlingur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 104, 40 ára, karl)* Sundlaugum, almenningsgöörðum, Austurvöllur, bókasöfnum

*Skúmur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 108, 27 ára, kona)* Útisivæðum eins og grasagarðinum og klambratúni, bókasöfnum, á gönguleiðum

*Hrossagaukur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 20 ára, karl)* Enginn umfram annan



*Lundi (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 49 ára, karl)* Ég sækí í menningarstaði, þeir veita mér vellíðan, tónleikar, leikhús og myndlistarrýningar. Sundlaugarnar eru einnig staðir sem ég sækí í. Svo auðvitað guðsgræn náttúran.

*Sandlóa (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 41 árs, karl)* Söfnum borgarinnar, leikhúsum, skólum, almenningsgördum og sundlaugum.

*Jaðrakan (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 45 ára, kona)* Sundlaugum, Austurvöllur í sól og sumri, laugavegur og miðbærinn í kringum jólin, grasagarðurinn, laugardalurinn

*Gráþröstur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 32 ára, kona)* almenningsgördum, bokasofnum, sundlaugum

*Spói (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 66 ára, karl)* Almenningsgördum, sundlaugum - reyndar líður mér yfirleitt vel

## LÝÐHEILSA OG SAMFÉLAGSLEG ÞÁTTTAKA

### LÝÐHEILSA

Hvað kemur upp í hugann þegar þú hugsar um lýðheilsu?

*Þórshani (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 21 árs, kona)* Hreyfing og vellíðan

*Himbrimi (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 42 ára, kona)* Göngur. Hjól. Fjallgöngur. Hlaup. Sund.

*Flórgoði (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 38 ára, kona)* Hreyfing. Forvarnir. Rækta andlega heilsu. Minnka streytnu. Minni vinna og fleiri samverustundir með þínum nánustu

*Straumönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 36 ára, kona)* Það fyrsta sem kemur upp í hugann er embætti Landlæknis.

*Fálki (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 77 ára, kona)* Að hugað er að heilsu lýðsins, ekki bara einstaklings.

*Eyrugla (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 76 ára, kona)* Hreint loft, aðstæður til samveru



**Stökkönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 24 ára, kona)** Útivist og hollt fæði. Hreint loft og að tilheyra samfélagi.

**Rauðbrystingur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 40 ára, kona)** Andleg og líkamleg heilsa fólk út frá ákveðnum gildum.

**Óðinshani (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 78 ára, kona)** Hreyfing, hollt matarræði, góður svefn félagsleg samskipti við fjölskylduna og barnabörnin

**Gulönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 48 ára, karl)** Líkamsrækt, heilsugæsla, lyf

**Kría (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 50 ára, karl)** Hreyfing, slökun, núvitund, útivera, samvera, næring, rækta andann, reglulegur svefn og jafnvægi í vinnu og öðrum daglegur þáttum.

**Hávella (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 40 ára, kona)** Forvarnir, Aðgerðir sem gagnast fjöldanum

**Smyrill (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 31 árs, karl)** Ábótavant

**Rauðhöfðaönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 35 ára, kona)** samfélagsþátturinn að stuðla að lýðheilsu allra borgara

**Brandugla (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 66 ára, kona)** Almenn heilsa borgaranna

**Steindepill (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 108, 55 ára, kona)** hollur matur.næghryfing. góður félagskapur

**Heiðlóa (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 48 ára, karl)** Andleg líðan, hreyfing, góð samskipti, virðing fyrir náttúrunni og öðru fólki.

**Tjaldur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 58 ára, kona)** Andlegt og líkamlegt öryggi - forvarnir varðandi hreyfingu og mataræði - sanngirni og jafnrétti



*Glókollur (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 63 ára, karl)* Heilbrigði þjóðarinnar í heild

*Gráspör (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 43 ára, karl)* Hreyfing, svefn, hreint loft, hollur matur

*Urtönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 69 ára, kona)* Heilsuefling, forvarnir

*Hrafn (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 33 ára, kona)* Heilsa lýðsins. Sameiginleg rækt fólksins, vellíðan og hreysti. Til að efla almenning og gera forvarnir.

*Snæugla (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 56 ára, kona)* Heilsugæslur

*Haförn (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 42 ára, kona)* Handþvottur, Matarræði, svefn og hreyfing

*Sjósvala (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 42 ára, kona)* hreyfing og mataræði

*Húsönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 33 ára, karl)* Hreyfing og útivera. Mataræði.

*Fjöruspói (ein(n) á heimili, póstnúmer: 104, 51 árs, kona)* Að lýða vel. Því miður dettur mér ekkert í hug sem ekki kostar peninga og jafnvel mikið af honum. Hvort sem það er að stunda joga eða hugleiðslu. Græðgin er að drepa alla. kostar peninga að viðhalda lýðheilsu. Ég nota því bara götur og garða borgarinn til að viðhalda minni lýðheilsu.

*Stelkur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 108, 79 ára, karl)* Sundlaugar

*Lómur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 52 ára, kona)* Nauðsyn heilbrigðs lífstíls

*Sendlingur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 104, 40 ára, karl)* Almenn heilsa og heilsu meðvitund borgara. Opinberar og almennar heilsufarsumræður í fjöl- og samfélagsmiðlum

*Skúmur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 108, 27 ára, kona)* Forvarnir, andleg og líkamleg heilsa



**Hrossagaukur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 20 ára, karl)** Almenn heilbrigði

**Lundi (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 49 ára, karl)** Almenn hreyfing og útivist.

**Sandlóa (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 41 árs, karl)** Heilsurækt almennings þar sem hið opinbera og samfélagið kemur að.

**Jaðrakan (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 45 ára, kona)** svefn, matarræði, andleg og líkamleg vellíðan

**Grábröstur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 32 ára, kona)** viðhalda og bæta heilbrigði folks

**Rjúpa (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 54 ára, kona)** Stjórnsýsluleg stýring á því sem e-r fræðingur telur fólki fyrir bestu.

**Spói (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 66 ára, karl)** Fólk, sérfræðingar, að tala um lýðheilsu. Upplifi mig aldrei sem einhvern hluta af lýðheilsu. Orðið sjálf er ekki notað dags daglega af almenningi.

## AÐSTAÐA OG ÞJÓNUSTA

Hvernig sérðu fyrir þér aðstöðu og þjónustu í hverfinu þínu sem gæti ýtt undir þátttöku borgarbúa?

**Þórshani (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 21 árs, kona)** Það er t.d. fríspígólvöllur rétt hjá þar sem ég bý og Grasagarðurinn er líka nálægt.

**Himbrimi (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 42 ára, kona)** Klambratún hefur verið að þróast með skemmtilegum hætti og ég sé mjög mikinn mun á notkun þess síðan ég flutti í Hlíðarnar fyrir 13 árum. Þar er ýmislegt sem hægt er að "gera" í bland við það að bara hanga. Fjölga mætti slíkri afþreyingu í Öskjuhlíð og gefa út gott kort fyrir svæðið með öllum möguleikum á útivist þar. Enn fremur mætti sem dæmi auka enn frekar við svæðið við Stigahlíð þar sem nú er lítill leikvöllur.

Það yrði mikil lyftistöng fyrir hverfið ef borgin gæti ýtt undir það að meiri þjónusta kæmi í hverfið í formi kaupmannsins á horninu: Kaffihús, mathús eða bakarí í Lönguhlíð eða Skógarhlíð, til dæmis. Í umræðuhópum á FB hafa íbúar hverfisins lýst yfir miklum áhuga á slíku.



**Flórigoði (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 38 ára, kona)** Hafa sundlaugar sem flottastar og aðgengilegar. Bæta aðgengi fatlaðra að sem flestum stöðum. Fleiri græn svæði. Fleiri leikvelli fyrir börn og foreldra til að njóta. Þjóða upp á frí námskeið til að efla geðheilsu.

**Straumönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 36 ára, kona)** Að hafa bókasafn/menningarhús á góðum stað í hverfinu þar sem líka væri hægt að sækja alla borgaralega þjónustu eins og nú er veitt á þjónustumiðstöðvum hverfanna.

**Fálki (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 77 ára, kona)** Þessu á ég erfitt með að svara. En eitt dettur mér í hug að komið sé upp 2-3 rólum í hinum og þessum hverfum, rólum fyrir fullorðna. Það var mjög vinsælt af gestum Heilsuhæli NLFÍ í Hveragerði, fyrir allmörgum árum að róla sér á leið í Eden. Þarna voru rólur fyrir fullorna. Eru borgarþáttfarar ekki duglegir að fara í sund, ganga og skokka?

**Eyrugla (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 76 ára, kona)** Svæði til ræktunar á sumrin, jóga ofl á grænum svæðum

**Rauðbrystingur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 40 ára, kona)** Frábær hugmynd! eins aðstaða til sjósunds (virkilega skemmtileg stemning sem myndast niðri í Nauthólsströnd)

**Eyrugla (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 76 ára, kona)** Já fleiri staðir til sjósunds væri frábært

**Stökkönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 24 ára, kona)** Efla almenningsgarðinn sem er til staðar.

**Maskína** Hvernig væri helst hægt að efla almenningsgarðinn?

**Stökkönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 24 ára, kona)** Hann er ágætur nú þegar, en lítið nýttur. Amk aldrei neinn þarna þegar ég hef heimsótt. Mætti kannski byrja á að merkja hann inni í borgarvefsjá og google maps. Þetta er svæðið bakvið Miðbæ, í Safamýri.

**Rauðbrystingur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 40 ára, kona)** Mitt hverfi er ekki tilbúið, enn í byggingu. En sameiginleg torg með verslunum og veitingastöðum, sterku bókasafni, sem jafnframt tekur þátt í menningarviðburðum. Þannig að fólk komi saman og hittist.





**Óðinshani (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 78 ára, kona)** Sundlaug og bókasafn í Fossvogsdal með kósí kaffihúsi .

**Kría (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 50 ára, karl)** Halda þarf náttúru Öskjuhlíðar sem minnst óskertri, þ.e. ekki byggja á svæðinu né leggja vegi. Klambratún má nýta enn betur en gert er í dag. T.d. mætti vinna miklu meira með malarsvæðið sem búið er að setja lítinn sparkvöll og klifurturn. Nauðsynlegt er að gera brú yfir Kringlumýrarbraut við Suðurver því þar er afar hættulegt að fara yfir t.d. í verslanir í Kringlu og í líkamsræktarstöð þar sem og bókasafn. Vonast eftir því að Miklubraut fari í stökk við Klambratún því þar eru mikil tækifæri fyrir minni umferð, mengun og slyshættu m.v. stöðuna í dag og flæði úr hlíðum yfir að t.d. Klambratúni, Kjarvalsstöðum ofl verður miklu betra og öruggara.

**Hávella (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 40 ára, kona)** gott aðgengi fyrir gangandi, garðar með bekkjum, skjóli og leikföngum, útisvæði með grilli og þar sem hópar geta komið saman. Góð lýsing og skjól

**Smyrill (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 31 árs, karl)** Yfirbyggð útisvæði með skjólveggjum þar sem fólk gæti komið saman. Það vantar sárlega félagsmiðstöð fyrir fullorðoð fólk sem vill ekki á kaffihús eða bari.

**Rauðhöfðaönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 35 ára, kona)** nú til dags þarf maður eiginlega að borga fyrir allt, það væri gott að vera með stað sem væri inni en maður þyrfti ekki að borga neitt.

**Brandugla (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 66 ára, kona)** Fleiri græn svæði með t.d. grillaðstöðu, leikjaðstöðu, BEKKI þar sem fólk getur sest og spjallað

**Gulönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 48 ára, karl)** Kaffihús, veitingastaður, sundlaug, heilsurækt

**Heiðlóa (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 48 ára, karl)** Samkomustaðir eins og kaffihús útisvæði.

**Tjaldur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 58 ára, kona)** Það er margt í boði í hverfinu mínu, góð útivistarsvæði fyrst og fremst en einnig bókasafn og félagsmiðstöðvar. Ég held að fólk þurfi að hafa tíma til að nýta sér aðstöðuna og vera meðvitað um hversu mikilvægt það er (forvarnir).



**Glókollur (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 63 ára, karl)** Bráðvantar yfirbyggt svæði fyrir fatlaða og öryrkja til hreyfingar og e.t.v. einhverra léttra æfinga og leikja

**Gráspör (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 43 ára, karl)** Torg og opin svæði, meira pláss fyrir gangandi og hjólandi

**Urtönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 69 ára, kona)** Góðar gönguleiðir / hjólaleiðir, veitingastaðir og kaffihús, græn svæði og torg

**Hrafn (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 33 ára, kona)** Fjölbreytt útivistarsvæði, auðvelt aðgengi. Auðvelt að leita sér hjálpar. Fræðsla. Auðvelt að geta leitað ráða. Inni-íþróttasvæði sem væri opið öllum, svona walk-in, geta skropið inn í fótbolta eða skotleik. Svona eins og í frímínútum

**Snæugla (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 56 ára, kona)** Einhverskonar félagsmiðstöð sem ekki er ætluð sérstökum aldurshópi það er skrítið að vera alltaf að flokka fólk hvert hverfi ætti að hafa einhverskonar miðstöð

**Haförn (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 42 ára, kona)** Ef Ármann fengi íþróttahús þá myndi aðstaða tul hreyfingar í mínu hverfi ger breytast. Einnig betri lýsing á stígum í Laugardalnum

**Húsönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 33 ára, karl)** Torg og útisvæði. Kaffihús og/eða bar.

**Sjósvala (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 42 ára, kona)** göngustígar og bekkir ásamt lýsingu og hálkuvörnum þegar við á sundlaug

**Fjöruspói (ein(n) á heimili, póstnúmer: 104, 51 árs, kona)** Þar sem ég tildæmis er ekki á samfélagsmiðlum þá mætti auka upplýsingar um viðburði í hverfinu án þess að gera ráð fyrir að allir séu á samfélagsmiðlum. Mætti vera upplýsinga skilti í hverfinu sem segir hvað er um að vera í hverfinu hverju sinni. Ég geri ráð fyrir að fleyri en ég sé ekki á samfélagsmiðlum.

**Stelkur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 108, 79 ára, karl)** Félagsmiðstöð í líkingu við Gerðuberg



**Lómur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 52 ára, kona)** Aðgengilegir göngu og hjólastígar. Að umferð gangandi og hjólandi sé í forgangi í skipulagi hverfisins. Stígar séu hreinsaðir og háلكuvarðir. Öflugar almenningssa göngur

**Sendlingur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 104, 40 ára, karl)** Er almennt sáttur einsog það er

**Skúmur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 108, 27 ára, kona)** Fleiri opin svæði, auknar menningarlegar uppákomur

**Lundi (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 49 ára, karl)** Það væri frábært að fá sundlaug í hverfið.

**Sandlóa (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 41 árs, karl)** Með fjölbreyttri aðstöðu sem haldið er vel við og er staðsett á almenningstöðum. Sem dæmi má nefna Klambratún þar sem hægt er að stunda folf, gönguskíði, körfubolta, frísí, strandblak, leikfimi, hjólréiðar, göngutúra, hjólaskauta og svona má lengi telja.

**Jaðrakan (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 45 ára, kona)** Í hverfinu mínu er stórt og mikið grænt svæði sem er vel nýtt af borgarbúum. Einnig sundlaug, fótoltavellir og gönguleiðir. Veit ekki hvað vantar ef það er eitthvað. Væri kannski gaman að hafa falletg torg með kaffihúsum öþh.

**Grápröstur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 32 ára, kona)** Gott aðgengi að sundlaugum, bokasofnum, hafa svæði sem yta undir hverskonar utivist innan hverfis td heilsuraektartaeki, leikvelli sem er vel viðhaldið, FOLF svæði, hólabbrettampur osv. ss eitthvað fyrir flesta aldurshopa.

**Rjúpa (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 54 ára, kona)** dettur ekkert í hug

**Spói (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 66 ára, karl)** Að gera gangstéttir og götur betur úr garði - það er mjög mismunandi gaman að ganga götur. Ég bý í miðbænum ogsumt er vel. gert annað ekki. Falegri götur og torg, fjölbreytni þjónustu.. Mikill munur t.d.að upplifa Óðinstorg. Á Hlemmi virðist ekkert að gerast þrátt fyrir yfirlýsingar.

**SAMKOMUSTAÐUR**

Hvað mundi einkenna samkomustað í þínu hverfi þ.e. stað þar sem fólk gæti komið saman og hitt aðra?

***Þórshani (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 21 árs, kona)*** Það eru mörg útisvæði í kringum heimilið mitt sem fólk getur hist á og gert allskonar saman

***Brandugla (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 66 ára, kona)*** Á Íslandi?

***Himbrimi (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 42 ára, kona)*** Úti væri um að ræða opið, fallett og grænt svæði þar sem hægt væri að setjast niður við bekki og borð, grilla og leika í leiktækjum.

Inni væri um að ræða kaffihús með matsölu og áfengissölu - svona staður sem er opin frá morgni og eitthvað fram eftir kvöldi en er samt ekki djammstaður.

***Brandugla (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 66 ára, kona)*** Frábær hugmynd! Opnar SNEMMA og lokar um háttatíma barnanna

***Flórigoði (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 38 ára, kona)*** Grænt svæði og aðgengilegt fyrir alla ekki bara heilsuhrausta.

***Straumönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 36 ára, kona)*** Notalegur staður, opin öllum og ókeypis. Vel búið bókasafn til dæmis.

***Fálki (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 77 ára, kona)*** Gott aðgengi á allan hátt inn og inni í húsum og að snyrtingu fyrir fatlaða.

***Eyrugla (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 76 ára, kona)*** Rólegt, bjart, fallett fyrir augað og andann

***Stökkönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 24 ára, kona)*** Að það sé eitthvað fyrir okkur öll, hvort sem fólk er með börn eða ekki, fatlað eða ófatlað, ungt eða gamalt osfrv.

***Rauðbrystingur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 40 ára, kona)*** Torg í miðju hverfi (með Pálmatréi) þar sem stutt er í náttúruverlu, hægt að sitja úti á sumrin, hittast á kaffihúsi á veturna.

Sundlaug vantar. Hún er oft mikill miðpunktur samtala lifandi stunda í öðrum hverfum.



**Óðinshani (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 78 ára, kona)** Góð aðkoma fyrir bíla, gangandi og hjólandi fólk. Fólk í hjólastólum. Opnunartími sem mundi henta bæði þeim sem eru vinnandi og heima.

**Kría (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 50 ára, karl)** Að mínu mati þarf fyrst og fremst að vera eitthvað sem höfðar til allra kynslóða bæði þannig að hægt sé að þjónusta hvern hóp sér en einnig alla saman. Það þarf því að vera einhverskonar menningarmiðstöð. Ég er persónlega mjög spenntur að sjá hvernig til tekst í Úlfarsárdal þar sem nýlega opnaði hús með samteningu bókasafns og sundlaugar. Það er áhugaverð tenging milli þess að rækta andann og líkaman um leið. Einnig vantar kaffihús í hlíðarnar en horfir líklega til betri vegar með opnum bókabúðar/kaffihús í Skipholti.

**Hávella (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 40 ára, kona)** Þjónusta í nærumhverfi, skjól, lýsing, svæði þar sem hlgt er að koma saman og sitja, liggja, gera eitthvað í leiktækjum

**Smyrill (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 31 árs, karl)** Er ekki alveg viss um að eg skilji spurninguna en það mætti alveg bjóða uppá aðstöðu svo fólk geti iðkað áhugamál sín

**Rauðhöfðaönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 35 ára, kona)** hlýlegt umhverfi, aðgengi fyrir alla og að maður upplifi sig velkomin

**Gulönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 48 ára, karl)** Þetta voru sjoppurnar áður fyrr, líklega kaffihúsin núna.

**Heiðlóa (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 48 ára, karl)** Góður andi og aðbúnaður fyrir fjölskyldur. Einnig spennandi fyrir börn og unglinga - t.d bíosalureða spilaherbergi.

**Brandugla (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 66 ára, kona)** T.d. svæði sem býður upp á grillaðstöðu, nóg af bekkjum, þjónustu fyrir fjölskyldur eins og frumleg frístundaaðstaða fyrir börn með tilheyrandi eftirliti meðan foreldrar/aðstandendur sitja á veitingahúsi í sjónmáli og spjalla. Í sjónmáli einnig tólmstundir fyrir eldri borgara, alls kyns borð, s.s. fyrir tafl, félagsvist o.fl.

**Tjaldur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 58 ára, kona)** Það væri bæði inni og úti aðstaða. Veitingasala með hollt og hagstætt úrval en einnig möguleiki á að vera með eigin veitingar. Útisvæði með góðu skjóli sem miðar við íslenskar aðstæður. Svæði með skammtíma gæslu fyrir börn svo aðstandendi geti slakað á. Svæði fyrir hópleiki eins og frolf og brennó og slíkt. Gróður



*Glókollur (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 63 ára, karl)* Að það væri gjaldfrjálst

*Gráspör (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 43 ára, karl)* Viðburðir, róleg stemmning, veitingar, eitthvað að gera fyrir börn

*Urtönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 69 ára, kona)* listasafn, almenningsgarður, útivistasvæði, veitingastaðir

*Hrafn (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 33 ára, kona)* Bý nálægt almenningsgarði svo það yrði eitthvað í tengslum við hann. Allir hugsa "förum þangað"

*Snæugla (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 56 ára, kona)* Ég veit ekki alveg en dettur í hug eitthvað tengt Grasagarðurinn gæti verið á því svæði og náttúra fuglar og útivist

*Haförn (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 42 ára, kona)* Kaffisala, barnaaðstaða og menning

*Sjósvala (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 42 ára, kona)*  
Veitingaþjónusta  
Aðstaða fyrir listviðburði

*Húsönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 33 ára, karl)* Náttúra. Fjölskyldur.

*Fjöruspói (ein(n) á heimili, póstnúmer: 104, 51 árs, kona)* Það virðist ekki vera neitt svona hverfasamkomustaður í mínu hverfi. Væri hægt að gera svo margt. Spilakvöld, mömmutímar eða jafnvel bara koma saman og þrjóna. Eitthvað svipað og kirjan hefur verið að reyna. En með tilliti til hversu margir eru að hverfa úr kirkjum væri sniðugt að eitthvað annað svipað væri í boði sem tengist ekki trú.

*Stelkur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 108, 79 ára, karl)* Fjölbreytt viðfangsefni

*Lómur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 52 ára, kona)* Þrifalegar og vel hirtir staðir. Gaman að það sé einhver skemmtileg list til að gleðja augað og til að pæla í



*Sendlingur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 104, 40 ára, karl)* Þarf ekki að vera formlegt

*Skúmur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 108, 27 ára, kona)* Ég tel þörf á auknu úrvali samkomustaða í mínu hverfi eins og kaffihús eða veitingastaðir

*Lundi (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 49 ára, karl)* Það væri gaman að fá stað í hverfið sem væri með fjölpætta starfsemi, bókasafn þar sem hægt væri að njóta annara lista og kaupa léttar veitingar.

*Sandlóa (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 41 árs, karl)* Staður eins og Kjarvalstaði þar sem væri jafnvel hægt að hafa enn meiri þjónustu í boði. T.d. hægt að leigja rýma eða bjóða uppá enn fjölbreyttari afþreyingu og/eða þjónustu.

*Jaðrakan (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 45 ára, kona)* Það væri kaffihús, auðvelt aðgengi fyrir hjólandi, eitthvað grænt (tré, blóm oph), fallett torg, leiktæki fyrir börn, bekkir til að sitja á.

*Grápröstur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 32 ára, kona)* Naest eru leikvellir

*Rjúpa (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 54 ára, kona)* .

*Spói (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 66 ára, karl)* Fjölbreytni einkennir mitt hverfi, sem er miðbærinn. Ég hitti gjarnan fólk á kaffihúsum, börum, hótellobbíum osfrv.

## UPPLIFUN OG ÍMYND SUNDLAUGA

### SUNDLAUGAR

Hvað dettur þér fyrst í hug þegar þú hugsar um sundlaugar?

*Þórshani (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 21 árs, kona)* Laugardalslaug

*Himbrimi (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 42 ára, kona)* Fjör.





**Flórigoði (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 38 ára, kona)** Yndislegt :) Góð hreyfing, gríðarleg slökun. Betri líkamleg og andleg heilsa. Samvera á milli barna og foreldra. Samvera milli fólks almennt. Sólskin (líka á veturnar ;) ) sem bætir heilsu.

**Brandugla (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 66 ára, kona)** Mætti jafnvel útvíkka aðstöðuna með því að bjóða upp á mat og aðstöðu til leikja, aðstöðu til að sitja og njóta samskipta þar sem ekki eru allir endilega á sundfötum

**Flórigoði (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 38 ára, kona)** Mjög sammála því, gefur tækifæri fyrir fólk sem vill ekki fara eða getur ekki farið í sund til að vera með og njóta samveru líka.

**Straumönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 36 ára, kona)** Upplífandi og hressandi heilsurækt.

**Fálki (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 77 ára, kona)** Of mikið klór í þeim, sem margir hafa ofnæmi fyrir (t.d. ég). Er ekki hægt að hafa gegnumstreymislaugar innan um hinar? Að á hverjum stað sé a.m.k. einn klefi fyrir mann í hjólastól bæði í karla- og kvennaklefa og hægt sé að komast undir skápinn á stólnum með fætturna. Og hægt sé að læsa klefanum, því annars er ekki víst að hjólastóllinn sé enn þar, þegar notandinn kemur til baka.

**Rauðbrystingur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 40 ára, kona)** Bæði sammála með klórinn og aðstöðuleysi í þeim sundlaugum sem eru til staðar.

**Eyrugla (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 76 ára, kona)** Slökun

**Stökkönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 24 ára, kona)** Sumar, grunnskólar, skemmtun.

**Rauðbrystingur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 40 ára, kona)** Heitir og kaldir pottar. Stund til að hrista af sér amstur dagsins. Svo mikilvægur þáttur í hversdagslífi okkar Íslendinga.

**Óðinshani (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 78 ára, kona)** Heilsurækt, félagsleg samskipti hvernig sem viðrar. Vellíðan, hreyfing sem hentar vel eldri borgurum og reyndar öllum aldri.

**Kría (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 50 ára, karl)** Slökun, vellíðan, útrás fyrir hreyfingu. Kaldur pottur bráðnauðsynlegur.

**Hávella (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 40 ára, kona)** almannagæði



*Smyrill (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 31 árs, karl)* Heitir pottar og nærvera við fólk. Óþægilegir klefar. Almennt góð líkamsrækt.

*Rauðhöfðaönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 35 ára, kona)* laugardalslaugin og heitur pottur... ég er í sóttkví núna og get ekki beðið eftir að komast aftur í sund!

*Gulönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 48 ára, karl)* Góð heilsurækt og samvera með fjölskyldunni eða vinum

*Heiðlóa (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 48 ára, karl)* Lífsgæði. Lífsstíll. Eitt af því besta við að búa á Íslandi.

*Brandugla (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 66 ára, kona)* Heilnæm samvera

*Tjaldur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 58 ára, kona)* Heitt vatn og slökun. Útivist og samvera. Hreyfing

*Glókollur (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 63 ára, karl)* Hef hrikalegt ofnæmi fyrir klór og get ekki stundað þær.

*Urtönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 69 ára, kona)* Velliðan, afslöppun, að njóta

*Hrafn (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 33 ára, kona)* Slakandi. Góð hreyfing. Afslappandi. Endurnærandi.

*Haförn (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 42 ára, kona)* Heitur pottur og rennibrautir

*Snægula (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 56 ára, kona)* Bara velliðan

*Gráspör (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 43 ára, karl)* Samvera, fjölskylda, slökun, heilsa

*Húsönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 33 ára, karl)* Krakkar



*Sjósvala (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 42 ára, kona)* Heitir pottar Góð og heilsusamleg hreyfing

*Fjöruspói (ein(n) á heimili, póstnúmer: 104, 51 árs, kona)* Velliðan. Elska allar sundlaugarnar okkar og nota þær mjög mikið.

*Stelkur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 108, 79 ára, karl)* Heilsurækt

*Lómur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 52 ára, kona)* Synda Sitja í heitapottinum og spjalla  
Kaldur pottur til að fríska sig eftir líkamleg átök  
Sauna eða gufa til að slaka á

*Sendlingur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 104, 40 ára, karl)* Eitt það besta við að búa á Íslandi. Næring fyrir sál og líkama.

*Skúmur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 108, 27 ára, kona)* Samkomustaður, hreyfing, útivera, slökun

*Lundi (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 49 ára, karl)* Ég er mjög jákvæður gangvart sundlaugum. Dásemdar staðir.

*Sandlóa (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 41 árs, karl)* Börn og þeirra þarfir.

*Jaðrakan (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 45 ára, kona)* Laugardalslaugin. Útivera, slökun, staður til að hitta vinkonur.

*Gráþröstur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 32 ára, kona)* Vellidan, slokun og fjolskylduvent

*Rjúpa (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 54 ára, kona)* Notalegheit - sársaukaminni hreyfing og heitir pottar sem mýkja og verkjastilla

*Spói (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 66 ára, karl)* Laugardalslaug, Sundhöll Reykjavíkur - góðar stundir

**SUNDLAUGAR FRH.**

Hvað dettur þér fleira í hug þegar þú hugsar um sundlaugar, aðstöðu og umhverfi þeirra?

**Þórshani (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 21 árs, kona)** Skemmtun, kósý stund, heitapottar

**Himbrimi (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 42 ára, kona)** Sem manneskja í barnafjölskyldu spái ég í það hvort barnalaug sé til staðar í sundlauginni, rennibraut, boltar, núðlur eða annað sem hægt er að leika með + hvort aðstaðan sé rúmgóð.

**Flórigoði (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 38 ára, kona)** Þarf að passa að það sé gott aðgengi fyrir fatlaða og veikari einstaklinga. Ekki bara fyrir fólk í hjólastólum, líka fólk sem á erfitt með gang. Þurfa að vera sem flest handrið, grófar/stamar flísar fyrir fólk sem er ekki með gott jafnvægi. Einnig að hafa fjölbreytt leikföng, rennibrautir og mér fannst voða flott í Laugardalslaug þar sem það er svona jafnvægis-"leikfang". Marga heita potta í mismunandi hitastigum.

**Straumönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 36 ára, kona)** Gott aðgengi en kannski má aðeins bæta það svo hægt sé að þjónusta fjölbreytta gesti.

**Eyrugla (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 76 ára, kona)** Líkamsrækt, samvera

**Fálki (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 77 ára, kona)** Að bílastæði fatlaðra, sé nálægt inngangi og nógu breið. Venjuleg breidd er 1,5 venjulegs ómerks stæðis og stundum tvöföld og þá fyrir hjólastólabíla.

**Stökkönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 24 ára, kona)** Ég bara veit ekki. Sundkútar, heitir pottar og rennibrautir. Yfirleitt mjög barnvænar.

**Rauðbrystingur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 40 ára, kona)** Það sem þarf að passa uppá í sambandi við aðstöðu er, að það eru miklar rakaskemmdir og mygla í mörgum búningaklefum (æ varð að koma því að :) ) Dásamleg forréttindi að hafa sundlaug í hverju hverfi svo hægt sé að ganga þangað. Gott væri að hafa fleiri potta með náttúrulegum steinefnum eins og sjópottinn í Laugardal og á Seltjarnarnesi. Best væri, sérstaklega nú á tímum að hafa klefa sem þurfa ekki band, þannig að maður er ekkert að ganga með gult armband á sér sem einhver annar var með. Nota bara talnalás eins og í nýju lauginni í Úlfarsárdal og Akureyri.



**Óðinshani (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 78 ára, kona)** Umhverfi með gróðri þar sem hægt er sitja úti á sumrin með kaffibolla og smárétti. Hægt að fá mun meiri tekjur út úr rekstri þeirra með því að bæta smá þjónustu við .

**Brandugla (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 66 ára, kona)** Ætti að vera hægt að bæta endalaust við möguleikana gegn viðráðanlegu gjaldi fyrir barnafjölskyldur; þarf ekki að vera mikill íburður til að gera gæfumuninn

**Kría (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 50 ára, karl)** Skólasund, nauðsynlegt að allir kunni að synda amk geta bjargað sjálfum sér og öðrum úr háaska, gott aðgengi nauðsynlegt t.d. fyrir gangandi og hjólandi sem og gesti sem nauðsynlega þurfa bílastæði s.s. aldraðir og fatlaðir. Ódýr heilsurækt. Nauðsynlegt fyrir eldri borgara, bætir heilsu og vellíðan. Staður fyrir félagsleg samskipti.

**Hávella (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 40 ára, kona)** sundlaugar eru hryggjarstykkið í hverfunum, hægt að nýta fyrir lítinn pening, holl og góð hreyfing

**Smyrill (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 31 árs, karl)** Aðstöðuna mætti bæta, ekki gera uppá milli hverfa þegar kemur að viðhaldi, umhverðið er oftast en ekki dapurlegt og steinsteypt, mætti vera meiri gróður. Oft lítið að gera fyrir börn. Sérklegar ættu að vera algengari og gott aðgengi að þeim og þá meira en að biðja um einvern lykil í afgreiðslu.

**Rauðhöfðaönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 35 ára, kona)** góð líkamsrækt, orðið frekar dýrt sport þegar maður er með 5 manna fjölskyldu og öll börnin komin yfir 6 ára. ætti frekar að vera á allra færi að fara í sund...

**Hrafn (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 33 ára, kona)** Sammála. Það er allt of dýrt í sund, sérstaklega stakt gjald! Ég hlakka svo til þegar sundlaugakortin verða sameinuð

**Gulönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 48 ára, karl)** Hversu ömurlega ílla Reykjavík hefur staðið sig í að hanna, byggja og reka sundlaugar. ÖLL nágrannasveitarfélögin gera þetta MIKLU betur. Þó að ég búi í miðri Reykjavík, þá förum við fjölskyldan alltaf í sundlaugarnar hjá Kopavogi, Hafnarfirði, Álftanesi og Mosfellsbæ.

**Hrafn (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 33 ára, kona)** Ég er ekki endilega sammála. Þó finnst mér sundlaugin úti á Seltjarnarnesi mjög fín. Hún hefur það með sér að vera með sjóvatn. Einnig er ég hrifin af Lágafellslaug í Mosfellsbæ. En ég myndi ekki leggja allar sundlaugar



Reykjavíkurborgar undir sama hatt. Þær eru allar svo misjafnar. Ef ég væri með sundkort í öðrum sveitarfélögum líka myndi það auka úrval mitt við hvaða laug ég myndi velja. Oft er það staðsetningin sem ræður. En ef þú ert að horfa út frá sjónarmiði að vera með börn á öllum aldri hef ég ekki reynslu af.

**Gulönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 48 ára, karl)** Takk Hrafn. Ég hef ekki prófað sundlaugina á Seltjarnarnesi lengi (reyndar heldur ekki í Reykjavík). Keyri fram hjá tveimur sundlaugum til að prófa hana næst.

**Heiðlóa (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 48 ára, karl)** Á mörgum stöðum gott en má bæta sumstaðar.

**Brandugla (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 66 ára, kona)** Bæta við túni, trjágróðri, listaverkum, fjölbreyttri tómstundaaðstöðu fyrir allan aldur

**Tjaldur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 58 ára, kona)** Það vantar sundlaug í mitt nærumhverfi, í stuttu göngufæri. Íslendingar elska sundlaugarnar sínar og við erum stolt af þeim.

**Glókollur (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 63 ára, karl)** Hef hrikalegt ofnæmi fyrir klór og get ekki stundað þær.

**Urtönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 69 ára, kona)** samvera fjölskyldunnar, aðlaðandi, bæði fyrir börn og gamalmenni, gott aðgengi fyrir fatlaða

**Hrafn (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 33 ára, kona)** Aðgengi, hönnun og útlit. Mikilvægt að geta setið í þægindum í heita pottinum. Mest gefandi er þegar útsýnið frá sundlauginni eða pottinum er í tengslum við náttúruna. T.d. útsýni á Lágafell í Lágafellslaug í Mosfellsbæ, útsýni yfir dalinn í Árbæjarlaug, útsýni beint yfir sjóinn og fjörðinn á Patreksfirði

**Haförn (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 42 ára, kona)** Fólk, gleði, kósýheit

**Snæugla (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 56 ára, kona)** Ég er bara ánægð með sundlaugarnar

**Gráspör (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 43 ára, karl)** Íþróttir, heilsa, mannlíf



**Húsönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 33 ára, karl)** Lýðheilsa. Félagsmiðstöð.

**Sjósvala (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 42 ára, kona)** aðstaða fyrir börn

**Fjöruspói (ein(n) á heimili, póstnúmer: 104, 51 árs, kona)** Afslöppun og góður félagsskapur. Alltaf hægt að detta í fróðleikssamtal í pottunum. Fá svör um hvað sé í gangi hverju sinni í þjóðfélaginu.

**Stelkur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 108, 79 ára, karl)** Veitingastaður

**Lómur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 52 ára, kona)** Sturtuklefan búningsklefar - feimnir útlendingar

**Sendlingur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 104, 40 ára, karl)** Sundlaugarmenning. Þakklæti, ekki sjálfgefið.

**Skúmur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 108, 27 ára, kona)** Þær þurfa að vera aðgengilegar og aðgangsgjald ætti að vera ódýrara að mínu mati.

**Lundi (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 49 ára, karl)** Heilsa og heilnæmir staðir. Sumar sundlauganna eru komnar til árána og gæta þarf að aðstaðan drabbist ekki niður.

**Sandlóa (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 41 árs, karl)** Rennibrautir, leiktæki, busl og ævintýri fyrir börn. Jafnframt stað þar sem fullorðnir geta komið saman og verið með börnum sínum og aðrir gestir notið nærveru samborgara sinna og horft á lífið.

**Jaðrakan (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 45 ára, kona)** sól, vellíðan, gaman. Afþreying fyrir börn.

**Gráþröstur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 32 ára, kona)** Styrist af hvort það sé gott aðgengi, góð aðstæða í öllum kynjaklefum fyrir yngri börn (skiptibord oth), grynri innilaug með leiktaekjum fyrir yngri en skemmtilegra utisvaedi fyrir eldi, pottar, gufa/sauna



**Rjúpa (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 54 ára, kona)** leikir, aðstaða fyrir börn

**Spói (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 66 ára, karl)** Heitir pottar, líkamsrækt

## SUNDMENNING ÍSLENDINGA

Hvernig myndir þú lýsa sundmenningu Íslendinga?

**Þórshani (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 21 árs, kona)** Hún er mjög stór og er það mjög fast í okkar menningu að fara í sund

**Himbrimi (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 42 ára, kona)** Sammála.

**Himbrimi (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 42 ára, kona)** Hangið í heita pottinum og spjallað :)

**Flórigoði (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 38 ára, kona)** Mjög aktív. Þetta þekkist ekki annars staðar held ég. Er t.d. mjög léleg sundlaugaflóra í Noregi. Var einhver 1 laug og hún var mjööööög óspennandi. Einnig er ég mjög stolt af því hvað við tökum sundkennslu barna alvarlega hérna!!

**Straumönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 36 ára, kona)** Sundferðir eru hluti af þjóðarsálinni. Jafn sjálfsagt (og nauðsynlegt) að fara í sund eins og að fara að versla í matinn og fara í vinnuna.

**Eyrugla (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 76 ára, kona)** Ástundun

**Fálki (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 77 ára, kona)** Held að hún sé mjög góð. En eitt er svolítið athyglisvert og það er að fólk, sem nennir ekki í sund almennt í heimabyggð, þræðir allar sundlaugar á ferðalögum um landið. Þá fer öll fjölskyldan í sund, en kannski aðeins börnin í heimabyggð. Eins er með Íslendinga í útlöndum, sem koma heim í frí, gengur sundferð fyrir öllu og helst bæði kvölds og morgna.

**Stökkönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 24 ára, kona)** Mjög mikil og rótgróin.

**Rauðbrystingur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 40 ára, kona)** Við erum pottabjód. Viljum okkar 40 gráður. Dásamlegt að sitja í heitum potti og hlusta á mál málanna.





Sundmenning Íslendinga felst í að skreppa eftir vinnu, eða um helgar. Við erum ekkert endilega að synda. Bara að njóta, slaka.

**Óðinshani (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 78 ára, kona)** Rótgróin menningu okkar byrjar í skólasundi sem tryggir að allir eru syndir. Heita vatnið okkar er auðlind sem mætti nota mun meira til heilsueflingar og kalda vatnið ekkert síður.

**Hávella (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 40 ára, kona)** skemmtilegri

**Kría (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 50 ára, karl)** Einstök og nauðsynlegt að viðhalda henni miðað við það frábæra aðgengi að heitu vatni sem við höfum umfram flest önnur lönd. Kynslóðir geta komið saman sem ekki er kannski auðvelt annars og allir fundið eitthvað við sitt hæfi. Við þurfum bara að gæta að því að viðhalda mannvirkjum og allri aðstöðu t.d. með tilliti til skemmda s.s. vegna raka og myglu.

**Smyrill (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 31 árs, karl)** Mikil. Við elskum okkar sundlaugar.

**Rauðhöfðaönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 35 ára, kona)** mjög mikilvæg! til dæmis fyrir eldri borgara sem fara í sund til að hreyfa sig og spjalla við annað fólk. Það sýndi sig eftir að það lokaði vegna covid hvað þetta er andlega mikilvægur hlutur fyrir marga

**Gulönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 48 ára, karl)** Best í heimi

**Heiðlóa (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 48 ára, karl)** Rótgróin. Gríðarlega mikilvæg mörgu fólki. Partur af þjóðarsálinni.

**Brandugla (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 66 ára, kona)** Virðist afslöppuð.

**Tjaldur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 58 ára, kona)** Íslendingar elska sundlaugarnar sínar og við erum stolt af þeim ... mælum með þeim við ferðamenn og erlenda vini. Ég hugsa um það mætti líklega gera það meira aðlaðandi fyrir eldra fólk að nota þær - þá meina ég fólk sem ekki gerir það almennt af því að það hefur ekki vanið sig á það ... einhverskonar átak í þeim efnum. Útveran, vatnið og félagsskapurinn væri gott fyrir marga sem ekki synda

**Glókollur (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 63 ára, karl)** Sem setu í heitum pottum



**Urtönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 69 ára, kona)** Sérstök menning, sund er fyrir marga nauðsynleg rúttína, umræður í heita pottinum, allir naktir í sturtunni.

**Haförn (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 42 ára, kona)** Fastur liður hjá mörgum. Freksi fyrir börn á veturna. Fjölskyldusamvera

**Snæugla (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 56 ára, kona)** Bara fyrir alla

**Gráspör (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 43 ára, karl)** Almenn þátttaka, allir bæir og hverfi með sundlaug, vinsæl líkamsrækt en líka staður þar sem allar kynslóðir koma saman í leik og slökun

**Hrafn (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 33 ára, kona)** Sundmenningin á Íslandi er mjög rík. Okkur finnst gott að nýta heita vatnið okkar í hreyfingu og slökun. Þannig erum við óhrædd við að bera okkur og það er okkar búbot við sólstrandarlífi. Þeir sem fara oft í laugarnar eru háðir hressingunni sem það veitir og félagsskapnum ef þeir eru í heita pottinum

**Húsönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 33 ára, karl)** Of mikið farið í sund fyrir minn smekk en finnst fínt að hafa allar þessar laugar.

**Sjósvala (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 42 ára, kona)** Langflestir eru syndir og margir fara mikið í sund - sérstaklega yfir sumartímann

**Fjöruspói (ein(n) á heimili, póstnúmer: 104, 51 árs, kona)** Allir elska sund. Allir eru syndir. Allir eru velkomnir á sundstaðina.

**Stelkur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 108, 79 ára, karl)** Almenn þátttaka

**Lómur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 52 ára, kona)** Hæfileg líkamsrækt og samvera

**Sendlingur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 104, 40 ára, karl)** Sundlaugar eru fyrir Íslendinga í senn staður fyrir líkamsrækt og samkomustaður, líkt og pöbbar á Englandi



*Skúmur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 108, 27 ára, kona)* Við Íslendingar förum mikið í sund og er því komið snemma inn hjá okkur flestum. Við höfum góðan aðgang að heiti vatni

*Lundi (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 49 ára, karl)* Hún er fremur almenn og sundlaugarnar gegna mun mikilvægara samfélagslegu hlutverki en annarsstaðar þar sem ég þekki til.

*Sandlóa (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 41 árs, karl)* Ófeymin og einlæg. Hreinsun á sál og líkama. Rótgróin í menningu okkar og hluti af okkur.

*Jaðrakan (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 45 ára, kona)* Sumir sem nota þetta sem líkamsrækt en flestir til að slaka á, hitta aðra, hafa ofan af fyrir börnunum. Það er bara svo gott að skella sér í heita pottinn í hvaða veðri sem er og láta líða úr sér þreytuna. Held það sé mikið það sem fólk sækir í. Svo er þetta náttúrulega samkomustaður fyrir eldri borgara.

*Gráþröstur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 32 ára, kona)* Mikil

*Spói (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 66 ára, karl)* Nokkuð almenn, fjölskylduvænt - sem gerir sundstaðina örugga og vingjarnlega

## UPPLIFUN FERÐAMANNA AF SUNDMENNINGU

Hvernig telur þú að ferðamenn upplifi sundmenningu Íslendinga?

*Þórshani (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 21 árs, kona)* Skrítn, því við förum öll saman í sturtu og klæðum okkur fyrir framan hvort annað.

*Himbrimi (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 42 ára, kona)* Skemmtilega og áhugaverða. En klefarnir eru örugglega ógnvekjandi fyrir þau sem ekki eru von að sturta sig og klæða með öðru fólki.

*Flórgoði (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 38 ára, kona)* Eflaust mjög jákvæða.

*Straumönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 36 ára, kona)* Þeir upplifa eflaust hrifningu yfir jarðhitanum og mögulega ótta við að þurfa að fara allsber í sturtu.

*Eyrugla (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 76 ára, kona)* Spennandi



**Fálki (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 77 ára, kona)** Það sem ég þekki til, eru erlendir ferðamenn sólgirnir í að fara í sund á Íslandi. Þeir eru stundum hissa hvað við eigum margar sundlaugar út um allt land og að við skulum ekki fara oftár í sund heima við.

**Stökkönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 24 ára, kona)** Svolítið skrýtna eflaust, klefameningin önnur en er víða úti.

**Rauðbrystingur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 40 ára, kona)** Ég hef tekið eftir að ferðamönnum þykir oft óþægilegt að þurfa að afklæðast svona eins og við erum vön haha. Það er svo sem alveg eðlilegt. En ég held að ferðamenn séu almennt jákvæðir fyrir uplifunninni að sitja í heitu vatni á köldum degi. Ætli þetta sé ekki svona "have to do thing"

**Óðinshani (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 78 ára, kona)** Veit það reyndar ekki hef ekki spurt en aðsóknin í Bláa lónið og öll böðin sem komin eru allan hringinn kring um landið benda til þess að sundlaugarnar og böðin trekki að. Stöðugt fjölgandi ýmsum gerðum baða geta gefið okkur forystu á heimsvísu. Nýjasta nýtt þaraböð endalausir möguleikar.

**Hávella (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 40 ára, kona)** undarlegt að baða sig saman nakin, en næs að geta hoppað í sundlaug nær hvar sem er á landinu

**Kría (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 50 ára, karl)** Ég tel að þeir séu mjög áhugasamir um hana og þeir sem ég hef persónlega kynnt fyrir hafa verið mjög hrifnir. Margir hverjir hafa aldrei komið í sambærilegar laugar og hafa orð á því hve glæsilegar okkar laugar eru. Eins eru þeir almennt hrifnir að pottameningu okkar og enn hrifnari komist þeir í náttúrulega/ar.

**Smyrill (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 31 árs, karl)** Líflega

**Rauðhöfðaönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 35 ára, kona)** undarlega! eins og sértrúarsöfnuð og eittvað mjög spennandi. hugrakkir skella sér berrassaðir í klefan með okkur furðufuglunum en margir myndu aldrei láta sér detta það í hug!

**Gulönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 48 ára, karl)** Flestir mjög hissa og ánægðir. Eitt af því sem skapar jákvætt umtal þegar þau fara aftur heim.



**Heiðlóa (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 48 ára, karl)** Elska hana. Finnst hún sérstök.

**Brandugla (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 66 ára, kona)** Mörgum þeirra er auðvitað brugðið við nektina í búningaklefum en aðlagast almennt fljótt og upplifun þeirra virðist mjög ánægju- og eftirminnileg

**Tjaldur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 58 ára, kona)** Skrítna og skemmtilega - hún er einstök og þeir sem fíla laugarnar eeeelska þær

**Glókollur (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 63 ára, karl)** Stórkostlega sundlaugar og náttúrulegar eru margar og út um allt land.

**Urtönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 69 ára, kona)** Margir hissa á hve margar þær eru út um allt land, og hve flottar þær eru. Sumir eiga erfitt með að vera naktir innan um aðra í sturtu

**Haförn (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 42 ára, kona)** Ég held að sumum finnst sturtumeningin skrýtin. Mörgum finnst sund vera lúxus. Einn breiti minntist á að pottamenningin minnti hann á barinn heima fyrir

**Snægula (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 56 ára, kona)** Þeir eru hrifnir

**Gráspör (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 43 ára, karl)** Eftirminnilegt, ódýrt spa

**Hrafn (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 33 ára, kona)** Ég hugsa að ferðamenn upplifi sundlaugarnar sem merkilega upplifun. Það er alþekkt að ferðamenn klæða sig strax í sundfötin vegna spéhæðslu. Einnig erum við heitar útisundlaugar. Þær eru oft kaldar í öðrum löndum.

**Húsönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 33 ára, karl)** Það sem ég hef helst tekið eftir er spéhæðslan hjá ferðamönnum. Fyrir alla muni má ekki kanavæða þetta of mikið. Alls ekki einhverja einkaklefa.

**Sjósvala (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 42 ára, kona)** Bruðl með vatn á sumra mælikvarða Finnst líklega lyktin af vatninu ekki góð



**Fjöruspói (ein(n) á heimili, póstnúmer: 104, 51 árs, kona)** Þeir sem ég hef talað við, elska sundlaugarnar okkar. Hef orðið vör við mikla aukningu á útlendingum í sundi. Hef stundað sund í mörg, mörg ár. Mikið breyst.

**Stelkur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 108, 79 ára, karl)** Óþægindi í baðklefum að geta ekki lokað/dregið fyrir

**Lómur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 52 ára, kona)** Held þeim finnst almennt mjög sérstakt að baða sig og klæða sig í almenningi. Finnst óþægilegt að þurfa að baða sig án sundfata fyrir framan aðra. Þetta veldur stundum vandræðum þegar þeir eru komnir rennbautir inn að skáp og gólfið orðið rennandi blaut þar. Þeir fatta bara ekki hvernig þetta virkar.

**Sendlingur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 104, 40 ára, karl)** Mig grunar að þeir eigi mjög erfitt með að skilja íslenska sundmenningu þar sem að þetta er frekar einstakt á heimsvísu

**Skúmur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 108, 27 ára, kona)** Ég held að þeim finnist hún frábær, að fara í sund er ekki aðgengilegt á mörgum öðrum stöðum eins og á Íslandi.

**Lundi (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 49 ára, karl)** Ég held að hún sem mjög góð.

**Sandlóa (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 41 árs, karl)** Stundum skrítna en samt áhugasamir þar sem aðdáun fylgir í kjölfarið.

**Jaðrakan (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 45 ára, kona)** Margir hverjir virðast feimnir og ekki skilja það að við séum nakin fyrir framan hvort annað eins og ekkert sé í búningssklefanum og sturtunni. Annars trúi ég að þeim finnist þetta gott og gaman eins og Íslendingum.

**Grápröstur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 32 ára, kona)** Ad hun se mikil, thad eru margar laugar i bodi.

**Spói (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 66 ára, karl)** Eru hrifnir af henni, ég sé mikið af ferðamönnum í sundi - og sömuleiðis útlendinga sem búa á Íslandi

**SUNDLAUGAR OG UMHVERFI: UPPLIFUN**

Hvernig finnst þér að sundlaugar og umhverfi þeirra **eigi að vera** með tilliti til **upplifunar**?

**Pórshani (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 21 árs, kona)** Mér finnst ekki þurfa breyta neinu. Ég fíla mikið hvernig hún er

**Himbrimi (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 42 ára, kona)** Ég er í grunninn mjög ánægð með sundlaugarnar í Reykjavík og reyndar bara almennt á Íslandi. Eitt sem auðvelt er að hafa í toppstandi er að hafa dót í sundlaugunum - bolta, núðlur, báta og annað - sem börn og fullorðnir geta leikið sér með. Svo væri sniðugt að hafa möguleika á því fyrir fólk að sturta sig bak við sturtuhengi / klæða sig í lokuðum klefa. Sem sé ekki sem það sem massinn gerir heldur svona hlut sem boðið er upp á fyrir þann litla hóp sem það vill.

**Flórgoði (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 38 ára, kona)** Bjart og glaðlegt umhverfi. Helst eitthvað grænt svæði í kringum þær. Mjög gott aðgengi. Jákvæður starfskraftur. Tiptopp sundlaug með fjölbreyttri aðstöðu fyrir unga sem og aldna.

**Straumönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 36 ára, kona)** Aðgengilegar fyrir alla, ódýrar, fjölbreyttar og með langan opnunartíma

**Eyrugla (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 76 ára, kona)** Bara eins og þær eru í dag

**Fálki (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 77 ára, kona)** Gott aðgengi fyrir alla, bjart inni (innilaugar), gott loft. Ekki skemmir að geta farið niður og horft inn um glugga á lauginni. Leiktæki fyrir börn og fullorðna (í sérlaus) t.d. uppblásinn bátur án ára. Ég vann í sundlaug og bauð upp á svona leiktæki og ýmis konar fyrir alla aldurshópa og var mjög vinsælt.

**Stökkönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 24 ára, kona)** Sundlaugar eiga að vera barnvænar, með aðgengi fyrir fatlaða og góð sundlaug til að synda í. Heitir pottar eru algjört "möst" og rennibrautir eru skemmtilegar líka. Svo er æði ef maður þarf ekki að labba langt út klefanum til að komast ofan í. Góðir klefar hafa líka alltaf áhrif á upplifunina.

**Rauðbrystingur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 40 ára, kona)** Heita og kalda potta sem auðvelt er að ganga á milli í. Ég væri alveg til í infra rauða gufu á sundsvæðum, þar sem ég er viðkvæm fyrir myglu og get ekki farið í vatnsgufu vegna rakamyglu. Elskum við ekki allt luxus. Marga ólíka potta, stutt í kaffihús eða hverfisveitingastað að sundferð lokinni, nú eða



pylsuvagn.

Ég hef nú reyndar enga skoðun á umhverfinu, nema að mér finnst lamennt mega vera meira af trjám og gróðri í kringum sundlaugarsvæðin.

**Óðinshani (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 78 ára, kona)** Fyrst og fremst falleg og náttúruleg gróf og vel hönnuð. Mikill gróður .

**Hávella (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 40 ára, kona)** hreint, aðgengi fyrir fatlaða, gott barnasvæði

**Kría (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 50 ára, karl)** Ég er sáttur við þær flestar en samt væri möguleikar á sterkari tengingu við aðra þjónstu s.s. veitingasölu eða sérstakra viðburða s.s. spila tónlist, hafa stutta tónleika, kvikmynd á tjaldi o.s.frv. Ágætt fyrirkomulag væri að hafa slíka möguleika í einhverjum laugum en halda öðrum sem mest óbreyttum því mjög margir eru íhaldssamir hvað varðar miklar breytingar.

**Smyrill (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 31 árs, karl)** Fallegt gróðursælt umhverfi og hlýlega málaðir veggir. Talandi um þa mættu vera betri skjólveggir. Fleiri sveppi eins og er í Suðurbæjarlauginni, takk!

**Rauðhöfðaönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 35 ára, kona)** aðgengi fyrir alla! annars bara eins :)

**Gulönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 48 ára, karl)** Snyrtilegt, vel við haldið. Hvernig væri að gera skápa og búningaöstöðu veglega í staðin fyrir þessi hænuprik í mörgum laugum. Hugsu fyrir góðri veitingaaðstöðu sem rekstraraðilar eiga að geta leigt fyrir rekstur

**Heiðlóa (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 48 ára, karl)** Óþvingað. Opið. Skemmtilegt. Fjölbreytt og ekki eins á hverjum stað.

**Tjaldur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 58 ára, kona)** Hreinar og bjartar með möguleikum á að vera privat í sturtu fyrir þá sem það vilja. Hugguleg svæði þar sem fólk getur fengið kaffi og aðra drykki og spjallað fyrir eða eftir sundferðina, helst bæði úti og inni. Gróður

**Glókollur (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 63 ára, karl)** Hef hrikalegt ofnæmi fyrir klór og get ekki stundað þær.





**Urtönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 69 ára, kona)** Að maður upplifi hreina náttúru, kyrrð og frið. Líka góð aðstaða fyrir félagsskap og skemmtilegheit

**Snægla (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 56 ára, kona)** Bara svipaðar og þær eru

**Haförn (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 42 ára, kona)** Falleg hönnun. Gott skipulag og aðgengi í klefunum með tilliti til bæði barna og fullorðinna. Burt með sleipar flísar og sakar ekki að hafa handrið. Mér finnst að það eigi að vera eitthvað fallett fyrir augað þegar fólk er í pottunum. Inni og úti aðstaða. Góð hljóðvist

**Gráspör (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 43 ára, karl)** Snyrtilegt, fjölbreyttir möguleikar fyrir leik og slökun, ekki of langt að labba í kuldanum úr búningssklefa í heitan pott :)

**Hrafn (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 33 ára, kona)** Góð hreyfing og slökun. Hafa skemmtileg tæki eða hönnun fyrir börnin í barnalauginni. T..d. er skemmtilegur fill í Grafarvogslaug og Lágafellslaug er með ágætis busllaug með leiktækjum. Hafa endaafrainarnar í sundlauginni breiðari en hinar fyrir þá sem vilja bara aðeins busla eða leika en ekki synda og þá kemst sundfólk fram hjá. Fallett náttúruútsýni eykur slökun í heita pottinum.

**Húsönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 33 ára, karl)** Falla vel að náttúrunni

**Sjósvala (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 42 ára, kona)** Pláss fyrir mismunandi hópa sem stunda sundlaugarnar

Svæði fyrir börnin og góð laug til að synda í

Gott að þurfa ekki að labba of langt í kuldanum á veturna

Búningssklefar hreinir að aðstaða fyrir lítil börn (pláss fyrir bílstóla t.d. balar og sæti)

**Fjöruspói (ein(n) á heimili, póstnúmer: 104, 51 árs, kona)** Hef ég hingað til verið ánægð með staðsetningarnar og umhverfi sundlauganna. Upplifanir mínar og minna barna og barnabarna eru bara af hinu góða.

**Stelkur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 108, 79 ára, karl)** Þannig að allir geti sýnt sig þar. Sumir þurfa að geta lokað að sér þegar þeir eru naktir.



**Lómur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 52 ára, kona)** Almennt séð er ég ánægð með sundlaugar á Íslandi get ekki munað eftir neinu sem ég vil hafa öðruvísi

**Sendlingur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 104, 40 ára, karl)** Þeirra, s.s. útlendinga? Er alveg sama hvernig þeir upplifa menninguna. Maður vill bara að þeir beri virðingu fyrir reglum og hefðum þ.m.t. sturtuferð og þvottur fyrir sundferð

**Skúmur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 108, 27 ára, kona)** Mér finnst að þær eigi að vera hreinar, aðgengilegar og fallett umhverfi

**Lundi (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 49 ára, karl)** Ég held að sundlaugar með heilsuræktaraðstöðu væri til bóta og hægt væri að kaupa hollan og léttan mat.

**Sandlóa (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 41 árs, karl)** Í anda umhverfisins þar sem þær eru byggðar. Þær eiga að vera í takt við umhverfi sitt og fanga menningu og sögu hverfisins. Sundlaugar eiga að vera ólíkar þannig að hver sundlaug hefur sinn einstaka sjarma og karakter. Þær eiga ekki að vera allar eins heldur á að vera spennandi að fara í nýja og öðruvísi sundlaug. Um leið og það væri gaman að hafa sundlaug sem hefði fullt af stórum og flottum rennibrautum þá verður líka að hafa annarskonar upplifun fyrir þá sem vilja ekki svoleiðis t.d. sundlaug sem liftir upp pottamenningu borgarbúa eða þar sem er gert meira út á kyrrð, slökun og hreinsun andans.

**Jaðrakan (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 45 ára, kona)** Fyrst og fremst þarf hreinlæti að vera upp á 10. Ég er ekki með lítil börn svo ég hef litlar skoðanir á þeim hluta en fyrir mig sem fer fyrst og fremst í heitu pottana þá finnst mér gott úrval af þeim skipta máli og diskapotturinn í Laugardalslauginni er minn uppáhalds á sumrin þegar sólin skín.

**Gráþröstur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 32 ára, kona)** Svólitid svaedisskipt svo það se i bodi ad hafa fjor og gaman fyrir krakka a ollum aldri en hafa potta adstoduna i sma vari, mjukar stettar (gummigolfín) vegna fallhaettu hja bornum og eldra folki. Skjolgott til ad nyta vel thessa fau solardaga.

**Brandugla (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 66 ára, kona)** Í náttúruumhverfi með margs konar þjónustu

**Spói (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 66 ára, karl)** Við erum á góðum stað með þetta. Laugarnar eru vel hannaðar og öruggar og þessi áhersla á alla aldurshópa býr til stemmningu sem einnkennist af



tillitssemi og kurteisi. Eldri borgarar vilja rólegheit, krakkar vilja sprell og aðrir taka á því í sundi - allir geta gert það sem þeir sækjast eftir.

#### SUNDLAUGAR OG UMHVERFI: TÆKNI

Hvernig finnst þér að sundlaugar og umhverfi þeirra **eigi að vera** með tilliti til **tækni**?

***Þórshani (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 21 árs, kona)*** Kannski fínt að vera með góða aðstöðu fyrir fatlað fólk svo það geti notið sín að fara í sund

***Flórigoði (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 38 ára, kona)*** Það á að vera aðgengi fyrir alla. Svo finnst með sundfatavindurnar ÆÐI og þær ættu að vera allsstaðar!!

***Himbrimi (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 42 ára, kona)*** Mjög góður punktur - sammála þessu.

***Heiðlóa (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 48 ára, karl)*** Sammála.

***Straumönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 36 ára, kona)*** Gott að geta verið með sundkortið rafrænt og að hægt sé að læsa skápnunum rafrænt líka.

***Himbrimi (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 42 ára, kona)*** Hafa kaldan pott í þeim öllum, hef ekki skoðun á öðrum tæknilegum atriðum.

***Eyrugla (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 76 ára, kona)*** Dettur ekkert í hug

***Fálki (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 77 ára, kona)*** Erfitt er fyrir tæknifatlaða manneskju að svara þessari spurningu. En það væri mikið gott, ef hægt væri að nota annað en klór til að hreinsa vatnið í laugunum. Nudd er mjög gott og yfirleitt vinsælt í laugum. Mætti bæta smá skoti við enda laugarinnar, með opið inn í laug og hafa steiptan bekk meðfram annarri hliðinni með mörgum nuddstútum, sem hægt er að stilla. Band fyrir framan, svo fólkið haldi sér á sínum stað. Svona var við gömlu sundlaugina í Hveragerði.

***Stökkönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 24 ára, kona)*** Úff ég bara veit það ekki. Aðgengi fatlaðra, annað dettur mér ekki í hug.



**Rauðbrystingur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 40 ára, kona)** Klefar sem þurfa ekki armbönd eða pening í. Bara læsingarkóða/númer. Jaa.. mér dettur ekkert annað í hug.

**Óðinshani (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 78 ára, kona)** Veit ekki alveg hvað er átt við með tækni. Held að það einfalda sé best þar sem gætt er að hreinlæti og möguleikum á að viðhalda því.

**Hávella (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 40 ára, kona)** Mér finnst ekki að sundlaugar þurfi að vera samkvæmt nýjustu tækni né að það eigi að vera í forgrunni við hönnun sundlauga. Fókusinn á að vera á sjálfa sundlaugarnar með fullnægjandi aðgengi fyrir fatlaða

**Kría (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 50 ára, karl)** Mér finnst staðan fín í dag. Þó væri etv gott að hafa möguleika eins og t.d. að hækka/lækka botn, geta skipt upp í svæði svo eitthvað sé nefnt.

**Smyrill (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 31 árs, karl)** Vel upplýst svæði, fleiri klukkur á við og dreif og almennilegt sturtukerfi. veit annars ekki hvurslags tækni ætti að vera í boði, þetta eru sundlaugar...

**Rauðhöfðaönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 35 ára, kona)** sé ekki hvað tækni kemur sundlaugum við

**Gulönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 48 ára, karl)** Held að grunntækni fyrir rekstur sundlauga sé ekki flókinn. Nota frekar peninginn í umbúnað og innréttingar

**Heiðlóa (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 48 ára, karl)** Öruggar. Búnar nýjustu tækni.

**Tjaldur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 58 ára, kona)** Eins góðar og hægt er ... þ.e. með eins nýrri tækni og hægt er að koma við en aðalatriðið er hreinlæti og það að fólk njóti útiveru, vatns og samvista við annað fólk

**Glókollur (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 63 ára, karl)** Hef hrikalegt ofnæmi fyrir klór og get ekki stundað þær. Vantar laug eða laugar þar sem klór er ekki notaður



**Urtönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 69 ára, kona)** Góðar stuttrur, misheitir og kaldir pottar, þægileg hljóðvist og lýsing. Taka tillit til þeirra sem þola illa klór

**Snæugla (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 56 ára, kona)** Fyrir mér eru þær í lagi

**Haförn (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 42 ára, kona)** Auðvelt fyrir korthafa að koma inn og auðvelt að læsa skápum. Vonandi sem mildust klórefni notuð sem eru best fyrir notendur og umhverfið. Besta tækni að halda hitastigi. Góð eftirlitskerfi sem geta flaggað ef eitthvað er ekki í lagi með ssundfólkið

**Gráspör (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 43 ára, karl)** Einfalt að borga sig inn og læsa skápum með hjálp tæknilausna. Ekki háð plastkortum sem geta týnst heldur nýta líka app, qr-kóða (eins og klappið í strætó).

**Hrafn (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 33 ára, kona)** Tækni til að auðvelda starf sundlaugavarða til að fylgjast með öryggi sundlaugargesta

**Húsönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 33 ára, karl)** Einfalt að koma og borga. Að öðru leyti ætti ekki að þurfa mikla tækni.

**Sjósvala (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 42 ára, kona)** Veit ekki alveg hvað er átt við hér

**Fjöruspói (ein(n) á heimili, póstnúmer: 104, 51 árs, kona)** Veit ekki alveg hverskonar tækni er verið að meina. En eflaust er alltaf hægt að bæta hana.

**Stelkur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 108, 79 ára, karl)** Hjólastóla aðgengi sé tryggt.

**Lómur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 52 ára, kona)** Ég veit ekki

**Skúmur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 108, 27 ára, kona)** Tæknin þarf að virka og getur hjálpað til við að gera góða upplifun t.d. Með læstum skápum og armböndum

**Lundi (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 49 ára, karl)** Mér dettur ekkert í hug.



**Sandlóa (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 41 árs, karl)** Ég hef ekki mikla þekkingu á tækni sem tekur tilliti til sundlauga en það sem mér dettur í hug er að ef tæknin getur hjálpað við öryggisgæslu sundgesta. Hvort sem er í sundlauginni eða eigur sundgesta í búningsklefanum. Ef það væri t.d. í boði tækni sem fylgist með gestum sem hafa verið grunnsamlega lengi á botni sundlaugar, þá held ég að það væri stórkostleg þróun.

**Gráþröstur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 32 ára, kona)** Tækni sem snyr fyrst og fremst af godum hreinsunarbunadi, godum eftirlitsmyndavelum.

**Jaðrakan (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 45 ára, kona)** Finnst tæknin fin eins og er. Get gengið beint ofan í laugina án þess að eiga nein samskipti við starfsfólk (ekki að það sé slæmt). Er með kort sem hleypir mér inn í búningsklefann og þaðan beint í laugina. Væri kannski ágætt að geta fyllt á kortið rafrænt, það er kannski hægt? :)

**Brandugla (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 66 ára, kona)** Óþarfi að flækja of mikið með tækni, sund er sund. Auðvitað gæta fyllsta hreinlætis og öryggis.

**Spói (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 66 ára, karl)** Þær hljóta að vera á leiðinni að taka upp greiðslu fyrirkomulag með appi - einfalt að borga fyrir alla.

## SUNDLAUGAR OG UMHVERFI: STARFSEMI/ÞJÓNUSTA

Hvernig finnst þér að sundlaugar og umhverfi þeirra **eigi að vera** með tilliti til **starfsemi/þjónustu**?

**Þórshani (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 21 árs, kona)** T.d. að hafa starfsmann sem er hægt að leita til eftir aðstoð ef þess þarf. og svo er alltaf stór plús ef það er sjoppa sem er hægt að fá pulsu og ís

**Flórigoði (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 38 ára, kona)** Enn og aftur þá minnst ég á gott aðgengi fyrir fatlað fólk og veikt fólk. Gott væri að vera með sundleikfimi í boði fyrir fullorðna og jafnvel líka einhverja starfsemi fyrir börn á ákveðnum tíma dags

**Straumönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 36 ára, kona)** Sundlaugar ættu að opna snemma og loka seint, það mætti leggja meiri áherslu á að allir þvo sér vel án sundfata áður en farið er í laugina.

**Himbrimi (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 42 ára, kona)** Það er mjög gott að hægt sé að kaupa í þeim eitthvað að drekka og borða, enda svengd eftir sundferð oft afar mikil! Nauðsynlegt líka að bjóða upp á vatnshana. Svo þarf strætó að ganga upp að þeim. Og frábært þegar það eru



kort í laugunum sem sýna hlaupaleiðir / aðra líkamsrækt í nágrenninu, svo hægt sé að mixa því saman við sundferð.

**Eyrugla (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 76 ára, kona)** Bjóða upp á fjölbreyttara val á klefum - konur, karlar, annað

**Stökkönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 24 ára, kona)** Starfsfólk þarf að tryggja öryggi og bregðast við ef eitthvað kemur fyrir. Stuðla að lýðheilsu íbúa.

**Rauðbrystingur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 40 ára, kona)** Sennilega ekkert öðruvísi en það er í dag.

**Óðinshani (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 78 ára, kona)** Fjölnota þannig að þú getir komið hvenær dagsins sem þér hentar. Farið í sund , heita, kalda potta , gufubað, sólbað ef veður leyfir.

Síðan fengið þér hollt snarl, samanber Fontana á Laugarvatni. Garður í kring með fjölbreyttum gróðri sem er nú þegar í Fossvogi (Meltunga)

**Hávella (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 40 ára, kona)** finnst frábært þar sem sveitarfélög reka samhliða tækjasal ( ekki einkafyrirtæki) og hægt að komast fyrir lítinn pening í rækt. Falletg og grænt umhverfi, góðar strætósamgöngur, hjólastæði

**Kría (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 50 ára, karl)** Mér finnst mikilvægt að hafa opnunartíma sundstaða langan. Það eru bæði mjög margir sem vilja fara fyrir vinnu og einnig margir sem vilja fara á kvöldin. Sem dæmi má nefna unglinga og það er miklu betra að vita af þeim í sundlaugum en t.d. að þeir safnist saman í miðbænum. Mikilvægt er að starfsemin sé fyrir alla, líka t.d. þá sem stríða við fötlun osfrv. Mikilvægt að bæði séu inni og útilaugar sé þess kostur.

**Fálki (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 77 ára, kona)** Góð aðstaða til sundiðkunar. Ekki selt sælgæti, en mætti vera hægt að kaupa sér kaffi, te eða mjólkurbolla/glas, ef það er ekki til nú þegar. Aldrei að selja eða gefa áfenga drykki og ekki orkudrykki.

**Smyrill (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 31 árs, karl)** Sýnilegir, tiltækir og liðlegir baðverðir / starfsfólk. Ásættanlegt verð; sanngjarnt. Salerni á fleiri stöðum en inni í klefa.



**Rauðhöfðaönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 35 ára, kona)** Það mætti alveg brosa til manns þegar maður mætir til að byrja með - finnst stundum eins og sundlaugastarfsmenn séu með fýlusvip á default. maður verður stundum stressaður við að þurfa að nálgast óskilamuni eða spyrja spurninga :( kurteisi hefur aldrei kostað neitt. svo er mikilbægt að hafa hreint og snyrtilegt.

**Gulönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 48 ára, karl)** Reyna að skapa gott rými fyrir alvöru veitingarekstur frekar en fúlann starfsmann að selja kók og Prince Polo

**Heiðlóa (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 48 ára, karl)** Aðgengi fyrir alla.

Rúmur opnunartími.

Ekki dýrt.

**Glókollur (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 63 ára, karl)** Hef hrikalegt ofnæmi fyrir klór og get ekki stundað þær.

**Urtönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 69 ára, kona)** Þjóða upp á léttar veitingar. Vatnsleikfimi og fleiri viðburðir

**Snæugla (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 56 ára, kona)** Ég er sátt

**Haförn (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 42 ára, kona)** Góðir opnunartímar og hæfilegt gjald

**Gráspör (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 43 ára, karl)** Öryggismál í forgrunni, góð lýsing og passa háлку og aðskotahluti

**Hrafn (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 33 ára, kona)** Hönnun búningsefa og aðgengi. Það er ti.d. ekki gaman að þurfa að ganga lengi á sundfötunum til að komast til og frá búningsefa að lauginni

**Húsönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 33 ára, karl)** Mannleg. Minni tækni og bílar, meiri áhersla á manneskjur.





**Sjósvala (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 42 ára, kona)** Hægt að fá lánað eða leigt helsta búnað sem þarf til að stunda sund Kaffi á sundlaugarbakkanum

**Fjöruspói (ein(n) á heimili, póstnúmer: 104, 51 árs, kona)** Hef hingað til verið 100% sátt. Alltaf verið sátt með þær breytingar sem ég hef tekið eftir.

**Stelkur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 108, 79 ára, karl)** Aðgengi allra

**Lómur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 52 ára, kona)** Frábært að hafa langan opnunartíma byrja fyrir 7 og loka um 22

**Sendingur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 104, 40 ára, karl)** Samkomustaður, staður til að slaka á, staður til að stunda líkamsrækt. Væri æðislegt að hafa aðgengi allan sólarhringinn á völdum stöðum. Allar laugar eiga að vera aðgengilegar öllum. Engar veitingar!

**Tjaldur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 58 ára, kona)** Hafa langan opnunartíma, opna snemma - loka seint. Hafa einfalda, hagkvæma veitingaaðstöðu. Hafa góðar sturtur og möguleika á privat aðstöðu. Bjart og hreint

**Skúmur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 108, 27 ára, kona)** Gjaldið mætti vera lægra að mínu mati, gott viðmót og þjónustulund starfsfólks er mikilvægt. Það er gott að bjóð uppá gott úrval af leigusubdfatnaði og handklæðum en einnig mætti selja sundföt, handklæði og gleraugu í afgreiðslu

**Lundi (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 49 ára, karl)** Almennt er ég hrifinn af þessari starfsemi eins og hún er, en ef eitthvað mætti bæta væri það helst aukin heilsuræktaraðstaða (hún er til staðar í sumum sundlaugum) og aðstaða til að kaupa léttar og hollar veitingar.

**Sandlóa (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 41 árs, karl)** Þær eiga að bera virðingu fyrir nekt og ólíkum mörkum borgarbúa. Sumir (yfirleitt íslendingar) eiga ekki í erfiðleikum með eigin nekt á meðan ferðamenn eiga í erfiðleikum með þaðmenningu sundgesta og sleppa því jafnvel að þvo sér áður en farið er í sund. Þarna er augljóslega skortur á einhverju. Ég hef ekki svarið en þarna þarf að mæta ferðamönnum einhverstaðar en betur en með þeirri þjónustu sem nú þegar er í boði því alltof oft koma ferðamenn ofaní sundlaugarnar með þurr hárið og hafa ekki fylgt reglum sundlauganna um líkamspvott.



Hreinlæti er VERÐUR að vera nr. 1,2 og 3 því ef sundlaugarnar missa orðsporið að vera hreinn staður þá hættir fólk að vilja koma og viðhorf almennings breytist.

*Grápröstur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 32 ára, kona)* Ofluga oryggisgaeslu nr 1,2 og 3

*Jaðrakan (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 45 ára, kona)* Ég hugsa alltaf útfrá þeirri laug sem ég fer mest í (laugardalslaug) og þar er allt svo frábært að mér dettur ekkert í hug sem þarf að bæta. En mér finnst gott að það er alltaf starfsmaður nálægt, t.d. í klefanum, og ég sé alltaf starfsfólk utandyra. Finnst mjög þrifalegt, almennilegt og gott viðmót og finnst ég örugg.

*Brandugla (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 66 ára, kona)* Bjóða upp á fjölbreytta þjónustu sem stuðlar að heilbrigði og ánægjulegri samveru á stóru svæði svo allir komist að

*Spói (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 66 ára, karl)* Vingjarnlegt starfsfólk, opnunartími rúmur, hreinlæti í fyrirrúmi og öryggisverðir. Ég upplifi þetta þannig núna. Biðsvæði / anddyri mætti gera falgengi og með betri veitingum.

## SUNDLAUGAR FRAMTÍÐARINNAR

### SUNDLAUGAR FRAMTÍÐARINNAR

Hvernig sérð þú fyrir þér sundlaugar framtíðarinnar?

*Þórshani (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 21 árs, kona)* Bara svipaðar eins og þær eru núna nema kannski mikilvægt að hafa líka klefa fyrir hinseginfolk sem annaðhvort tilheyrir ekki kvk eða kk eða transfolk sem þorir ekki að fara í þá klefa sem þau tilheyra

*Flórgoði (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 38 ára, kona)* Bara enn betri. Betra aðgengi. Betri þjónusta og fjölbreyttari.

*Straumönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 36 ára, kona)* Með mjög svipuðum hætti og hefur verið hingað til. Nema kannski með betra aðgengi fyrir alla.

*Himbrimi (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 42 ára, kona)* Í sundlaugum framtíðarinnar er aðgengi fyrir alla, falgengt umhverfi með alls konar fjölbreyttum



afþreyingarmöguleikum ofan í laugunum, til viðbótar við hefðbundið sund: Körfuboltakörfum, blaki, þrautabrautum, köldum pottum osfrv.

**Eyrugla (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 76 ára, kona)** Svipaðar og í dag auk bættrar/fjölbreyttari klefa

**Stökkönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 24 ára, kona)** Með betra aðgengi fatlaðra en þær eru núna.

**Rauðbrystingur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 40 ára, kona)** Klefa óháða kynnum, þar að segja fleiri valkosti.

Betra aðgengi fyrir alla minnihlutahópa, svo sem fatlaða.

náttúrulegri valkost en klór.

**Óðinshani (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 78 ára, kona)** Kannske meira í tengslum við heilsuræktir ekki þó þessar risastóru hávaðasömu. Kannske sýndarveruleiki þar sem þú upplifir alls konar umhverfi sem ekki er í raunveruleikanum.

**Hávella (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 40 ára, kona)** aðgengilegra fyrir almenning

**Kría (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 50 ára, karl)** Sé fyrir mér að gætt sé að því að allir íbúar hafi kost á því að komast í sundlaug í sínu nærumhverfi, það nærri að flestir geti gengið þangað eða hjólað. Að þær séu fallegar byggingar og hagvæmar, ekki endilega íburðarmiklar. Þær geti þjónustað allan aldur og allt fólk óháð stétt og stöðu. Vildi helst að ókeypis væri í sund og mikilvægt væri að sveitarfélögin eða ríkið byði upp á t.d. líkamsræktarstöð á þeirra vegum (ódyrt eða gjaldfrjálst).

**Smyrill (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 31 árs, karl)** Með rennibrautum fyrir alla og slatti af pottum. Öruggar og góðar aðstöður fyrir kynsegin einstaklinga.

**Fálki (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 77 ára, kona)** Ekkert klór, gott aðgengi fyrir alla, hvernig sem líkamsstaða þeirra er. Að fólk geti fengið aðstoð, ef þarf. Að eftirlit sé með að fólk þvoi sér án sundfata og dyravörður við hvern baðklefa, sem lætur fólk fara aftur í sturtu, ef það kemur í sundfötum í sturtuna. Útlendingar skilja illa að þeir þurfi að baða sig án sundfata og þarf að líta eftir því að þeir geri það rétt.

**Rauðhöfðaönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 35 ára, kona)** aðgengi fyrir alla, hafa veitinasölu, til dæmis kaffihús a sama stað.



**Gulönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 48 ára, karl)** Betri búningaðstöðu, þarf ekki að vera rennibraut í öllum sundlaugum en gjarnan góð barnalaug, gott jafnvægi milli inni- og útisvæðis, stórir heitir pottar og nokkrar brautir fyrir sundæfingu

**Heiðlóa (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 48 ára, karl)** Mikilvæga samkomustaði til að njóta sín með fjölskyldu, hitta vini og stunda líkamsrækt.

**Glókollur (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 63 ára, karl)** Án klórs og gjalsfrjálsa

**Urtönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 69 ára, kona)** Stað sem maður getur notið náttúrunnar, fundið ró og frið og einnig félagsskap.

**Snæugla (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 56 ára, kona)** Bara svipaðar fleiri og opnar lengur

**Haförn (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 42 ára, kona)** Ég held að þær eigi eftir að vera vinsælar.

**Maskína** Er eitthvað sérstakt sem þú telur að muni einkenna sundlaugar framtíðarinnar?

**Gráspör (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 43 ára, karl)** Ekkert mikið öðruvísi en núverandi

**Hrafn (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 33 ára, kona)** Miðað við verðlag í dag að þá gætu sundlaugarnar orðið að lúxus og verða þá bara spari fyrir almennan borgara

**Húsönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 33 ára, karl)** Manni líður meira eins og maður sé úti í náttúrunni og minna eins og maður sé í flísaverslun

**Fjöruspói (ein(n) á heimili, póstnúmer: 104, 51 árs, kona)** Verð að vera sammála þér með þetta. Ég væri til að sjá það.

**Tjaldur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 58 ára, kona)** Góður punktur



**Sjósvala (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 42 ára, kona)** Fleiri leiktæki og rennibrautir

Meira um sjálfvirk eftirlitskerfi

Búningsklefar með aðgengi fyrir alla

**Fjöruspói (ein(n) á heimili, póstnúmer: 104, 51 árs, kona)** Vonandi verður einhverntíma hægt að fara í sund á öllum tímum. Vonandi verður það eðlilegt fyrir konu að fara topplaus í sund. Ég skil ekki þessa mismunun á kynjunum með það.

**Stelkur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 108, 79 ára, karl)** Þær verði aðgengilegar öllum, fötluðum sem feimnum.

**Lómur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 52 ára, kona)** Bara svona eins og er í dag

**Sendlingur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 104, 40 ára, karl)** Óbreytt

**Tjaldur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 58 ára, kona)** Mögulega opnar allan sólarhringinn (lágmarks mönnun á nóttunni). Staður til að vera á lengur en það tekur að synda 500 metra og fara í heita pottinn ... líkara því að fara "á ströndina" í sólarlöndum

**Skúmur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 108, 27 ára, kona)** Ég sé svosem ekki fyrir mer neinar stórtækar breytingar, eða að þörf sé á þeim. Ég hugsa helst út í ævintýrasundhallir eins og tíðkast á norðulöndum með rennibrautum og sliku innan dyra, sjoppa og fleira svo þetta er fjölskyldu oh vina activity

**Lundi (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 49 ára, karl)** Sundlaugar framtíðarinnar gætu verið heilsumiðstöð hvers hverfis. Það eru ekki öll hverfi með sundlaug.

**Sandlóa (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 41 árs, karl)** Stórar vatnsrennibrautir og vatnagarðar. Við Íslendingar sem höfum allt þetta vatn og allt þetta heita vatn eigum að eiga að minnstakosti einn vatnsrennibrautagarð.

**Gráþröstur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 32 ára, kona)** sem fastan punkt í menningu Íslendinga



**Jaðrakan (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 45 ára, kona)** Annað hvort meira eins og skemmtigarða, þar sem mikið er af afþreyingu fyrir börn, eða meira út í spa, upplifun og slökun eins og t.d. skylagoon oph. Persónulega myndi ég vilja meira svona náttúrulegt eins og skylagoon og fontana. Falleg hönnun, náttúruleg, hægt að sitja með drykki, vera allan daginn, Jiii, ef ég mætti alveg ráða þá væri jafnvel eitthvað svona þar sem engin börn væru leyfileg :)

**Brandugla (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 66 ára, kona)** Sammála þessu! Kannski hægt að skipta svæðum milli barnafjölskyldna og þeirra sem eru að slaka á.

**Brandugla (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 66 ára, kona)** Sem fjölpætta útivistarmöguleika fyrir fjölskyldur jafnt sem einstaklinga.

**Spói (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 66 ára, karl)** svipaðar þeim sem nú eru

#### SUNDLAUGAR FRAMTÍÐARINNAR: MANNVÆNT UMHVERFI

Hvernig geta sundlaugar framtíðarinnar skapað gott mannvænt umhverfi og stutt við betri lýðheilsu?

**Þórshani (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 21 árs, kona)** Já ég held það

**Flórgoði (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 38 ára, kona)** Gott aðgengi fyrir fatlað og veikt fólk. Skapa sturtuaðstöðu þar sem transfólki líður vel. Frekari starfsemi í laugunum, þá meina ég t.d. sundleikfimi fyrir fullorðna og einhvers konar starfsemi fyrir börn á ákveðnum tíma dags.

**Straumönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 36 ára, kona)** Með aðgengi fyrir alla, fatlaða, ófatlaða, hinsegin, kynsegin og sís.

**Himbrimi (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 42 ára, kona)** Anddyrið / móttakan getur verið hugguleg, til dæmis með kaffihúsi, og auðvitað góðu aðgengi fyrir alla. Og hægt er að tengja sundlaugarnar við aðra útivist í umhverfinu með kortum, í appi og öðru. Þá dettur fólk til dæmis í hug að hjóla einn hring og koma svo í sund, hlaupa aðeins og fara svo í pottinn osfrv.

**Eyrugla (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 76 ára, kona)** Dettur ekkert í hug

**Stökkönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 24 ára, kona)** Þegar öll eru velkomin í sund með betra aðgengi, hlýtur afleiðingin að vera meiri notkun og betri lýðheilsa almennt.



**Rauðbrystingur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 40 ára, kona)** Hægt að bjóða upp á aqua fitness, zumba tíma eftir stundaskrá.

Frætt landsmenn með auglýsingum (t.d.) um gagnsemi kulda og hita þegar kemur að bólgum og öðrum kvillum. Sýnt gott fordæmi með að allir þjóðfélagshópar geti fundið búningsklefa við sitt hæfi, fatlaðir, þeir sem falla utan við hið staðalbundnu kyn.

Boðið upp á ungbarnasund (margar sundlaugar nú þegar)

Verið með sölu á hollum drykkjum, matarbita. Sleppa sölu á gosi, orkudrykkjum og sælgæti (nema kannski smá ef einhver með sykursýki fer í sjökk)

Vera með margvíslega viðburði (eftir Covid), fyrirlestra, söngvara og annað á bökkunum :)

**Óðinshani (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 78 ára, kona)** Held ég sé búin að svara þessu get svo sem engu við það bætt.

**Hávella (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 40 ára, kona)** sundleikfimi, hjólastæði, góðar almenningssamgöngur, gróður í umhverfi, færri bílar, lágur aðgangseyrir

**Kría (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 50 ára, karl)** Með góðri þjónustu, rúmum opnunartíma, góðu aðgengi allra, með því að tengja fleiri þjónustubætti við t.d. bókasafn, líkamsræktarstöð, gönguleiðakort í nágrenni.

**Smyrill (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 31 árs, karl)** Betra umhverfi með gróðri og jafnvel bjóða uppá léttar veitingar fyrir fólk sem fer ekki ofan í en vill samt fljóta með öðrum. Er ekki viss. Gott viðhald.. kannski bjóða uppá fræðslu? Vera sýnilegri, auglýsa sig betur. hef t.d. ekki hugmynd um hvernig eg gæti komið mér í sundkennslu... opnunartímar mættu vera uppfærðir betur. Hef lennt í því að mæta á stað og þá er lokað, rngar upplýsingar á vefsíðunni, bara blað á dyrunum..

**Fálki (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 77 ára, kona)** Hafa mjög ódýrt í sund og ókeypis á sérstökum tímum, þegar minnst er að gera. Fara í alls konar boltaleiki í lauginni, sem reynir á líkamann, þótt hann sé léttur í vatninu. Synda í gegnum t.d. húlahringi í kafi með ýmsum brellum. Sund er allra meina bót og skapar betri lýðheilsu (heilsu alls lýðsins).

**Rauðhöfðaönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 35 ára, kona)** hafa td.d blakvelli í boði fyrir gesti, hafa hoppibelgi eða annað þvíumlíkt.



**Gulönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 48 ára, karl)** Hugsa um hvað þorri fólks þarf og vill. Það getur ekki verið hagkvæmt eða skynsamlegt að vera með alla mögulega aðstöðu fyrir alla minnihlutahópa landsins í öllum sundlaugum landsins.

**Heiðlóa (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 48 ára, karl)** Með aðgengi fyrir alla og góðri þjónustu og rúmum opnunartíma.

**Glókollur (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 63 ára, karl)** Hef hrikalegt ofnæmi fyrir klór og get ekki stundað þær.

**Urtönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 69 ára, kona)** Tekið tillit til mismunandi þarfa einstaklingsins og verið gjaldfrjálst

**Snæugla (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 56 ára, kona)** Sérstaklega þarf að ala upp nýjar kynslóðir sundfólks

**Haförn (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 42 ára, kona)** Með því að vera aðgengilegar fyrir alla. Farlaða sem ófatlaða, börn sem eldra fólk, fólk af ölkum kynjum

**Hrafn (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 33 ára, kona)** Nýtt sjóvatn í staðinn fyrir klór. Lyftur fyrir þá sem eiga erfitt með komast ofan í og uppúr. Hreyfing í vatni gerir gott.

**Gráspör (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 43 ára, karl)** Með hjólastæðum á besta stað, fleiri P-stæðum, færri almennum stæðum og gjaldskyldu á þá sem eru ekki á leiðinni í sund.

**Húsönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 33 ára, karl)** Færri bílastæði og betri aðstaða og aðkoma fyrir gangandi og hjólandi

**Sjósvala (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 42 ára, kona)** Vera aðgengilegar og í nágrenni - stutt að fara Tengja við aðra íþróttastarfsemi - vera í nágrenni við íþróttahús og útivistarsvæði

**Fjöruspói (ein(n) á heimili, póstnúmer: 104, 51 árs, kona)** Vera opnir fyrir hugmyndum að bættri aðstöðu og þjónustu.





**Stelkur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 108, 79 ára, karl)** Sjá síðasta svar

**Lómur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 52 ára, kona)** Að þær sé aðgengilegar og sem víðast

**Tjaldur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 58 ára, kona)** Með því að auka hreyfingu, útivist og félagsleg tengsl

**Skúmur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 108, 27 ára, kona)** Hafa þær aðgengilegar, ódýrar og tengdar fóðum samgöngum

**Lundi (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 49 ára, karl)** Með því að bjóða upp á aðgengi að heilsurækt og bjóða upp á hollan og léttan mat á viðráðanlegu verði. Og gott kaffi.

**Sandlóa (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 41 árs, karl)** Fleiri pottar, fleiri vaðlaugar, fleiri staðir þar sem hægt er að slaka á og endurspeglar náttúru Íslands eða náttúru umhverfisins þar sem sundlaugarnar eru staðsettar. Svo væri líka gaman að hafa sundlaug þar sem er manngerður lækur þar sem hægt er að liggja á kút eða vindsæng og láta sig fljóta hring eftir hring á meðan maður lætur strauminn bera sig í kyrrð og ró.

**Gráþröstur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 32 ára, kona)** Með því að passa upp á fallhaettu í ibleytnu, ekki hafa of langa gongu frá klefum að fyrstu laug, helst hægt að fara ofan í inni og thadan út. Oflugt eftirlit svo börnum se treyst til thess að fara ein í sund um 10 ára. Bjoda upp á td vatnsleikfimi fyrir eldri borgara og tryggja að theirra aðgengi se til fyrirmyndar.

**Jaðrakan (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 45 ára, kona)** Ná fólki strax inn á unga aldri, mætti t.d. vera ókeypis fyrir börn. Og eins t.d. á sumrin mætti þetta vera þannig að þu getir verið allan daginn ef þú vilt. Ég fer helst uppúr á sumrin af því að ég er orðin svöng, eða þarf að kíkja í símann. Væri gott að hafa einhverja aðstöðu þar sem hægt væri að setjast niður í sundfötunum og fá sér eitthvað að snæða, kíkja í símann oþh. Varðandi lýðheilsu þá væri kannski sniðugt að vera með einhverjar auðveldar æfingar til að hvetja fólk áfram. T.d. syntu eina bringusund, eina baksund og þá brenniðu x kaloríum, eða eykur blóðflæði, osfrv.

**Brandugla (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 66 ára, kona)** Með því að bjóða upp á margþætta þjónustu sem veitir fjölskyldum og öðrum hópum tilhlökkun og ánægju. Þá mætti jafnvel bjóða upp á ráðgjöf lærðra varðandi æfingar og mataræði og skipulagða æfingátíma án þess að gjaldtaka einkennist af græðgi



*Spói (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 66 ára, karl)* Með stöðugri aðlögun að breytingum, tækniþróun og viðhorfsbreytingum.

## LAUGARDALSLAUG

### ÞÝÐING

Hvaða þýðingu hefur Laugardalslaug og umhverfi hennar fyrir þig?

*Þórshani (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 21 árs, kona)* Hún er rétt hjá þar sem ég á heima en ég fer samt ekki það mikið í sund. En skemmtileg laug samt

*Flórigoði (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 38 ára, kona)* Samvera mín og ástvina.

*Straumönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 36 ára, kona)* Uppáhalds sundlaugin mín, enda er hún næst mér. Hún er mjög þýðingarmikil í mínum huga.

*Eyrugla (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 76 ára, kona)* Nota hana ekki

*Stökkönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 24 ára, kona)* Hef aldrei farið í Laugardalslaug, en mér þykir vænt um umhverfi hennar

*Rauðbrystingur (fullorðin(n))/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 40 ára, kona)* Laugardalslaug er næsta laug í mínu nágrenni og hún skiðtir mig miklu máli en þar sem staðurinn er myglaður í gegn og vatn lekur í gegnum bygginguna eins og foss á mörgum stöðum þá er það sennilega óhollasti staðurinn sem hægt er að fara á í því hverfi. Staðsetningin er hins vegar frábær og nálægðin við Laugardalinn. Rótgróin laug en gjörsamlega í niðurníðslu. Eins finnst mér smá spes að stúkan, sem er full af aspesti sé ekki rifin/endurbætt því að það lekur vatn af hinni og niðrí pottana fyrir neðan þegar rignir t.d. Ekkert sérstaklega huggulegt.

Hún gæti verið æðilseg, þarf bara smá (risa) fjármagn til að taka hana í gegn.

*Óðinshani (fullorðin(n))/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 78 ára, kona)* Enga

*Hávella (fullorðin(n))/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 40 ára, kona)* Mikið, bý nálægt. Frábær laug, mætti vera aðeina minna af ferðamanninum



**Kría (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 50 ára, karl)** Hef alist upp við að fara í Laugardalslaug og alltaf verið hlýtt til hennar. Fer þó sjaldnar í dag og tengi ekki eins vel við hana og áður. Engin ein ástæða samt. Hún er vel staðsett og skemmtilegar gönguleiðir nærri en mér finnst síðra að synda í 50 m laug og plássíð hinumegin við brúna er eingöngu nýtanlegt fyrir börn eða unglínga. Finnst lítil friður í stóra pottinum og stúkan vannýtt þó hún veiti eflaust skjól. Þá kann ég betur við mig í minni sundlaug þar sem er færra fólk.

**Smyrill (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 31 árs, karl)** Virkilega fallett hverfi og góð sundlaug. Vildi að eg hefði færi á því að mæta oftar.

**Fálki (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 77 ára, kona)** Ekkert lengur fyrir mig, er með ofnæmi fyrir klórinu í vatninu. Síðustu sundárin mín fór ég í Sundlaug Sjálfsbjargar, sem er fyrir fatlaða. En ég er hrifin af Laugardalslauginni og umhverfi hennar.

**Rauðhöfðaönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 35 ára, kona)** mín heimastöð sundlauga, þar lærði ég að synda og syndi enn.

**Gulönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 48 ára, karl)** Léleg sundlaug og greinilega ætluð sem baðherbergisaðstaða fyrir tjaldtúrista sem hafa það sem metnaðarmál að eyða engu á ferðum sínum um Ísland. Þetta er skítug laug og ílla við haldið.

**Heiðlóa (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 48 ára, karl)** Frábær laug, fjölbreytni í pottum. Gufa gæti verið betri. Stóru rennibrautina þarf að taka í gegn og bæta má við annarri. Umhverfið má hressa upp á.

**Glókollur (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 63 ára, karl)** Hef hrikalegt ofnæmi fyrir klór og get ekki stundað þær.

**Urtönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 69 ára, kona)** Ekki mikla þýðingu en kem þangað stundum

**Snæugla (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 56 ára, kona)** Mjög mikla

**Haförn (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 42 ára, kona)** Sem mín næst laug þá hefur hún mest áhrif á mitt nærumhverfi. Mér finnst hún hins vegar ekki vera sú barnvænasta svo ég fer oft í aðrar laugar borgarinnar. Barnalauginn er oft mjög köld og lítið um svæði fyrir yngri börn



**Hrafn (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 33 ára, kona)** Sama hér. Ég kýs oft að fara frekar í aðrar laugar. Stundum er Laugardalslaug ekki besti kosturinn

**Hrafn (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 33 ára, kona)** Á mjög góðar minningar í Laugardalslaug. Var þar í skólasundi og brallaði ýmislegt. Sundlaugin hefur breyst mikið. Skipt um inngang og komin með öfluga innilaug. Laugardalslaug er drottning allra sundlauga. Hún er stærst og allir ferðamenn fara þangað.

**Gráspör (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 43 ára, karl)** Gríðarlega mikla, mannlífsmiðja í hverfinu mínu

**Húsönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 33 ára, karl)** Hún er nálægt mér en aðstaða og aðkoma ef maður er ekki á bíl er léleg, fer þ.a.l. oftast eitthvað annað

**Sjósvala (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 42 ára, kona)** Stór og aðgengileg sundlaug þar sem oftast er nægt pláss Frábær staðsetning í Laugardalun, blakvellir og góð innilaug

**Fjöruspói (ein(n) á heimili, póstnúmer: 104, 51 árs, kona)** Uppáhaldslaugin mín án efa sú sem ég fer hvað mest í. Elska að hún sé hverfalaugin mín í dag.

**Stelkur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 108, 79 ára, karl)** Þar er t.d. saltvatnspottur fyrir þá sem ekki þola klór. Því á ég erindi þangað.

**Lómur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 52 ára, kona)** Lít á hana sem mína hverfislaug

**Sendlingur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 104, 40 ára, karl)** Hefur mikla þýðingu. Fer mjög reglulega í Laugardalslaug. Geng daglega um Laugardalinn

**Tjaldur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 58 ára, kona)** Laugardalslaug er "laugin mín" frá því ég var barn. Ég lærði að synda þar og hún var í mínu hverfi þegar ég var að alast upp. Mér þykir vænt um hana



**Skúmur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 108, 27 ára, kona)** Laugardalslaug hefur mikla þýðingu fyrir mér, hún er vel staðsett og aðgengileg, virkar vel og hefur uppá margt að bjóða. Það mætti jafnvel skoða að hafa sundleikfimitína oþh

**Lundi (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 49 ára, karl)** Í raun ekki sérstaka þýðingu. Ég sæki ekki helst í Laugardalslaug þegar ég fer í sund.

**Sandlóa (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 41 árs, karl)** Laugardalslaug er okkar höfuðlaug sem hefur munað fífil sinn fegri. Í dag er þetta túristalaug sem er orðin sjúskuð og komin með óorð á sig að vera skítug vegna ferðamanna sem ekki virða reglur um líkamspvott. Laugardalslaug ætti að tengjast meira sögu Reykjavíkur þar sem borgarbúar komu til að þvo þvottinn sinn og jafnvel sjálfum sér. Þarna á sagan og staðsetningin að tala við sundlaugina og upplifun gesta sem þangað koma. Það þarf að leggja meiri metnað í það að fara í sund sé upplifun og hver sundstaður bíður uppá ólíka upplifun. Laugardalslaug hefur allt að bera til að verða frábær sundstaður sem bíður uppá upplifun innblásin af menningu, sögu og skemmtun fyrir börnin. Því miður er laugin í dag orðin lúin og þreytt eins og hún hafi gleymst í allri uppbyggingu innviða sem eiga að tala til ferðamanna og þarfir íbúa borgarinnar.

**Grápröstur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 32 ára, kona)** Maetti endurhugsa rennibrautirnar, baeta vid adeins dypri og staerri vadlaug med leiktaekjum fyrir yngstu kynslodina (vantar alveg). Umhverfid sem slíkt er hvetjandi en það maetti holfa það betur nidur m.t.t. skjols. Langur gangur fra klefa ad heitapottalengjunni - það er kannski gonguleid innandyra sem eg thekki ekki til? Man ekki hvort það var buid ad baeta ur adstodu fyrir bleyjuborn - maetti taka arbaejarlaugina til fyrirmyndar i theim efnum.

**Himbrimi (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 42 ára, kona)** Laugardalslaugin hefur alltaf ákveðinn sess í hjartanu á mér - sem stóra og fína laugin sem var skemmtilegast af öllum að fara í, í gamla daga!

**Jaðrakan (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 45 ára, kona)** Bara jákvætt. Mjög gott að hafa svona góða laug í hverfinu.

**Brandugla (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 66 ára, kona)** Ekki mikla, ég kys flestar aðrar laugar fram yfir Laugardal.

**Spói (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 66 ára, karl)** Ég hef notað hana áratugum saman og kann vel við hana.

**SJÓNÆN MINNING**

Hvaða sjónæna minning kemur fyrst upp í hugann þegar þú hugsar um Laugardalslaug og umhverfi hennar?

Er sú minning jákvæð eða neikvæð?

*Þórshani (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 21 árs, kona)* Minning um að fara með vinkonu mínum þegar ég var yngri og hún er jákvæð

*Flórigoði (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 38 ára, kona)* Loftmynd af lauginni og umhverfi hennar. Alltaf mjög jákvæð

*Straumönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 36 ára, kona)* Fyrsta sjónæna minningin er um áhorfendapallana sem ég man eftir að hafa leikið mér á sem barn á meðan foreldrar mínir lágu þar í sólbaði. Jákvæð minning.

*Eyrugla (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 76 ára, kona)* Sólskin og fólk liggur í sólbaði í gömlu tröppunum - jákvætt

*Stökkönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 24 ára, kona)* Pulsusölubásinn. Mættu vera vegan pulsir en annars bara jákvæð :)

*Rauðbrystingur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 40 ára, kona)* Jákvæð minning.  
Falleg staðsening, tilvísun í þvottalaugarnar og hún var auðvitað alveg frábær þegar hún var stækkuð og bætt á sínum tíma. Ætli rennibrautin sé ekki hluti af minni fyrstu minningu.

*Óðinshani (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 78 ára, kona)* Hvorugt hef mjög lítið notað hana

*Hávella (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 40 ára, kona)* Stór laug, jákvætt

*Kría (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 50 ára, karl)* Því miður er það stúkan sem hefur verið að grotna niður áratugum saman sem og lítil persónuleg þjónusta vegna fjöldans. Því frekar neikvæð en fyllist samt alltaf jákvæðni að hugsa um Laugardalinn almennt.



**Smyrill (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 31 árs, karl)** Tignarlegar innisundbrautir, steinarnir í pottinum, reykur yfir útilaugunum á köldu vetrarköldi.

Yndislegt.

**Fálki (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 77 ára, kona)** Minningin er jákvæð um Laugardalslaug og umhverfi hennar. En bílastæði eru eða voru of fá, síðast þegar ég fór í hana.

**Rauðhöfðaönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 35 ára, kona)** barnalaugin með litlu bláu rennibratinni sem er þar enn :) mjög jákvæð

**Gulönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 48 ára, karl)** Stúkan að grotna niður. Lesandi getur ákveðið sjálfur hvort sú minning sé jákvæð eða neikvæð.

**Heiðlóa (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 48 ára, karl)** Stúkan. Hún er jákvæð. Magnaður arkitektúr.

**Glókollur (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 63 ára, karl)** Laugardalsvöllurinn og Laugardalshöllin og einnig grasagarðurinn

**Urtönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 69 ára, kona)** Stór laug, áhorfendapallur, skemmtilegt umhverfi. Bara jákvæð minning

**Snæugla (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 56 ára, kona)** Kvöld sund með foreldrum og svo fétt maður miða ef maður synti 200 metra það var eitthvað átak í gangi mjög jákvætt

**Haförn (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 42 ára, kona)** Stúkan. Hvorki hákvæð né neikvæð minning

**Gráspör (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 43 ára, karl)** Stúkan, steinapotturinn og rennibrautin. Jákvæð!

**Hrafn (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 33 ára, kona)** Bara jákvæðar minningar. Það var mjög gaman þegar laugin hafði uppblásin leiktæki einhvert sumarið fyrir mörgum árum.



*Húsönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 33 ára, karl)* Stúkan - hún er í svo mikilli niðurníðslu að minningin er mjög neikvæð.

*Sjósvala (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 42 ára, kona)* Pulsuvagninn fyrir utan :)

*Fjöruspói (ein(n) á heimili, póstnúmer: 104, 51 árs, kona)* Stúkan sem er að grotna niður. Skil ekki að það sé ekki viðhaldið umhverfinu og gerðar endurbætur á lélegustu gufunni hjá borginni. Sú jákvæða minning sem fylgir Laugardalslauginni er alveg að grotna niður með niðurníðslunni sem á sér stað þarna.

*Stelkur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 108, 79 ára, karl)* Minningar jákvæðar utan þegar skortur á viðhaldi áhorfendasvæðis stakk í augun

*Lómur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 52 ára, kona)* Mér dettur alltaf í hug busllaugin (diskurinn) þó ég fari sjaldan í hana. En fór mikið í hana sem krakki. Jákvæð minning

*Sendlingur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 104, 40 ára, karl)* Risastóra ónotaða stúkan. Mjög falleg smíð, leitt að sjá stúkuna drabbast niður

*Tjaldur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 58 ára, kona)* Stúkan - jákvæð

*Skúmur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 108, 27 ára, kona)* Ég sé laugina fyrir mér á fallegum sumardegum með vinum að spjalla í pottinum, græn lauf á trjám og sól

*Lundi (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 49 ára, karl)* Ég hef í raun jákvæðar minningar um Laugardalslaug. Ég man þegar ég fór fyrst í hana sem barn og hversu stór mér fannst hún.

*Sandlóa (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 41 árs, karl)* Grjótapotturinn og mjög gömul og þreytt rennibraut.

*Maskína* Er þetta jákvæð eða neikvæð minning?

*Sandlóa (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 41 árs, karl)* Jákvæð minning en það þarf að viðhalda þeirri minningu með viðhaldi á aðbúnaði.





*Grábröstur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 32 ára, kona)* Nokkud jakvaed en eg kys adrar laugar borgarinnar umfram hana vegna umhverfis og adstodu thratt fyrir ad hun se naest okkur og i gongufaeri.

*Himbrimi (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 42 ára, kona)* Jákvæð - stóra rennibrautin :)

*Jaðrakan (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 45 ára, kona)* Pallarnir þar sem fólk lá í sólbaði. Bara jákvæðar minningar.

*Brandugla (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 66 ára, kona)* Hvorki né. Fyrsta myndin sem kemur upp er læti og þrengsli

*Spói (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 66 ára, karl)* Leikur við syni mína í grunnu lauginni - og margt fleira. Áhorfendastæðið dóminerar umhverfið, en það vekur frekar neikvæðar minningar - það er hefur aldrei virst vera í almenninlegu viðhaldi og tilgangsleysi þess fer í taugarnar á manni.

## AÐSTAÐA OG ÞJÓNUSTA Í NÆRUMHVERFI

### ÍBÚAR

Hvers konar þjónustu eða aðstöðu þurfa **íbúar almennt** á að halda í hverfinu sínu?

*Þórshani (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 21 árs, kona)* Verslanir, gott utisvæði, sundlaug, æfingastað og örugglega margt fleira sem mér dettur ekki í hug

*Flórgoði (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 38 ára, kona)* Sundlaugar. Almenningsgöngur. Græn svæði. Bókasafn. Aðgangur að stjórnvaldinu (hverfismiðstöðvar).

*Straumönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 36 ára, kona)* Íbúar þurfa þriðja staðinn. Það er, stað sem er ekki heima og ekki vinnan. Bókasöfn, sundlaugar og menningarhús til dæmis.

*Eyrugla (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 76 ára, kona)* Góðar almenningsgöngur, hverfisbúð falleg lítil kaffihús



**Stökkönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 24 ára, kona)** Þurfa og ekki þurfa. Það þarf að vera nálægt eru heilsugæsla, matvöruverslun, skóli, ofl. Svo er ýmislegt sem gera hverfin betri en "þarf" ekki. Td kaffihús, verslun, almenningsgarð, ræktunarreit, ofl.

**Rauðbrystingur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 40 ára, kona)** Jú rétt, heilsugæslu og skóla :)

**Rauðbrystingur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 40 ára, kona)** Hverfisverslun, sundlaug, torg, kaffihús/bakarí, leikvöll, grænt svæði, íþróttahús fyrir fjölbreyttar tegundir íþrótta.

**Óðinshani (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 78 ára, kona)** Stutt að fara í matvörubúð, kaffihús, veitingastað, litlar sérværslanir . Stutt í sundlaug þar sem aðgengi er að sundleikfimi, heitum og köldum pottum.

Ómyglaða grunnskóla og leikskóla.

Möguleika á að fá heimilislæknir.

**Hávella (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 40 ára, kona)** Matvöruverslun, bakarí, fisk/kjötbúð, íþróttaaðstöðu, ýmsa þjónustu líkt og hársnyrting og fleira í þeim dúr, heilsugæslu, bókasafn og þjónustumiðstöð.

**Kría (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 50 ára, karl)** Það þarf að vera eitthvert opið svæði eða amk torg þar sem nokkuð margir geta komið saman. Tel að sundlaug og bókasafn í nærumhverfi sem og kaffihús sé mjög mikilvægt eða þá einhverskonar menningarmiðstöð. Tel alls ekki þörf á stórmarkaði eða stórum verslunum en elska að hafa hverfisbúð þó hún sé dýrari. Einnig þarf að vera stutt í skóla og umferðaröryggi til staðar.

**Smyrill (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 31 árs, karl)** Sund, bókasöfn, kaffihúð, matvöruverzlunir, einhverakonar afþreying, salerni..

**Fálki (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 77 ára, kona)** Ef bekkir eru hluti af þjónustu, eru þeir allir í sömu sethæð. Fólk er misstórt og Íslendingar frekar hávaxnir og við þessi hávöxnu, myndum vilja misháa bekkir. Flestir eru 40 cm sethæð frá jörðu og mættu líka vera 50-60 cm háir. Á meðan ég gekk á hækjunum um Dalinn og annars staðar, gat ég ekki hvílt mig á bekkjunum, nema sitja á örmunum og það er ekki þægilegt. Fjölga hjólagrindum, til að læsa hjólunum við. Setja upp sjálfssala með endurskinsmerkjum, borðum á veturna. Já og fjölga snyrtingum fyrir fólk í hjólastólum og ekki of bratta skábraut að þeim.



**Rauðhöfðaönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 35 ára, kona)** sundlaug, skóli, leikskóli, matvöruverslun, staður til að njóta öruggrar útiveru. aðstaða fyrir íþróttaiðkun fyrir fólk sem hentar íslensku veðurfari.

**Gulönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 48 ára, karl)** Vatn, skólp, hita, rafmagn, götur, lögreglu, atvinnu, menntun fyrir börn, heilbrigðisþjónustu. annað sem borgarfulltrúar Reykjavíkur er mest uppteknir af.

**Heiðlóa (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 48 ára, karl)** Hverfisverslun. Skóla og leikskóla. Heilsugæslu. Apótek. Kaffihús. Almenningsgarð. Góðar samgöngur. Bókasöfn.

**Glókollur (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 63 ára, karl)** Miklu betri heilbrigðisþjónustu

**Urtönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 69 ára, kona)** stutt í verslanir og aðra þjónustu, góða skóla, göngu og hjólastíga, útivistasvæði, góðar almenningsamgöngur, heilsugæslu, veitingahús og samkomustaðir

**Snæugla (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 56 ára, kona)** Opin græn svæði sundlaug og félagsmiðstöð

**Haförn (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 42 ára, kona)** Skóla:leik og grunnskóla. Heilsugæslu, bókasafn, sundlaug og íþróttahús. Sakar ekki að það sé veitingarstaða tengd einhverju þessa

**Gráspör (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 43 ára, karl)** Sundlaug, matvörubúð (í ódýrari kantinum), kaffihús/bar/veitingastaður, bókasafn, úrval takeaway-staða, leikvöllur, sparkvöllur, leikskóli, grunnskóli, heilsugæsla, vínbúð

**Hrafn (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 33 ára, kona)** Matarverslun, leik- og grunnskóli, leiksvæði, heilsugæsla, sundlaug, bókasafn, bíó, ísbúð, bakarí



**Húsönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 33 ára, karl)** Leikskóla sem eru ekki yfirfullir eða myglaðir. Sama með grunnskóla. Góða göngu og hjólastíga. Hverfisbúð með helstu nauðsynjum.

**Sjósvala (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 42 ára, kona)** Grunnskóla og leikskóla í göngufæri

Bókasafn

Félagsaðstaða fyrir eldri borgara

Félagsmiðstöðvar

Verslanir (helstu nauðsynjar)

Útivistarsvæði og leiksvæði

Sundlaug

Ruslatunnur sem eru tæmdar

Göngustíga sem eru mokaðir, sópaðir

**Fjöruspói (ein(n) á heimili, póstnúmer: 104, 51 árs, kona)** Heilsugæsla, skóli, félagsheimili. Eitthvað fyrir alla í hverfinu. Hvert geta ný aðfluttir útlendingar leitað í hverfinu sínu. Þjónustu miðstöð ætti líka að vera algjör nauðsyn, en borgin er búin að vera skera niður þjónustu til borgarbúa núna í nokkur ár og er því tildæmis engin þjónustumiðstöð í mínu hverfi tæknilega séð.

**Stelkur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 108, 79 ára, karl)** <Hverfismistöð til að hittast

**Sendlingur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 104, 40 ára, karl)**

Heilsugæsla, sundlaug, bókasafn

**Tjaldur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 58 ára, kona)** Það mættu vera fleiri veitingastaðir, barir og kaffihús inni í hverfunum. Til þess að það gangi rekstrarlega þyrftu íbúar að nýta sér þjónustu þeirra. Svo eru það önnur þjónustufyrirtæki og góðar almenningsgöngur. Útivistarsvæði og gjarnan sundlaug eða heitra og kaldrapotta aðstaða sem kostar litið að nýta sér.

**Skúmur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 108, 27 ára, kona)** Litla kjörbúð, kaffihús, bakarí, opin svæði og góða upplýsta göngustíga



**Lundi (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 49 ára, karl)** Mér finnst margt gott í því hverfi sem ég bý í. Annars hefði ég ekki keypt þar íbúð. Það sem má bæta er sundlaug/heilsurækt og bókasafn/menningarmiðstöð

**Sandlóa (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 41 árs, karl)** Heilsugæslu, leik- og grunnskóla, íþróttamannvirki, menningarmiðstöð og strætóstop pistöð.

**Himbrimi (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 42 ára, kona)** Gleymdi strætónum, já - strætóstop pistöðvarnar eru mjög mikilvægar, já.

**Gráþröstur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 32 ára, kona)** Sundlaugar, oflugt ithrottastarf, skolestarf, leikskolar, fristund, borgarbokasafn, graen svaedi með leiksvaedi, hreystitaekjum, bekkjum oth. Allt til ad hvetja utivistar, hreyfingar og samblondunar folks.

**Himbrimi (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 42 ára, kona)** Litla matvörubúð sem selur helstu nauðsynjar - mjög mikilvægt svo ekki sé verið að skutlast endalaust út um allt og ná í mjólk og kaffi og brauð.

Leikvelli og græn svæði til að koma saman og hreyfa sig.

Bakarí.

Kaffihús / matstofu þar sem hægt er að koma saman í hverfinu og fá sér kaffibolla á morgnana, borða í hádeginu og fá sér einn bjór um kvöld (ekki djammstaður).

Leikskóla, skóla og íþróttæfingar í göngufæri og þannig að börn þurfi ekki að fara yfir stórar umferðargötur til að komast þangað.

**Jaðrakan (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 45 ára, kona)** Verslun og þjónusta. gott að geta nálgast allt það helsta (matvörur, líkamsrækt oþh) í göngufæri. Góðar gönguleiðir með gróðri og fallegu umhverfi.

**Brandugla (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 66 ára, kona)** Nauðsynjaverslanir, heilsugæslu, leikskóla, grunnskóla, öruggar reiðhjólageymslur, bílastæði, löggæslu, nágrannavörslu, almenningsgarða, bekkir sem víðast, róluvelli/skemmtigarða, veitingahús og jafnvel hverfisbar.

**Spói (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 66 ára, karl)** Nálægð við verslun og aðra þjónustu - að þurfa ekki að þvælast um alla borg fyrir venjulegar nauðsynjar.



*Sandlóa (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 41 árs, karl)* Hallelúja... mikið er ég sammála.

## FJÖLSKYLDUR

Hvers konar þjónustu eða aðstöðu finnst þér almennt vanta fyrir **fjölskyldur** í Reykjavík?

*Þórshani (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 21 árs, kona)* Mætti t.d. laga utisvæðin aðeins t.d. bæta lýsinguna.

*Flórigoði (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 38 ára, kona)* Fleiri leikskólapláss. Fleiri leikvelli. Taka skólastarf í gegn og nútímavæða það.

*Eyrugla (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 76 ára, kona)* Skemmtilegri útileiksvæði fyrir allan aldur

*Stökkönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 24 ára, kona)* Mér finnst almennt vanta meiri hringrásarþjónustu á bókasöfnum. Að það sé hægt að fá fleira lánað en bara bækur, td saumavél, kökuform, borvél og þannig.

*Rauðbrystingur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 40 ára, kona)* Ég veit það ekki, er komin með svo stór börn. Vantar eitthvað?

*Óðinshani (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 78 ára, kona)* Erum ekki þar erum eldri borgarar og vitum svo sem ekki hvað fólk með börn þarf.

*Kría (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 50 ára, karl)* Finnst vanta stað þar sem kynslóðir hafa áhuga á að koma saman og jafnvel þar sem markvisst er unnið með tengingu þeirra á milli. Það er ekki nóg að hafa opið svæði þar sem fólk sest eða stendur hjá "sínu fólki" heldur væri mikilvægt að hafa fjölbreytni t.d. stað þar sem ungir gætu lært af þeim eldri t.d. handverk osfrv og eldri gætu lært t.d. tölvu- og símanotkun hjá þeim yngri osfrv.

*Smyrill (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 31 árs, karl)* Það vantar meiri afþreyingu. Það er ekki endalaust hægr að benda á húsdýra- og fjölskyldugarðinn því hann er sannarlega búinn að hnigna á síðustu árum, gjörsamlega að hruni kominn. Almennt er ekki gert ráð fyrir börnum og því grálega lítið fyrir þau að gera. Almennt rými, úti sem og inni, væru góð. Hvar eru almenningssalernin??



**Hávella (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 40 ára, kona)** leikvelli sem börn á mismunandi aldri geta leikið sér á. Leikskólapláss frá fæðingarorlofi, betra aðgengi fyrir batnavagna, minni umferð við skóla, að frístundaheimili séu við skólanac

**Fálki (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 77 ára, kona)** Veit það ekki.

**Rauðhöfðaönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 35 ára, kona)** ódýri afþreyingu, allt orðið frekar dýrt. eins og sund, íþróttir orðnar mjög dýrar, bara ríkir geta farið á skíði með fjölskyldunni sinni.

**Gulönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 48 ára, karl)** Skóla sem ekki eru myglaðir, pláss á götunum fyrir fjölskyldur að fara þangað sem þau þurfa eða vilja, ...

**Heiðlóa (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 48 ára, karl)** Leiksvæðið - bæði inni og úti.

Menningarhús.

Fjölskylduvæn kaffihús.

**Glókollur (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 63 ára, karl)** Aðstöðu fyrir börn og fullorðna til að hittast í smá útilegustemmingu og hafa það gjaldfrjálst

**Straumönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 36 ára, kona)** Gjaldfrjálsa aðstöðu innandyra þar sem allir geta fundið sér eitthvað við hæfi.

**Snæugla (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 56 ára, kona)** Félagsmiðstöð

**Haförn (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 42 ára, kona)** Fjölskylduklefa í sundlaugum. Leikskólapláss og félög eins og Ármann og Þrótt vantar íþróttahús sem skila sér í aðstöðu fyrir fjölskyldur

**Gráspör (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 43 ára, karl)** Ekkert sérstakt, hér er allt til alls þó að sumt þurfi að sækja út fyrir hverfið

**Húsönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 33 ára, karl)** Leikskólapláss vestan Elliðaár



**Sjósvala (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 42 ára, kona)** Að skólahúsnæði sé hægt að samnýta með öðrum tómstundum og að tómstundir séu fléttaðar inn í skóladaginn og séu allar í hverfinu. Minnka þannig þetta eilífa skutl og að tómstundir séu að byrja eftir að skóla og vinnudegi ljúki.

Hafa sundlaugar öllum hverfum

**Urtönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 69 ára, kona)** Opín svæði torg með fleiri bekkjum fyrir þau eldri og leiksvæði fyrir börnin. Einnig að íþrótt- og tómstundahús þar sem allar kynslóðir finnast eftirsóknarvert að heimsækja /stunda

**Fjöruspói (ein(n) á heimili, póstnúmer: 104, 51 árs, kona)** Væri til að sjá meiri aðstoð til þeirra barna sem lifa við fátækt. Skömm að því hvernig Borgin lokar augunum fyrir þessum börnum. Væri til að sjá að það sama sé í boði fyrir ÖLL börn, ekki bara þessi útvöldu sem eyga ekki við fátækt að stríða. Ekki allir geta farið í Húsdýragarðinn sem dæmi. Eða æft íþróttir. Væri til að sjá Íþróttafélög taka meiri ábyrgð á þessu.

**Himbrimi (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 42 ára, kona)** Mjög góður punktur með íþróttafélögin. Borgin gæti kannski samræmt þetta einhvern veginn hjá þeim þannig að það sé auðvelt og aðgengilegt fyrir efnaminni fjölskyldur að sækja um niðurfellingu gjalda / styrk til að taka þátt í mótum osfrv. Sem sé til viðbótar við frístundakortið og styrkinn frá félagsmálaráðuneytinu, sem dugar ekki öllum.

**Stelkur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 108, 79 ára, karl)** Bókasafn í líkingu við nýja borgarbókasafnið í Osló

**Tjaldur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 58 ára, kona)** Aðstöðu þar sem fjölskyldur geta verið úti í skjóli, hitt aðra og notið veitinga (eigin eða aðkeyptrá) án þess að það kosti annan handlegginn

**Skúmur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 108, 27 ára, kona)** Dettur ekkert sérstakt í hug

**Lundi (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 49 ára, karl)** Myglulausa skóla! Eins mætti klárlega fjölga leikskólaplássum.

**Sandlóa (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 41 árs, karl)** Virðingu fyrir grænum svæðum og meiri uppbyggingu á þeim. Slappa af í þéttingu byggðar því fólk þarf pláss. Setja umferðarmannvirki hraðar neðanjarðar og fjölga hjóla- og göngustígum þar sem öryggi er meira.





**Gráþróstur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 32 ára, kona)** Fleiri leikvelli í naerumhverfi sem ekki eru tengdir leikskolum borgarinnar.

**Himbrimi (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 42 ára, kona)**  
Leikskólapláss fyrir yngstu börnin, klárlega.

Fleiri græn svæði og leiksvæði - þau eru orðin mjög mörg nú þegar en þarna má enn bæta í.

Fleiri hjólastíga - nýtast börnum og fjölskyldum mjög vel.

**Jaðrakan (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 45 ára, kona)** Ekkert sem mér dettur í hug enda ekki með lítil börn.

**Brandugla (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 66 ára, kona)** Aðgengileg og bjóðandi svæði með fjölbreyttum möguleikum til afþreyingar í skjólgóðu náttúru-umhverfi

**Spói (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 66 ára, karl)** Frábærar lmenningssamgöngur. Fyrir utan þær er hér flest líkt því sem gerist í nágrannalöndum.

## ÞJÓNUSTA OG UPPLÝSINGAR

Hvers konar þjónustu eða upplýsingar um þjónustu borgarinnar myndir þú vilja geta nálgast í þínu hverfi?

**Þórshani (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 21 árs, kona)** Dettur ekkert í hug

**Flórigoði (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 38 ára, kona)** Hverfismiðstöð sem gæfi upplýsingar um allt sem væri í hverfinu. Ekki bara opinber mál heldur líka hvaða viðburðir séu í gangi þessa dagana og hvar og þess háttar.

**Rauðbrystingur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 40 ára, kona)**  
Sammála.

**Flórigoði (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 38 ára, kona)** Já það væri svo næs ef það væri svona miðlægur gangagrunnur fyrir fjölskylduvæn event ;) ;)

**Eyrugla (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 76 ára, kona)** Hef góðan aðgang að þjónustu



**Stökkönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 24 ára, kona)** Hringrásarsafn, eins og bókasafn en með fleiru en bókum til útleigu. Matjurtagarða/ræktunarreit í góðu göngufæri. Lágvöruverðsverslun.

**Rauðbrystingur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 40 ára, kona)** Éger ekki viss.

**Óðinshani (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 78 ára, kona)** Allar upplýsingar, er nýflutt í annað hverfi og hef þurft að þreyfa mig áfram með hvað er í boði í þessu hverfi. Gott væri þegar þjóðskrá berst flutningstillkynning að þá berist manni póstur um hvað er í boði. Núna leitar maður á Face book eða Googlar.

**Kría (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 50 ára, karl)** Finnst mikilvægt að hafa heilsugæslu í nærumhverfi svo og leikskóla. Menningarmiðstöð/félagsmiðstöð fyrir allan aldur. Verslun með nauðsynjavörur en smáa. Annars er ég frekar sáttur við stöðuna í mínu hverfi.

**Smyrill (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 31 árs, karl)** Ég vil helst sjá almenningssalerni..

**Fálki (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 77 ára, kona)** Ég er með heimaþjónustu og annað þekki ég ekki.

**Rauðhöfðaönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 35 ára, kona)** veit ekki

**Hávella (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 40 ára, kona)** matvöru, kaffihús, apótek, bókasafn

**Gulönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 48 ára, karl)** Já, ég skil, kannski að í framtíðinni verði til einhver rafræn upplýsingaþjónusta, þar sem hver sem er getur sett fram upplýsingar, og hver sem er getur tengst heiman frá sér og fundið upplýsingar þegar hann eða hún vill.

Nú eða byggja hverfismiðstöð með fullt af opinberum starfsmönnum sem geta frætt fólk um eitthvað í gegnum get á gleri ef það kemur til að leita sér upplýsinga.

**Heiðlóa (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 48 ára, karl)** Íþróttasvæði. Menningarhús.



**Glókollur (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 63 ára, karl)** Myndi vilja geta nálgast lækisþjónustu án þess að þurfa að bíða eftir tíma í meira en tvo mánuði

**Straumönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 36 ára, kona)** Söltun, söndun, sópun og snjómokstur mættu vera oftar og betur auglýst.

**Snægla (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 56 ára, kona)** Einhverskonar kjarna þar sem fólk getur hittst bæði úti og inni og rætt málin haldið fundi og uppákomur

**Haförn (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 42 ára, kona)** Fínt að hafa upplýsingar aðgengilegar á netinu. Annars bara grunn þjónustu leikskólar, sund, bókasafn, heilsugæsla

**Gráspör (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 43 ára, karl)** Hlúa að hverfiskjörnum og skipuleggja markvisst svæði fyrir nærþjónustu. Vil ekki missa strætóleið sem gengur í miðbæinn

**Húsönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 33 ára, karl)** Leikskólapláss

**Sjósvala (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 42 ára, kona)** Sundlaug Betri sorpþjónustu á grenndarstöðvum - t.d taka við fleiri flokkum

**Urtönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 69 ára, kona)** Menningarviðburðir, hvar og hvenær. Heimilishjálp, aðstoð við viðhald

**Fjöruspói (ein(n) á heimili, póstnúmer: 104, 51 árs, kona)** Nr. 1 Hafa þjónustumiðstöð í hverfinu. Ekki lengst í burtu. Strætósamgöngur sömuleiðis ónýtar í mínu hverfi. Varð að hætta nota strætó eftir að ég flutti í hverfið.

**Stelkur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 108, 79 ára, karl)** Upplýsingaver í Hverfismiðstöð

**Tjaldur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 58 ára, kona)** Svæði þar sem hundar mega vera lausir. Betra grenndargámasvæði sem haldið væri snyrtilegu. Upplýsingar vil ég geta nálgast á netinu

**Skúmur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 108, 27 ára, kona)** Ég tel mig hafa aðgang að flestu sem eg þarf, stutt að ganga niður i laugardal, stutt i sund, bakarí, bókasafn, heilsugæslu, apotek, búð, leikskola og grunnskola. Dettur i raun ekkert i hug sem vantar



**Lundi (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 49 ára, karl)** Sundlaug með heilsurækt vantar í hverfið.

**Sandlóa (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 41 árs, karl)** Eina sem kemur upp í hugann er að setja mínútu teljara í strætóskýli sem segir hvenær næsti vagn kemur. Ekki setja alltaf allt í eitthvað app.

**Gráþröstur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 32 ára, kona)** Bokasafn, sundlaug, skola, leikskola, graen svaedi sem hvetja til utivistar, matvoruverslanir, kaffihus, apotek, heilsugaeslu, godar almenningsamgongur,

**Himbrimi (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 42 ára, kona)** Það væri frábært ef maður gæti séð í einu appi alla þjónustu í borginni, fyrir hvert hverfi. Hvar heilsugæslur eru, apótek, leikskólar á vegum borgarinnar, leiksvæði sem eru opin öllum, íþróttæfingar, hjólaleiðir, sundlaugar osfrv.

**Jaðrakan (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 45 ára, kona)** Hef ekki rekið mig á að neitt vanti.

**Brandugla (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 66 ára, kona)** Heilsugæslu, leikskóla, staðsetningu útivistarsvæða, upplýsingar um framkvæmdir, löggæslu, aðgengi að upplýsingum í stafrófsröð

**Spói (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 66 ára, karl)** Dettur ekkert í hug. Eru ekki upplýsingar um þjónustu orðnar rafrænar?

## ÞJÓNUSTA VIÐ SUNDLAUGAR

### ÞANKAHRÍÐ

Við ætlum að biðja þig að taka þátt í smá þankahríð með okkur.

Ímyndaðu þér að til stæði að setja upp samkomustað/samfélagsrými við eða í sundlaugamannvirki í þínu hverfi, hvers konar aðstöðu eða þjónustu sæir þú fyrir þér að gæti verið sniðugt að bjóða upp á í slíku rými og gæti stuðlað að því að fólk kæmi oftár í sundlaugar og/eða dvelji þar lengur?

**Við hvetjum þig til að hugsa út fyrir kassann hér.**



**Flórgoði (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 38 ára, kona)** Lítið kaffihús þar sem hægt væri að stoppa og slaka á eftir sundlaugarferðina. Hægt að kaupa eitthvað ódýrt að borða og drekka. Aðgengi fyrir fatlaða og veikt fólk sem og barnafjölskyldur. Gæti verið lesefni og jafnvel lítið sjónvarp með barnaefni fyrir börnin á meðan fullorðna fólkið slakar á. Mætti líka búa til einhvers konar leiksvæði á sundlaugabakkanum sem ungir sem aldnir gætu nýtt sér þegar hlýtt er í veðri.

**Eyrgla (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 76 ára, kona)** Mætti hafa kaffihús, aðstöðu fyrir litla tónleika, taflborði, góðan skyndibitastað

**Stökkönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 24 ára, kona)** Ef það væri hægt að kaupa íspinna til að taka með ofan í eða veitingasala innan sundlaugaveggja með einföldum og fljótborðuðum mat (samlokur, smootie,...) eða næs kaffihús með mat fyrir utan. Gufubað/sauna, kaldur pottur, fjölbreytt afþreying fyrir þau yngstu.

**Hrafn (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 33 ára, kona)** Veitingar ofan í lauginni hljómar vel. Hugsa að það geti verið eins og í Bláa lóninu

**Sendlingur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 104, 40 ára, karl)** Veitingar ofan í lauginni hljómar alveg hræðilega m.t.t. hreinlætis

**Stökkönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 24 ára, kona)** Fór í laug í Búdapest þar sem þú gast farið upp úr, keypt þér samloku og drykk og farið svo aftur ofan í, allt inni á sundlaugarsvæðinu. Er ekki að tala um veitingar ofan í laug, nema kannski frostpinna eða krap eins og er einmitt í Sky lagoon og Bláa lóninu :)

**Rauðbrystingur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 40 ára, kona)** opna jógatíma, fyrirlestra og námskeið, fataskiptimarkaði, blómaskiptimarkaði, veitingasölu, litla tónleika,

**Óðinshani (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 78 ára, kona)** Ef nóg rými væri er hægt að bjóða upp á alls konar námskeið tengt heilsu . Kaffi eða veitingahús í tengslum við bókasafn . Leiksvæði fyrir börn . Sundlaugarbíó , sundlaugardiskó, sérstök kvöld fyrir unglinga þar sem þau sæu sjálf um dagskrá. Eldri borgara samverustundir í heitu pottunum þar sem rithöfundar læsu úr bókum sínum. Tónlistarfólk kynnti nýjustu lögin sín. Myndlistarsýningar . Karóíkí kvöld eða laugardagseftirmiðdag. Allt til að fólk kunni að meta áfengislausar skemmtanir.



**Kría (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 50 ára, karl)** Finnst að það mætti tengja rafíþróttir við sundlaugarnar til að tryggja hreyfingu þeirra sem vilja sitja við tölvurnar. Veitingaþjónusta við laugarnar (í skjóli eða afmarkað þannig að veður trúfli ekki). Myndlistarsýningar eða aðra list mætti tengja við. Sé einnig fyrir mér viðburði s.s. stutt leikrit, upplestur, tónleika ofl.

**Smyrill (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 31 árs, karl)** Sundlaugarveitingahús sem geggjaðri leikaðstöðu fyrir krakka OG fullorðna. PÝTHOKKÍBORÐ og setustofur. Kaffihús og mætvæli í boði því það er svo geggjað beint eftir sunnið. Mig hungtar amk eftir hreyfinguna og heitupottana. Sundbío??  
SVEPPURINN FER Í GANG Í ÖLLUM BETRI SUNDLAUGUM

**Hrafn (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 33 ára, kona)** Sundbío er frábær hugmynd. Sundhöllin tekur þátt í kvikyndahátíðini RIFF við miklar vinsældir. Mætti vera meira af því. Ég hefði ekkert á móti því að fljóta í kósýheitum og horfa á góða skemmtun

**Fálki (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 77 ára, kona)** Segjum að þetta sé í anddyri Sundlaugarinnar. Vera með bingó og vinningar séu t.d. frá einum til ? tímar í laugina eða sána o.s.frv. Mörgum finnst gaman i bingó. Hafa ball í lauginni og listdans að hætti hvers og eins.

**Rauðhöfðaönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 35 ára, kona)** ef ég hugsa til dæmis til laugardalslaugar - hafa ódýrara í sund, kaffihúsaástaða sem er hlýleg og notaleg (rosalega stofnanalegt þarna núna), hafa minigolfgarð fyrir utan til dæmis og kannski svona fótabað fyrir utan eins og er innst í Laugardalnum hjá fjölskyldugarðinum. svo væri hægt að hafa hárgreiðslustofu/snyrtistofu/nuddstofu/kírópraktor (ekki Laugar spa) og stað fyrir fólk til að taka smá göngutúra inni þegar veður er vont. jafnvel listasafn eða bókasafn

**Hávella (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 40 ára, kona)** fundaaðstöðu fyrir almenning og félagssamtök, bókasafn, kaffihús,

**Gulönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 48 ára, karl)** Góða aðstöðu fyrir veitingaþjónustu

**Glókollur (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 63 ára, karl)** Ég sé einfaldlega ekki fyrir mér að neitt slíkt yrði gjaldfrjálst og því ekki gert ráð fyrir þáttöku öryrkja í slíku



***Straumönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 36 ára, kona)*** Það mætti sameina sundlaugina við bókasafnið/menningarmiðstöðina í hverfinu og þannig gætu gestir slegið tvær flugur í einu höggi og dvalið lengur í byggingunni. Svoleiðis var einmitt að opna í Úlfarsárdal fyrir skömmu.

***Snæugla (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 56 ára, kona)*** Það mætti vera aðstaða til að borða nesti og vera með afmæli og eins kaffihús og fundar aðstaða

***Haförn (fullorðin(n))/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 42 ára, kona)*** Kaffi og veitingasölu. Aðstöðu til að koma með nesti. Leiksvæði fyrir yngri börn. Bókasafn. Aðstaða fyrir menningarviðburði

***Hrafn (fullorðin(n))/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 33 ára, kona)*** Kaffhúsarými eða matsölurými. Allir vita að allir koma svangir upp úr sundi :P Einhvers konar safn eða þess konar sem gaman væri að skoða með börnunum. T.d. þegar beðið er eftir hinum að koma út úr búningaklefunum.

***Gráspör (fullorðin(n))/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 43 ára, karl)*** Drykki í sundlaugina (ekki endilega áfengi), bjóða út veitingasölu í húsakynnum sundlaugarinnar, torg fyrir framan með menningarviðburðum

***Húsönd (fullorðin(n))/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 33 ára, karl)*** Kaffihús eða veitingastað með léttum veitingum. Ísbúð. Leiktæki/kastala.

***Þórshani (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 21 árs, kona)*** T.d. gæti ég ímyndað mér að sumir myndu koma oftar ef það væru einka sturtuklefar, sumum finnst óþægilegt að vera í sturtu í kringum aðra.

***Urtönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 69 ára, kona)*** kaffihús, smiðjur t.d. prjóna, sauma og önnur handavinna. Leshringir

***Sjósvala (fullorðin(n))/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 42 ára, kona)***

Veitingaþjónusta af einhverju tagi

Samkomusalur sem er fjölnota rými - hægt að nota í fundi, jóga, bingo, tónleika

Hljóðkerfi

tengja við bókasafn t.d eða hafa spil

staður sem hjálpar til við deiliahagkerfið - hægt að leigja eða fá lánað



**Fjöruspói (ein(n) á heimili, póstnúmer: 104, 51 árs, kona)** Kaffi og kleinur frítt. Vera með fyrirlestra frítt í rýminu hægt að fá allskonar flott fólk. Allir hafa spennandi sögu. Finst að sama hvað verður fyrir valinu þá megi það ekki kosta. Ég hef rekið mig á það að allt kostar peninga það er engin að spá í neinu nema græðgi.

**Stelkur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 108, 79 ára, karl)** Notalegan veitingastað. Bókasafn, Minigolf, Keilubrautir.

**Sendlingur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 104, 40 ára, karl)** Kaffihús, lyftingasalur, Listagallerí, bókasafn, bakarí, sundbío

**Tjaldur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 58 ára, kona)** Fyrir utan það sem ég hef þegar nefnt dettur mér í hug: skammtíma barnagæsla, aðstaða/skápar til að geyma nesti og aðstaða til að borða nesti, sólbekkir og sólhlífar, fótisnyrting, lifandi tónlist

**Skúmur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 108, 27 ára, kona)** Fræðslusetur, fyrirlestra, allskonar námskeið og aðra iðju, rými fyrir hopa til a hittast t.d. Til að halda bókaklúbb eða annað slíkt.

**Heiðlóa (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 48 ára, karl)** Boozt-barir. Skákaðstaða.

Upplestur.

Flot og samflot.

**Lundi (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 49 ára, karl)** Fossvogurinn yrði kjörinn sem slík staðsetning. Mér líst ágætlega á þær hugmyndir sem hafa komið fram. Sundlaug þar sem sem fólk gengi/hjólaði á staðinn. Ég vona innilega að þar verði líka heilsurækt og veitingaaðstaða.

**Sandlóa (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 41 árs, karl)** Sundlaugargarð með rennibrautum og læk sem hægt er að láta sig fljóta hring eftir hring. Leiksvæði, veitingarstað eða íþróttarsvæði sem tengir umhverfið í kring. Ekki loka sundlaugarsvæðið af með girðingu. Eins og í sundlauginni á Akureyri, þar var svæði sem var hannað af börnum sett á lóð laugarinnar og þar er hægt að ganga inn án þess að borga sig inn. Þ.e.a.s. það er hægt að fara inná sundlaugarsvæðið án þess að borga sig inn. Þannig nýta fleiri gestir svæðið því það vilja margir nýta sé garðinn án þess að fara í sund og afhverju að borga fyrir það? Þannig er hægt að hafa enn fjölbreyttari þjónustu í garðinum, veitingastaði, menningu, tónleika og flr. og flr.

**Himbrimi (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 42 ára, kona)** Kaffihús með góðu kaffi og alls kyns veitingum (sem kosta ekki hálfan handlegg).





Matarvagn á sumrin fyrir framan sundlaugina.

Leikhorn fyrir börnin.

Bókabíl sem stæði fyrir framan sundlaugina - myndi klárlega draga að barnafjölskyldur.

**Gráþröstur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 32 ára, kona)** Kaffihús - veitingasala (hugsa kaffihúsið í grasagardinum eða við farfuglaheimilið í laugardalnum) þar sem hægt er að fá kaffibolla, samloku, bakkelsi oth og sitja við þar inni ef vedrid er ekki gott. Þar fyrir utan er hægt að setjast á bekki með nesti á gronu af lokudu svaedi, með 2-3 leiktaekjum (nestissvaedid fjolskyldugardinum) og hafa thetta allt í hringamidju husnaedis sem tengist sundlauginni / jafnvel ofan á husnaedinu sjalfu (Terrace)









**Jaðrakan (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 45 ára, kona)** Eins og ég sagði áður þá væri ég til í að geta farið í sund og verið þar allan daginn. Og vera þá með aðstöðu til að borða. Getu farið í slopp og sest á "kaffihús", borðað, kíkt í símann, spjallað við vini, lesið. Bara vera og njóta.

**Brandugla (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 66 ára, kona)** STÓRT svæði með sundlaug, pottum, sauna, gufubaði, nuddi, húðmeðferð, æfingum undir handleiðslu, faglega ráðgjöf um hreyfingu og mataræði ( stýrðir æfingatímar og hvers kyns ráðgjöf mætti veita á stórum skjám).STÓRT tún með allskyns lautum, miklum trjágróðri til skjóls og skiptinga á svæðum. Fullt af möguleikum til leikja fyrir fjölskyldur og aðra hópa. Hægt að fela börn í umsjá frístundaleiðtoga þar sem þau geta málað myndir og gert ótal aðra hluti undir handleiðslunni. Þetta gæti jafnvel verið í auglýs foreldranna þar sem börnin væru í stóru glerhýsi(kannski á fleiri hæðum) og foreldrar sitja á lengdar og njóta sín "barnlaus". Sundlaugin gæti verið að hluta inni, hluta úti. Í boði væri fjölbreytt úrval veitinga, þægileg sæti og sólbekkir, bekkir til að tylla sér úti um allt. Sýna mætti mikilvæga íþróttaleiki á skjám. Möguleikar á afþreyingu eru óendanlegi; krikket, mimi-golf, boltaleikir, hestaleiga, bíosalur, svið fyrir tíðar uppákomur....

**Spói (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 66 ára, karl)** Bakarí eru vinsælir staðir t.d. fyrir eldri borgara að hittast á morgnana og fyrir fjölskyldur um helgar. Afhverju ekki hafa bakarí samtengt sundlaugum?



**ÞJÓNUSTA OG AÐSTAÐA: FJÖLSKYLDUR OG BÖRN**

En hvers konar þjónustu eða aðstöðu særi þú fyrir þér fyrir **fjölskyldur og börn**?

*Flórigoði (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 38 ára, kona)* Barnvænt kaffihús. Og leiksvæði á sundlaugabakkanum

*Eyrugla (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 76 ára, kona)* Fjölskyldur og börn geta notið kaffihúss, tónleika, skyndibita og mætti bæra við brúðuleikhúsi þar sem börnin geta tekið þátt, ratleikur á svæðinu

*Stökkönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 24 ára, kona)* Ég veit ekki, er sjálf ekki með barn svo það er erfitt að segja. Kannski bara næs buslaug?

*Rauðbrystingur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 40 ára, kona)* Holla veitingasölu, leiksvæði, námskeið fyrir yngri börnin, allt frá myndlistar, tónlistar- og leikjanámskeið. Rithöfundar lesa upp úr bókum.

*Óðinshani (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 78 ára, kona)* Svaraði því síðast.

*Kría (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 50 ára, karl)* Innlaugar fyrir ungbarnasund, stærri leiksvæði og fleiri leiktæki fyrir börn, einnig þurfa unglingar meira rými, þeir myndu t.d. vilja hafa einföld þrektæki eins og slá fyrir upphíftingar og dýfur, pláss til að gera planka, armbeygjur of. Teldi æskilegt að geta aðeins svæðaskipt þannig að t.d. eldra fólk sem vill frið og ró kvarti ekki undan ærslum krakkanna. Mætti líka huga að íhugunarherbergjum eða einhverskonar plássi þar sem hægt væri að ná algerrri slökun.

*Smyrill (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 31 árs, karl)* Athafnarými fyrir hvað sem er, aðstaða til andrýmis, smá hlé frá umhverfislátunum. Sérstök veitingahús

*Fálki (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 77 ára, kona)* Ég bara veit það ekki. Börnin mín eru orðin fullorðin og börnin þeirra líka, þannig að ég veit það ekki.

*Rauðhöfðaönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 35 ára, kona)* sama svar og áðan

*Hávella (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 40 ára, kona)* fjölskylduvænn veitingastaður, leiksvæði, bókasafn



**Gulönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 48 ára, karl)** Góða aðstöðu fyrir veitingaþjónustu

**Glókollur (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 63 ára, karl)** Vantar staði með leiktæki og veitingar á viðráðanlegu verði

**Straumönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 36 ára, kona)** Ókeypis í sund fyrir borgarbúa og fjölskylduvæna búingsklefa.

**Haförn (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 42 ára, kona)** Sambærilega. Svæði þar sem hægt er að líta af yngri börnum meðan drukkin er kaffibolli

**Snægla (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 56 ára, kona)** Eitthvað skapandi þar sem börn hafa úr einhverju að móða ekki bara tilbúið uppsett heldur hræfni sem maður brasar við

**Hrafn (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 33 ára, kona)** Einhverja skemmtun fyrir börn. Leiktæki eða eitthvað skemmtilegt að skoða/horfa

**Gráspör (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 43 ára, karl)** Innileiksvæði, samkomurými þar sem listamenn sem höfða til barna gætu troðið upp

**Húsönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 33 ára, karl)** Innileikvöll - sjaldan spennandi að koma upp úr sundi og fara út að leika. Svæði eins og t.d. það sem er í Kringlunni á fyrstu hæð.

**Þórshani (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 21 árs, kona)** T.d. leiksvæði sem krakkar gætu leikið sér á. Einhverskonar kaffihús sem fjölskyldur gætu sitið saman á eftir sund til að næra sig. Góð ísbúð líka væri sniðugt

**Urtönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 69 ára, kona)** Fjölskylduvænt og ódýrt mótuneyti í stað þess að þurfa að versla inn og elda kvöldmat eftir erfiðan dag

**Sjósvala (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 42 ára, kona)** Veitingaþjónusta fræðsla



**Fjöruspói (ein(n) á heimili, póstnúmer: 104, 51 árs, kona)** Það væri hægt að plana leikstefnumót og börn hafi aðgengi að leikrými.

Algjör vöntun á aðstöðu þar sem hægt væri að halda afmælisveislu. Vöntun að geta haldið afmæli fyrir börn.

**Stelkur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 108, 79 ára, karl)** Var eiginlega að svara þess en til viðbótar frítt í strætó fyrir börn á skyldunámsaldri

**Sendlingur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 104, 40 ára, karl)** Kaffihús, bókasafn, bakarí, sundbío

**Tjaldur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 58 ára, kona)** Ég held ég hafi nefnt allt sem mér dettur í hug

**Skúmur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 108, 27 ára, kona)** Kannski einhver leiktæki eða aðstöðu fyrir fjölskyldur að hittast

**Heiðlóa (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 48 ára, karl)** Leikfangahorn. Hollan mat. Upplestur úr bókum.

**Lundi (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 49 ára, karl)** Sundlaug fellur innan þess ramma. Annars má enn styrka leikvelli og græn svæði. Gæta að vetrarþjónustu salta/skafa/sanda göngustíga.

**Sandlóa (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 41 árs, karl)** Leiktæki, rennibrautir, STÓRAR vaðlaugar og númer eitt tvö og þrjú... Fáíð börnin að borðinu, látið þau hanna svæðið sitt, hlustið á raddir barna því það eru þau sem eiga að nota svæðið.

**Himbrimi (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 42 ára, kona)** Sjá fyrra svar. Leikvöllur við sundlaugina er síðan enn meiri segull.

**Gráþröstur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 32 ára, kona)** Fjölskylduklefar, god skiptiastada i ollum klefum, leiktaeki og svaedi sem henta ollum aldurstigum, oflug oryggisgaesla, moguleiki a ad versla eitthvad ad borda (annad en pulsuvagn utivid i engu skjoli) a thokkalegu verdi med adstodu til ad sitja vid.



*Jaðrakan (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 45 ára, kona)* Ef ég væri með lítið barn myndi ég vilja geta komið með barnavagninn inn á svæðið. Einnig hafa nóg af leiktækjum og afþreyingu.

*Brandugla (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 66 ára, kona)* Glerhýsið fyrir börnin þar sem þau gleyma sér við hvers kyns iðju undir handleiðslu frístundaleiðtoga í augsýn foreldranna á meðan foreldrarnir njóta "barnleysisins" í góðra vina hópi

### ÞJÓNUSTA OG AÐSTAÐA: UNGLINGAR

En hvers konar þjónustu eða aðstöðu sæir þú fyrir þér fyrir **unglinga**?

*Flórgoði (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 38 ára, kona)* "leiktæki" í lauginni (eins konar þrautabraut). Rennibrautir

*Eyrugla (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 76 ára, kona)* Tími sérstaklega ætlaður þeim á kvöldin og e.t.v svæði þar sem þau geta hangið óáreitt

*Stokkönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 24 ára, kona)* Sniðugt. Kannski í samvinnu með félagsmiðstöðvum?

*Stokkönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 24 ára, kona)* Unglingavænn matur á kaffihúsinu. Ekki of dýrt.

*Eyrugla (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 76 ára, kona)* Góð hugmynd sem gaman væri að vinna með unglungum

*Rauðbrystingur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 40 ára, kona)* haha góð spurning. Mathöll með allskonar matarvögnum. Fataskiptimarkaði, tölvuleikja kennslu, dansnámskeið. Íverustað eins og félagsmiðstöð þar sem starfsmaður er á svæðinu og unglungarnir geta spjallað saman finni fyrir trausti og líður vel á.

*Óðinshani (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 78 ára, kona)* Búin að svara því. Þau myndu sjálf finna það sem hentar þeim ef þau væru höfð með í ráðum.

*Kría (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 50 ára, karl)* Held að það sé tækifæri til að hafa svæði/pláss þar sem þau geta fengið útrás fyrir orkuna án þess að þurfa að valda öðrum ama



með látum. Þau þurfa að geta tekið á því og eru ekkert öll til í að sitja bara kyrr í pottum. Þá mætti hugsa sér einhvern tíma t.d. á kvöldin sem eingöngu ákveðinn aldur mætti koma saman.

**Smyrill (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 31 árs, karl)** Félagsmiðstöðvar!!!!

**Fálki (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 77 ára, kona)** Þarna komstu „í geitarhús að leita ullar“. Ég veit ekkert um þarfir eða langanir unglunga í dag, því miður.

**Rauðhöfðaönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 35 ára, kona)** kannski unglingakvöld

**Hávella (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 40 ára, kona)** ungmennabúðir, haldnar væri námskeið sem ungmenningætu skráð sig á

**Gulönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 48 ára, karl)** Góða aðstöðu fyrir veitingaþjónustu

**Glókollur (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 63 ára, karl)** Félagsmiðstöðvar með reglelegum viðburðum, lifandi tónlist, leiksýningum ofl.

**Straumönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 36 ára, kona)** Sérstakt rými fyrir unglunga sem væri bannað yngri börnum myndi mögulega fá unglunga til að verja meiri tíma þarna.

**Haförn (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 42 ára, kona)** Íþróttaaðstöðu. Tónlistaskólar. Félagsmiðstöðvar. Aðstaða fyrir rafíþróttir

**Snæugla (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 56 ára, kona)** Unglingar þurfa staði til að hanga saman á þau eru svo mikið eim með samfélagsmiðlum

**Hrafn (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 33 ára, kona)** Kósý pottar sem gott er að hanga í

**Gráspör (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 43 ára, karl)** Aðstöðu til að hanga saman án þess að krefjast neins af þeim (eins og í sjoppunni í den)

**Húsönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 33 ára, karl)** Sófa eða bekki





**Pórshani (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 21 árs, kona)** Kaffihús væri sniðugt, ísbúð eða skyndibitastaður

**Urtönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 69 ára, kona)** Félags- og tómstundamiðstöð með áherslu á skapandi greinar. og líka staður sem hægt er að "hanga saman"

**Sjósvala (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 42 ára, kona)** Aðstaða fyrir viðburði sem unglingar hafa áhuga á að sækja, t.d tónleikar, uppistand

**Fjöruspói (ein(n) á heimili, póstnúmer: 104, 51 árs, kona)** Þekki ekki hvernig það er í hverfinu mínu. Börnin mín löngu búnir að vera unglingar og orðin fullorðin.

**Stelkur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 108, 79 ára, karl)** Sama

**Tjaldur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 58 ára, kona)** Ég held ég hafi nefnt allt sem mér dettur í hug

**Skúmur (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 108, 27 ára, kona)** Aftur rými til að hittast og vera með litla klúbba, spilakvöld, áhugamálsklúbbar eins og fyrir make-up, lestur, osfrv

**Heiðlóa (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 48 ára, karl)** Leiktæki sem krefjast snerpu og úthalds, góðar rennibrautir eins og á Akureyri. DJ-kvöld.

**Lundi (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 49 ára, karl)** Í mínu hverfi er félagsmiðstöð og verandi með unglinga á heimili skynja ég ekki betur en að ánægja sé með starfsfólkið og þá dagskrá sem í boði er. Hinsvegar er húsnæðið heldur betur komið til ára sinna.

**Sandlóa (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 41 árs, karl)** Heitan pott sem er hannaður eins og Diner, með fullt af setu svæðum þar sem vinir og hópar geta slappað af "chillað" og haft það næs. Annars segi ég eins og með leiksvæðin fyrir börnin. Fáíð unglingana að borðinu til að hanna sitt svæði, þau vita hvað þau vilja og það er mikilvægt að raddir þeirra heyrast í svona stórri ákvörðun.

**Himbrimi (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 42 ára, kona)** Held að unglingum þætti mörgum þægilegt að geta klætt sig í sundföt og sturtað sig í rými sem er ekki opið öllum, t.d. sturtuklefum sem hægt er að draga sturtuhengi fyrir.



**Grápröstur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 32 ára, kona)** Eithvad ad borda - hægt ad hanga med vinum eftir sund. Skemmtilegar rennibrautir sem heilla (td eins og hja sundlauginni Akureyri).

**Jaðrakan (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 45 ára, kona)** Þarf að vera aðstaða fyrir öll kyn til að skipta um föt. Aðstaða til að hlaða síma.

**Brandugla (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 66 ára, kona)** Sömu fjölbreyttu þjónustu, þ.e. í mat og drykk, tómsundum og margs kyns leikjum. Kannski jafnvel e-S konar leiktækjasal...? Einnig leið til að keppa í hvers kyns áhugamálum s.s. íþróttum og hvers kyns listum.

**Spói (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 66 ára, karl)** Keilusal, pílukastsal, pingpong osfrv partíkvöld í sundlaugunni, með ljósum og tónlist

#### ÞJÓNUSTA OG AÐSTAÐA: ELDRI BORGARAR

En hvers konar þjónustu eða aðstöðu myndir særi þú fyrir þér fyrir **eldri borgara**?

**Flórgoði (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 38 ára, kona)** Heitir pottar. Mikið af handriðum. Fría sundleikfimitíma. Passa að flísar alls staðar séu grófar og/eða stamar, til að minnka líkur á því að detta.

**Eyrugla (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 76 ára, kona)** Eldri borgara geta nýtt og notið alls þess sem í boði væri fyrir aðra aldurshópa

**Stökkönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 24 ára, kona)** Kaffihús. Stór heitur pottur.

**Rauðbrystingur (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 40 ára, kona)** Upplestur rithöfunda, kaffihús, handavinnuaðstoð og tækniástoð. Æ og bara það sama og fyrir alla aðra þjóðfélagshópa. Slökunarherbergi, með möntrutónlist, heitum bókstrum og tei.

**Óðinshani (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 108, 78 ára, kona)** Hverfið mitt er vel sett með félagsmiðstöðvar og afþreyingu fyrir íbúa í íbúðum eldri borgara og nágrenni. en það vantar fyrir millihópinng yngri eldri borgara sem búa heima og hentar ekki sú dagskrá sem þar er. Sundlaug , bókasafn , staður fyrir kaffispjall, spil , tafl og afþreying sem þau stjórna sjálf.



**Kría (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 50 ára, karl)** Held að tryggja verði að þau geti synt án truflunar á sínum hraða og rætt saman í pottunum án þess að finnast truflun af t.d. ungu fólki eða hávaði í tónlist. Held að víða mætti fjölga minni pottum þar sem fólk getur rætt saman í litlum hópum. Einnig þarf rými til slökunar þe. ekki bara gufubað eða slíkt heldur bara að geta setið/legið í ró.

**Smyrill (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 105, 31 árs, karl)** Alla sömu þjónustu og allir aðrir. Eldri borgarar eru ekki annarsflokka fólk, heldur ekki börb og unglingar. Bara eitthvað sérsniðið og peraónulegt þar sem þörfum allra er mætt.

**Fálki (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 77 ára, kona)** Bingó, Félagsvist og annað spil og er það bara ekki í félagsmiðstöðvum, sem boðið er upp á slíkt? Ég sækji ekki félagsmiðstöðvar og er eldri borgari. Hef nóg að dunda mér við heima og leiðist ekki. Þekki marga í húsinu, sem ég bý í og það nægir mér. Ef ég væri fim á fæti, myndi ég vilja halda ball í lauginni með eldri borgurum og unglingum saman. Það yrði nú fjör.

**Rauðhöfðaönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 18 ára, póstnúmer: 105, 35 ára, kona)** sérstaklega með tilliti til aðgengis en annars sama svar og áðan

**Hávella (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 40 ára, kona)** svipað líkt og er í félagsstarfi þeirra

**Gulönd (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 108, 48 ára, karl)** Góða aðstöðu fyrir veitingaþjónustu

**Glókollur (ein(n) á heimili, póstnúmer: 105, 63 ára, karl)** Samkomusali fyrir margskonar áhugamál eldri borgara, einnig dans ofl.

**Straumönd (tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn, póstnúmer: 104, 36 ára, kona)** Fjölbreytt dagskrá í menningarhúsum þar sem fleira væri í boði annað en harmónikkutónleikar.

**Haförn (fullorðin(n)/fullorðnir einungis með börn yngri en 12 ára, póstnúmer: 105, 42 ára, kona)** Góðar veitingar og hreyfihópat. Góð hljóðvist. Menningarviðburðir

